

Starfsskýrsla 2009



I MATVÆLASTOFNUN	4
1. Um Matvælastofnun	4
2. Rekstur og fjármál	6
3. Starfsmenn	7
4. Fræðslumál	8
II STJÓRNSÝSLA OG LÖGFRÆÐI	10
1. Löggjöf	10
2. Evrópumál	12
3. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörulögum	12
III ÁHÆTTUMAT OG GÆÐASTJÓRNUN	14
1. Um áhættumat og gæðastjórnun	14
2. Gæðamál	14
3. Eftirlit	16
IV SÚNUR	17
1. Um súnur og súnivalda	17
2. Salmonella	17
3. Kampýlóbakter	22
4. Lyfjanæmi	25
5. Faraldsfræði og rannsóknir	26
6. Uppruni og þróun súna og súnivalda	27
V MATVÆLAÖRYGGI OG NEYTENDAMÁL	29
1. Um matvælaöryggi og neytendamál	29
2. Áburður	30
3. Plöntur	32
4. Fóður	37
5. Fiskur og fiskafurðir	38
6. Grænmeti og ávextir	41
7. Kjöt og kjötafurðir	42
8. Mjólk og mjólkurafurðir	44
9. Vatn	45
10. Innflutningur	46
11. Útflutningur	49
12. Markaðseftirlit	51
13. Nefndarstörf	53
VI HEILBRIGÐI OG VELFERÐ DÝRA	54
1. Um heilbrigði og velferð dýra	54
2. Umdæmi	55
3. Smitsjúkdómar	67
4. Alifuglar	71
5. Fiskar	74
6. Hross	78
7. Loðdýr	81
8. Nautgripir	82
9. Sauðfé og geitur	83
10. Skelfiskur	84
11. Svín	87
12. Innflutningur	89
13. Útflutningur	90
14. Nefndarstörf	91
VII VIÐAUKI	93
1. Starfsmannalisti	93
2. Lagabreytingar	94
3. Niðurstöður kjötmats	96

Með lagabreytingum sem samþykktar voru á Alþingi í lok ársins 2009 hafa verið gerðar breytingar á lögum um matvælaöryggi, fóður og dýraheilbrigði. Með nýjum lögum mun starfsumhverfi Matvælastofnunar (MAST) taka verulegum breytingum og hefur Alþingi jafnframt staðfest og aukið við leiðandi hlutverk stofnunarinnar á sviði stjórnsýslu og eftirlits í framleiðsluferli matvæla. Í samræmi við þetta mun MAST á komandi árum fara með lykahlutverk vegna heilbrigðis dýra og plantna og á sviði neytendaverndar.

Stjórnvöld stefna einnig að því að leggja fyrir Alþingi tillögu um að MAST verði falið leiðandi hlutverk við framkvæmd laga um dýravelferð. Stofnunin fagnar þessu og telur ekkert að vanbúnaði við að takast á við ný og ögrandi verkefni.



Hagkvæmni og árangur af sameiningu nokkurra stofnana og verkefna í öflugri matvæla- og dýraheilbrigðisstofnun kom vel í ljós á árinu 2009 þegar MAST vann að skýrslugerð vegna aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu. Það sama átti við þegar íslensk matvælafyrirtæki vildu opna nýja markaði fyrir framleiðsluvörur sínar. Þá kom í ljós mikilvægi þess að hafa á einum stað góða heildarsýn yfir framleiðsluferlið, þ.e. allt frá heilbrigði og velferð dýra, gæða og öryggis fóðurs og öryggis fullbúinna matvæla.

Matvælaframleiðsla er með mikilvægustu atvinnugreinum landsins og matvælaöryggi byggist á hollustuháttum við framleiðslu og dreifingu. Matvælafyrirtækin eru ábyrg fyrir vörinni, en öflugt opinbert eftirlit á þátt í að skapa góða ímynd vegna heilbrigðis og hollustu og er forsenda þess að erlendir markaðir séu opnir fyrir íslenskar afurðir. Gæði og öryggi matvæla á eigin markaði er einnig ein af megin forsendum fyrir góðri lýðheilsu í landinu.

MAST hefur lagt áherslu á að byggja upp gæðakerfi sem nái yfir öll helstu verkefni stofnunarinnar. Á árinu 2009 var unnið að verklagsreglum, vinnulýsingum, eftirlitsleiðbeiningum og skráningarkerfum fyrir niðurstöður eftirlits og grunnupplýsingar sem nýtast við skipulag og úrvinnslu verkefna. Með nýrri löggjöf sem tekur gildi á árinu 2010 og að hluta til á árinu 2011, vegna búfjárafurða, aukast kröfur á MAST um skipulag eftirlits og skráningu og úrvinnslu eftirlitsgagna. Þá skal allt eftirlit byggt á áhættumati. Þetta eru forgangsverkefni á komandi árum ásamt því að fræða hagsmunaaðila um skyldur þeirra. MAST mun því í störfum sínum leggja áherslu á mikið og gott samstarf við hagsmunaaðila og samtök þeirra.

Á sínu fyrsta starfsári árið 2008 skilaði MAST tekjuafgangi og fjárhagslegur rekstur gekk ekki síður vel á árinu 2009. Hagræðing í rekstri hefur því skilað góðum árangri og má gera ráð fyrir að rekstur verði einnig í jafnvægi á árinu 2010 þrátt fyrir skert ríkisframlag. Til lengri tíma eru horfur í ríkisrekstri hins vegar ekki góðar og er það áhyggjuefni fyrir heilbrigðis- og forvarnastofnun eins og MAST sem takast þarf á við ný og umfangsmikil verkefni. Til þessa verður að horfa þegar teknar verða ákvarðanir um rekstur MAST á komandi árum.

Útgefandi
Matvælastofnun

Ritstjórn, hönnun og umbrot
Hjalti Andrason

Prentun
Samskipti ehf.

© Matvælastofnun 2010. Heimilt er að birta efni úr ritinu sé getið heimildar.
Starfsskýrslu MAST má einnig nálgast á vef Matvælastofnunar www.mast.is.

Jón Gíslason,
forstjóri Matvælastofnunar

1. Um Matvælastofnun

MAST starfar undir yfirstjórn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, sem sett hefur reglugerð nr. 1/2008 um skipulag og starfsemi MAST. Aðalskrifstofa er á Selfossi, en stofnunin rekur einnig umdæmisskrifstofur víðs vegar um landið og skrifstofu inn- og útflutningsmála í Reykjavík, auk landamærastöðva vegna innflutnings sjávarafurða frá ríkjum utan EES.

1.1 Hlutverk

Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

1.2 Verkefni

MAST vinnur að matvælalöggjöf í samvinnu við ráðuneytið og á þetta við um löggjöf í öllu framleiðsluferli matvæla, þ.e. frá heilbrigði og velferð dýra, þ.m.t. sjávarafurða, plöntuheilbrigði, fóðri, vinnslu og dreifingu og þar til matur er borinn á borð neytenda. Stofnunin fer með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, sláturhúsum og kjötvinnslum sem þeim tengjast, eftirlit með sjávarafurðum og allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. MAST fer einnig með yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með störfum sjálfstætt starfandi skoðunarstofa í sjávarútvegi og störfum dýralækna sem veita almenna dýralæknaþjónustu. Einnig fer stofnunin með fóðureftirlit og önnur verkefni eins og sjá má á eftirfarandi lista yfir helstu verkefni MAST:



Aðalskrifstofa MAST er á Selfossi

- Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit
- Neytendavernd og fræðslumál
- Heilbrigði og velferð dýra
- Plöntuheilbrigði og sáðvara
- Fóður og áburður
- Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir
- Kjötmat
- Inn- og útflutningseftirlit, rekstur landamærastöðva
- Yfirumsjón og eftirlit: Heilbrigðiseftirlit, skoðunarstofur, dýralæknaþjónusta
- Stjórnsýsluverkefni: Lögræði, alþjóðamál, gæðastýring, beingreiðslur, búfjárefnirit

1.3 Gildi

Matvælastofnun hefur sett sér eftirfarandi gildi sem starfsmönnum stofnunarinnar ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum:

- **Árvekni:** Árvekni er forsenda þess að stofnunin nái að rækja hlutverk sitt á tímum örra breytinga. Mæta þarf framþróun og nýjum viðfangsefnum með fyrirhyggju, frumkvæði og lausnum sem svara kalli tímans.
- **Framsækni:** Stofnunin skal hafa forystu á sínu starfssviði og vinna að hagræðingu og einföldun á eftirliti og stjórnsýslu. Árangursstjórnun og gæðastjórnun skal hafa að leiðarljósi og leita bestu úrlausnar mála.
- **Traust:** Afgreiðsla erinda á að vera fagleg og þannig að viðskiptavinir beri traust til starfsseminnar. Vinnubrögð skulu vera trúverðug, gæta þarf hlutleysis við ákvörðunartöku og sýna ber viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu.
- **Gegnsæi:** Stjórnsýslu- og upplýsingalög skal hafa í heiðri og rökstyðja þarf ákvarðanir vel. Nýta ber upplýsingatækni til að leiðbeina viðskiptavinum og tryggja þeim aðgang að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum.

1.4 Framtíðarsýn


Matvælastofnun mun standa vörð um þá auðlind sem felst í heilbrigði plantna og heilbrigði og velferð dýra í ómenguðu umhverfi. Stofnunin mun jafnframt vinna að gæðum og heilnæmi fisk- og landbúnaðarafurða, matvælaöryggi og neytendavernd í síbreytilegu markaðsumhverfi sem leiðir af nýsköpun í matvælaframleiðslu og auknum alþjóðaviðskiptum.

1.5 Stjórnskipulag og störf

Í innra skipulagi MAST er verkefnum skipt milli tveggja megin fagsviða, sem eru annars vegar *Heilbrigði og velferð dýra* og hins vegar *Matvælaöryggi og neytendamál*. Síðan eru stoðsvið fyrir *Áhættumat og gæðastjórnun*, *Fræðslu- og upplýsingamál*, *Stjórnsýslu og lögræði* og *Rekstur og mannaud*. Stofnunin rekur fjórtán *Umdæmisskrifstofur*, *Inn- og útflutningsmál* eru í einni skrifstofu og *Landamærastöðvar* eru átta. Fastir starfsmenn voru rúmlega 70 á árinu 2009

en ársverk heldur fleiri vegna tímabundinna ráðninga og þar sem stofnunin er einnig með verksamninga við aðra aðila.

Mynd 1.1.1: Skipurit Matvælastofnunar



Starfsfólk MAST hefur menntun á ýmsum sérsviðum. Við umdæmisskrifstofur starfa héraðsdýralæknar og eftirlitsdýralæknar og á aðalskrifstofu starfa sérgreinadýralæknar að verkefnum sem tengjast heilbrigði og velferð dýra og heilnæmi dýraafurða. Matvælafræðingar og næringarfræðingar starfa við matvælaöryggi og neytendamál, kjötmat og einnig stjórnsýslu í samvinnu við lögræðinga stofnunarinnar. Þá hefur MAST líffræðinga með sérmenntun á sviði plöntuheilbrigðis, sáðvara, fóðurmála og áburðareftirlits. Á komandi árum má síðan gera ráð fyrir að stofnunin hafi aukna þörf fyrir sérmenntað starfsfólk á framangreindum sviðum því verkefnum MAST fjölgar í takt við auknar kröfur sem gerðar eru á sviði dýra- og plöntuheilbrigðis og sívaxandi áherslu sem lögð er á matvælaöryggi og neytendavernd.

1.6 Frá heilbrigði til hollustu

Vígorð Matvælastofnunar er „Frá heilbrigði til hollustu“. Vísar það til þess að stofnunin fer með löggjöf og eftirlit sem varðar heilbrigði plantna, heilbrigði og velferð dýra og síðan matvælaöryggi, ýmist með eigin starfsemi eða með eftirliti með störfum skoðunarstofa og sjálfstætt starfandi dýralækna, eða samstarfi og samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlitið fer með viðtækt eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla undir yfirumsjón MAST. Sjálfstætt starfandi skoðunarstofur í sjávarútvegi eru nú tvær, en stöðugildi eftirlitsmanna þar eru ekki mörg. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru hins vegar tíu um allt land og þar eru samtals um 20 ársverk í matvælaeftirliti.

2. Rekstur og fjármál

Á árinu 2008 var hafin vinna við að innleiða gæðakerfi hjá stofnuninni sem er byggt á ISO 9001:2004 og var vinnu við það haldið áfram á árinu 2009. Heimasíða stofnunarinnar var endurbætt þar sem áhersla var lögð á auðveldara aðgengi upplýsinga fyrir viðskiptavini. Á árinu var einnig hafin markviss uppbygging á nýjum gagnagrunnum m.a. til að einfalda og auka öryggi í skráningu upplýsinga en einnig til að tryggja einfaldara og skilvirkara eftirlit. Fyrsta verkefnið var uppbygging á eftirlitsgrunni sem sniðinn er að eftirliti með mjólkurframleiðslu bænda en síðan er ætlunin að útfæra það frekar yfir á önnur eftirlitsverkefni. Einnig var hafin vinna við að byggja upp gagnagrunn um sjúkdómaskráningar, lyfjameðhöndlunir og bólusetningar á búfé en reiknað er með að þeirri vinnu verði að fullu lokið í september 2010. Á árinu var hafin undirbúningur að uppsetningu á landupplýsingakerfi fyrir stofnunina þar sem gagnabekjur stofnunarinnar verða aðgengilegar fyrir starfsmenn í svokallaðri kortavefsíju. Innleiðing verkbókhalds hófst á árinu með því að ákveðið var að taka upp nýtt viðverukerfi og samhliða hófst verkskráning starfsmanna.

Rekstur og fjármál stofnunarinnar voru í þokkalegu jafnvægi á árinu þrátt fyrir talsverða aðhaldskröfu á rekstur stofnunarinnar en aðhaldskrafan nam alls um 68 mkr. Alls er áætlaður 42,2 mkr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar á árinu 2009, á móti 39,2 mkr. tekjuafgangi árið á undan. Ríkisframlagið fór úr 768,3 mkr. árið 2008 í 782,6 mkr. árið 2009 og hækkaði um 1,9% á milli ára. Uppsafnaður rekstrarafgangur fyrri ára var um 22,9 mkr. í byrjun árs en í lok árs var hann um 65,1 mkr. Launakostnaður er stærsti einstaki rekstrarliðurinn með alls um 623 mkr. eða um 64,9% af heildar rekstrarkostnaði en að baki því liggja alls 74 ársverk. Aðkeypt sérfræðipjónusta var annar stærsti rekstrarliðurinn með alls um 121,6 mkr. en þar af voru um 91 mkr. vegna aðkeyptra rannsókna og um 14 mkr. vegna dýralækna. Húsnæðiskostnaður er svo þriðji stærsti rekstrarliðurinn með um 99,9 mkr. en þar af var húsaleiga um 70 mkr.

Tafla 1.2.1: Rekstrarreikningur árið 2009

Matvælastofnun	2009	2008
Tekjur		
Sértekjur	18.415.774	19.071.508
Ríkistekjur	200.801.592	208.827.783
	219.217.366	227.899.291
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	622.878.488	623.889.931
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	26.473.685	24.952.246
Funda- og ferðakostnaður	44.210.273	42.104.506
Aðkeypt sérfræðipjónusta	121.609.917	128.439.066
Rekstur áhalda og tækja	10.494.711	6.640.281
Annar rekstrarkostnaður	13.128.695	9.778.733
Húsnæðiskostnaður	99.862.343	94.860.160
Bílfreiðarekstur	14.100.838	15.084.376
Tilfærslur	770.000	710.500
	953.528.950	946.459.799
Eignakaup	6.512.078	10.594.300
	960.041.028	957.054.099
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir hreinar fjármunatekjur	(740.823.662)	(729.154.808)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	472.363	97.640
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir ríkisframlag	(740.351.299)	(729.057.168)
Ríkisframlag	782.600.000	768.280.000
Tekjuafgangur (tekjuhali) ársins	42.248.701	39.222.832

3. Starfsmenn




Hjóláð í vinnuna: MAST hafnaði í 23. sæti af 77 í fjölda km.

Því um 3%. Nokkuð var hins vegar um tímabundnar ráðningar í tengslum við afleysingar og skammtímaverkefni. Menntun starfsmanna er á þann veg að 86% starfsmanna eru með háskólapróf.

Hlutfall kynjanna hjá MAST má sjá á meðfylgjandi mynd en í árslok voru 53% starfsmanna karlar en 47% konur og helst nánast óbreytt á milli ára.


Myndin hér að neðan sýnir fjölda starfsmanna á hverju sviði, hæst hlutfall starfsmanna starfa á umdæmisskrifstofum víða um land en sem fyrr er svið matvælaöryggis og neytendamála stærsta einstaka sviðið hjá MAST.

Mynd 1.3.2: Dreifing starfsmanna milli sviða og skrifstofa



Meðalaldur starfsmanna hjá MAST er 48,3 ár og hækkar lítillega á milli ára sem er eðlilegt í ljósi lítillar starfsmannaveltu. Dreifing aldurs er frá 25 ára aldri upp í 69 ára. Eins og sjá má á myndinni hér að neðan verða umskipti í skiptingu milli kynja eftir því sem aldurinn hækkar, konur í miklum meirihluta hjá yngri starfsmönnum en þegar aldur hækkar snýst dæmið við og eru karlar þar í miklum meirihluta.

Mynd 1.3.3: Aldursdreifing starfsmanna



Mynd 1.3.1: Kynjaskipting starfsmanna

4. Fræðslumál

Matvælastofnun leggur kapp á að upplýsa neytendur um rétta meðhöndlun á matvælum og þær hættur sem af þeim kann að steðja sem og að veita upplýsingar um dýrasjúkdóma og dýravelferð. Stofnunin veitir jafnframt framleiðendum matvæla leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti og öflugt innra eftirlit með það að markmiði að tryggja heilnæmi afurða. Upplýsingum er miðlað til markhópa með ýmsum leiðum, t.a.m. með fréttaflutningi og fræðslupistlum á vefsíðu stofnunarinnar, með útgáfu á bæklingum, límmiðum og veggspjöldum, með námskeiðum, með reglulegum greinaskrifum í prentmiðlum og með fræðslufundum.

4.1 Vefsíða

Við samruna Landbúnaðarstofnunar og matvælasviðs Umhverfisstofnunar og Fiskistofu undir hatti Matvælastofnunar í byrjun árs 2008 var efni matvælasviðanna fært yfir á nýjan vef MAST, www.mast.is, sem byggður var á vef Landbúnaðarstofnunar. Í kjölfarið hófst vinna við að útbúa nýtt veftré til að auðvelda aðgengi að viðamiklum upplýsingum og birta sameinaðan efnivið áður aðskildra sviða/stofnana sem eina heild út frá forsendum og áherslum nýrrar stofnunar. Þann 26. júní 2009 var nýr vefur tekinn í notkun þar sem nýtt veftré var innleitt og útliti og uppsetningu vefsins aðlagð að nýju viðmóti. Hægri dálk síðunnar var breytt í notendavænar flýtleiðir sem flokkaðar eru eftir markhópi og stafrófi.

Árið 2009 heimsóttu 575 mismunandi notendur vefinn hverja viku að meðaltali eða tæpum þriðjungi fleiri en árið 2008 (448). Þar af voru 17% heimsóknar erlendis frá borið saman við 8% árið áður.

4.2 Útgáfa

Kynningarbæklingur um störf Matvælastofnunar var gefinn út á árinu þar sem hlutverk, helstu verkefni og framtíðarsýn stofnunarinnar koma m.a. fram. *Með allt á hreinu* er eftirsóttur bæklingur um hollustuhætti við meðferð matvæla sem var fyrst gefinn út af Hollustuvernd og síðar endurprentaður af Umhverfisstofnun. Efni bæklingar var yfirfarið, útlit uppfært og bæklingurinn prentaður í nýju upplagi á árinu. Bæklingurinn *Skelfiskur á matseðlinum* var gefinn út í samstarfi við Hafrannsóknarstofnunina og fjallar um markaðsetningu á skelfiski, tegundir skelfiskeitrana og eftirlit á skelfisksvæðum. Bæklingurinn er einkum ætlaður þeim sem selja og matreiða skelfisk.

Eftirfarandi einblöðungar voru prentaðir á árinu: *Árangur gegn kampýlóbakter, Matvæli beint frá býli, Meðferð búfjár og Sóttvarnasvæði*, ásamt einblöðungi um Matvælastofnun á ensku. Jafnframt var MAST mappa hönnuð og prentuð í sama stíl. Leiðbeiningar til skoðunarstofa um áherslumiðaðar skoðanir á fiskvinnslum voru gefnar út á árinu til að tryggja að framleiðendur sjávarafurða fylgdu betur þeirri löggjöf sem þeim bar að vinna eftir.

Útgefið efni má nálgast á tölvutæku formi á vef Matvælastofnunar undir ÚTGÁFA. Þar má einnig finna ársskýrslur MAST, skýrslur eftirlitsverkefna Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, eftirlitshandbækur, glætur af fræðslufundum og greinaskrif í prentmiðlum.

4.3 Ráðstefnur og námskeið

Matvælastofnun skipulagði og kom að skipulagningu fjölda viðburða á árinu:

- MAST skipulagði í samstarfi við Rannsóknþjónustuna Sýni og Matis námskeið um góða framleiðsluhætti og innra eftirlit fyrir starfsfólk í fiskiðnaði.
- Um mitt ár hóf MAST birtingu á niðurstöðum úr eftirliti stofnunarinnar með eldi og slátrun dýra:
 - Salmonella og kampýlóbakter í alifuglum.
 - Salmonella í svínum.
 - Salmonella í fódri og fiskimjöli.
- Norræna matvælarannsóknarnefndin (NMKL) hélt 63. ársfund sinn á Hótel Selfossi í ágúst og átti MAST í fyrsta sinn fulltrúa á fundinum.
- MAST var með kynningarbás á Landbúnaðarsýningunni Glætu í Borgarfirði í lok ágúst.
- Í nóvember var norræna ráðstefnan, *Nordic Values in the Food Sector: The way forward in a global perspective*, haldin í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, Matis,

og Samtök iðnaðarins. Þar voru Norrænu matvælavæðingunum veitt í þriðja skipti og hrepti Hotel Arctic í Ilulissat á Grænlandi verðlaunin.

- Nánari upplýsingar um fræðslustörf einstakra starfsmanna má sjá í undirköflunum *Fundir og fræðsla* í V og VI kafla starfsskýrslunnar.

4.4 Greinaskrif

MAST hélt áfram samstarfi við Morgunblaðið með hálfsmánaðarlegum greinaskrifum um málefni sem snúa að starfssviði stofnunarinnar. Greinarnar eru skrifaðar af sérfræðingum Matvælastofnunar í mánudagshefti Morgunblaðsins undir *Daglegu lífi* og eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar undir Útgáfa - Greinar og rit. Eftirfarandi greinar voru birtar árið 2009:

- *Dýravelferð um áramót* - Halldór Runólfsson, 28.12.09
- *Ástand hrossa við útflutning* - Gunnar Örn Guðmundsson, 15.12.09
- *Upprunamerkingar matvæla* - Jónína Þ. Stefánsdóttir, 23.11.09
- *Ofneysla á koffíni varasöm* - Jónína Þ. Stefánsdóttir, 09.11.09
- *Breyttar varnarlinur vegna sauðfjársjúkdóma* - Þorsteinn Ólafsson, 26.10.09
- *Af hverju ríkir bann á snákum, eðlum og skjaldbököm?* - Gísli Jónsson, 12.10.09
- *Kræklingur - veisla eða veikindi?* - Þór Gunnarsson, 28.09.09
- *Nýtum frystinn betur* - Ingibjörg Jónsdóttir, 16.09.09
- *Heimilisræktun á kartöflum* - Sigurgeir Ólafsson, 29.08.09
- *Skyllt að merkja upprunaland grænmetis* - Jónína Þ. Stefánsdóttir, 15.08.09
- *Hvernig fagna kýmur sumri?* - Þorsteinn Ólafsson, 05.08.09
- *Áhrif eldgosa á dýr* - Auður L. Arnþórsdóttir, 06.07.09
- *Salmonella í kjöti* - Dóra S. Gunnarsdóttir, 22.06.09
- *Góð ráð við grillið* - Ingibjörg Jónsdóttir, 08.06.09
- *Þörungaeitur í kræklingi* - Dóra S. Gunnarsdóttir, 25.05.09
- *Skráargatið - Hollustumerki frá Svíþjóð* - Zulema Sulca Porta, 11.05.09
- *Varasöm fæðubótarefni* - Katrín Guðjónsdóttir, 27.04.09
- *Særindi í munni hesta* - Sigríður Björnsdóttir, 13.04.09
- *Innflutningseftirlit og mikilvægi öryggis matvæla* - Herdís Guðjónsdóttir, 30.03.09
- *Endurnýting umbúða og íláta fyrir matvæli* - Sesselja M. Sveinsdóttir, 09.03.09
- *Salmonella - Staða og horfur* - Jón Gíslason, 23.02.09
- *Leirhlutir undir matvæli* - Sesselja María Sveinsdóttir, 10.02.09
- *Heilbrigði íslenska hestsins* - Sigríður Björnsdóttir, 26.01.09
- *Rannsóknir á sumarexemi í hrossum* - Sigríður Björnsdóttir, 12.01.09

4.5 Fræðslufundir

Mánaðarlegir fræðslufundir MAST sem hófu göngu sína haustið 2008 héldu áfram árið 2009. Fundirnir eru haldnir síðasta þriðjudag hvers mánaðar yfir vetrartímamann í umdæmisskrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík að Stórhöfða 23 frá kl. 15:00 til 16:00. Fjallað er um málefni sem eru efst á baugi hverju sinni og er ætlað eftirlitsaðilum, eftirlitsþegum, hinum almenna neytanda og öðrum áhugasömum. Fræðslufundir Matvælastofnunar 2009 voru:

- *Upprunamerkingar matvæla* - Jónína Þ. Stefánsdóttir/Baldur P. Erlingsson 24.11.09
- *Breyttar varnarlinur og sóttvarnir* - Halldór Runólfsson/Þorsteinn Ólafsson 27.10.09
- *Þörungaeitur í kræklingi* - Hafsteinn Guðfinnsson/Þór Gunnarsson/Dóra S. Gunnarsdóttir 29.09.09
- *Fæðubótarefni og heilsa* - Katrín Guðjónsdóttir/Magnús Jóhannsson 28.04.09
- *Öryggi og heilbrigði innfluttra matvæla og dýra*
 - Þorvaldur Þórðarson/Herdís Guðjónsdóttir/Margrét Bragadóttir/Björn Steinbjörnsson 31.03.09
- *Salmonella* - Sigurborg Daðadóttir/Konráð Konráðsson/Puríður E. Pétursdóttir 24.02.09
- *Heilbrigði íslenska hestsins* - Sigríður Björnsdóttir 27.01.09

Glætur frá fræðslufundum má nálgast á vef MAST undir Útgáfa - Fræðslufundir.

1. Löggjöf

1.1 Matvælafrumvarp - lög nr. 143/2009

Þann 28. desember 2009 afgreiddi Alþingi umfangsmiklar breytingar á helstu lagabálkum sem Matvælastofnun starfar eftir. Um er að ræða lög nr. 143/2009 um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. Lagasetningin átti sér langan aðdraganda og höfðu lögini verið lögð fram í þriggja áður en þau voru samþykkt. Tilgangur laganna var að gera nauðsynlegar lagabreytingar hérlendis vegna breytinga sem gerðar höfðu verið á EES-samningnum þann 23. október 2007 vegna endurskoðunar á undanþágu Íslands frá I. kafla I viðauka I við EES-samninginn og upptöku löggjafar Evrópusambandsins um matvæli og fóður. Með lögnum var sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimilað að innleiða með reglugerð reglugerðir Evrópusambandsins nr. 178/2002 (Reglugerð um almennar meginreglur og kröfur skv. lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla), 852/2004 (Reglugerð um hollustuhætti sem varða matvæli), 853/2004 (Reglugerð um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu), 854/2004 (Reglugerð um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis) og 882/2004 (Reglugerð um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt). Jafnframt var ráðherra veitt heimild til að innleiða með reglugerð allar reglugerðir Evrópusambandsins sem teknar verða upp í EES-samninginn og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerðirnar, sem og reglugerðir Evrópusambandsins sem settar eru með tilvísun í reglugerðirnar.

Við lagasetningu voru þannig gerðar nauðsynlegar breytingar á lagabálkum sem fjalla um matvæli og fóður og var tilgangurinn sá að aðlagja þá að matvæla- og fóðurlöggjöf Evrópusambandsins. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir helstu breytingar sem gerðar voru.

1.1.1 Lög nr. 93/1995 um matvæli

Við lög nr. 93/1995 um matvæli voru gerðar umtalsverðar breytingar og ýmis mikilvæg ákvæði matvælaöryggjafar Evrópusambandsins lögfestar, s.s. ákvæði um skilgreiningar hugtaka, ákvæði um matvælaöryggi, ábyrgð matvælaframleiðanda, rekjanleika matvæla, leyfisveitingar, gjaldtöku, valdsvið, þvingunarúrræði og um heimildir til að birta upplýsingar úr almennu eftirliti o.s.frv. Þá voru gerðar breytingar á verkaskiptingu milli Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda við matvælaeftirlit. Matvælastofnun mun þannig áfram fara með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, eftirlit með sláturhúsum, eftirlit með vinnslu fisk- og sjávarafurða og eftirlit með inn- og útflutningi matvæla. Með lögnum er stofnuninni til viðbótar falið eftirlit með kjötvinnslum (nema þeim sem reknar eru í smásöluverslunum) og kjötpökkunarstöðvum, mjólkurstöðvum og eggjavinnslum. Í lögnum er þó heimild til handa stofnuninni og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna til að fela hver öðrum að annast tiltekin verkefni sem eru á verksviði þessar aðila.

1.1.2 Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim

Lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, var lítillega breytt og ráðherra heimilað að setja með reglugerð reglugerð Evrópusambandsins nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Innflutningsbann á hráu kjöti var ekki afnumið líkt og fyrri frumvörp höfðu gert ráð fyrir.

1.1.3 Lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr

Vegna ákvæða um að tryggja yrði að ekki gætu orðið hagsmunaaðrekstrar við opinbert matvælaeftirlit voru gerðar breytingar á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Breytingarnar gera þannig ráð fyrir um aðskilnað milli opinbers eftirlits dýralækna og dýralæknaþjónustu við dýraeigendur. Þannig voru gerðar umtalsverðar breytingar á ákvæðum um störf þeirra og hlutverk og þau skilgreind með nánari hætti en gert í eldri lögum. Þá voru jafnframt gerðar breytingar á umdæmum héraðsdýralækna og þeim fækkað úr fjórtán í sex. Ljóst er að þessar breytingar kalla á sérstakar aðgerðir til að tryggja velferð dýra og dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu og er því gert ráð fyrir í lögnum að sett verði reglugerð um hvernig tryggja skuli starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralækna sem taka að sér að veita slíka þjónustu.

1.1.4 Lög nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat

Í lögum nr. 96/1997, sem framvegis heita lög um slátrun og sláturafurðir, kom inn nýtt gjaldskráákvæði fyrir heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum og verður gjaldtaka fyrir heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum framvegis byggð á gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur og skulu eftirlitsgjöldin ekki vera hærra en raunkostnaður við eftirlitið. Hér er um umtalsverða breytingu að ræða, þar sem eftirlitsgjöld fyrir heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum hefur verið ákveðin krónutala í lögnum.

1.1.5 Lög nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða

Nokkrar breytingar voru gerðar á lögum nr. 55/1998 sem framvegis munu heita lög um sjávarafurðir. Lagabreytingarnar fela í sér að ákvæði laganna voru löguð að ofangreindum reglugerðum Evrópusambandsins. Þá var gildissvið laganna breytt á þá veru að þau ná nú yfir allar fisk- og sjávarafurðir, þ.m.t. til hafbeitar-, vatna- og eldisfisks. Þó með þeirri undantekningu og breytingu að lögini ná nú ekki lengur yfir fiskimjöl. Samkvæmt eldri lögum fóru faggiltar skoðunarstofur með eftirlit með sjávarútvegsfyrirtækjum og var þessum aðilum skylt að hafa samning við skoðunarstofur. Í reglugerðum Evrópusambandsins er hinsvegar gert ráð fyrir að Matvælastofnun geti ein falið faggiltum skoðunarstofum tiltekin verkefni, s.s. eftirlitsverki. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að samningar fyrrnefndra fyrirtækja við skoðunarstofur falli úr gildi 1. mars 2011. Eftir þann tíma mun Matvælastofnun sinna almennu eftirliti með fyrrnefndum fyrirtækjum eða að stofnunin mun gera samninga við skoðunarstofurnar um slíkt eftirlit. Með því er skilið milli beinna hagsmunatengsla fyrirtækjanna við skoðunarstofurnar.

1.1.6 Lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru

Sú breyting er snýr að gildissviði laga nr. 55/1998 er í samræmi við breytingar sem gerðar voru á gildissviði laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru í VI. kafla laganna, en þær breytingar voru jafnframt gerðar til að laga ákvæði laganna að reglugerðum Evrópusambandsins nr. 178/2002, 183/2005 og 882/2004. Fiskimjöl er nú skilgreint sem fóður og um framleiðslu og eftirlit þess fer eftir ákvæðum reglugerða Evrópusambandsins nr. 1774/2004 og 183/2005.

1.1.7 Gildistaka

Lögini taka gildi þann 1. mars 2010 að undanskildum köflum um breytingar á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnar gegn þeim, nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir sem taka gildi 1. nóvember 2011. Ofangreindar reglugerðir Evrópusambandsins verða innleiddar hér á landi þann 1. mars 2010, þó taka þær ekki gildi fyrir frumframleiðslu á kjöti, mjólk og eggjum og afurða úr slíkri framleiðslu fyrr en 1. nóvember 2011.

1.2 Stjórnvaldsfyrirmæli

Innleiðing reglugerða og upptaka í íslenskan rétt er í höndum Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Á árinu voru alls innleiddar 46 reglugerðir og auglýsingar sem varða starfsemi MAST. Þar af voru 19 á matvælasviði, 13 varðandi fóður og sáðvöru og 14 á sviði dýraheilbrigðismála. Bæði er hér um að ræða reglugerðir vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES), sem innleiða 63 gerðir Evrópusambandsins sem gefnar voru út á árunum 2006-2008, svo og reglugerðir sem snúa að íslensku lagaumhverfi. Sjá nánari upptalningu í viðauka 2 (kafla VII.2).

2. Evrópumál

2.1 Upptaka gerða Evrópubandalagsins (EB) í EES-samninginn

Á hverju ári fær stofnunin fjölda svokallaðra staðalskjala (e. Standard sheet) til umsagnar vegna upptöku EB-gerða í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Slíkar umsagnir eru sendar til EFTA-skrifstofunnar og fyrir þær gerðir sem teknar eru upp í samninginn fara einnig sérstök upplýsingablöð til utanríkisráðuneytisins. Eitt staðalskjal berst fyrir hverja gerð sem gefin er út hjá EB og taka skal til skoðunar. Sérfræðingar á fagsviðum MAST meta þær EB-gerðir sem heyra undir þeirra svið með tilliti til þess hvort þær skuli teknar upp í EES-samninginn (eru EES-tækar) og ef svo er hvort aðlögunar eða undanþágu er þörf af Íslands hálfu. Heildarfjöldi staðalskjala sem metinn var á árinu 2009 var tæplega 130. Stærstur hluti gerða er yfirleitt talinn EES-tækar og fremur sjaldgæft að talin sé þörf á að sækja eftir aðlögun eða annarri undanþágu en þó eru nokkur slík tilvik á ári hverju. Algengast er að slíkt sé gert í samráði við Norðmenn og er sameiginleg undanþágubeiðni þá fullunnin af hálfu EFTA-skrifstofunnar. Þar sem Ísland hefur hingað til verið undanþegið ákvæðum í Viðauka I við EES-samninginn um dýraheilbrigði og búfjárafurðir eru það helst ákveðnar gerðir sem varða dýrasjúkdóma og lifandi dýr sem ekki hafa verið taldar EES-tækar og voru þær 19 á árinu eða um 15%.

Skipting gerða milli málaflokka:

- Heilbrigði og velferð dýra 52
- Matvælaöryggi og neytendamál 31
- Fóður, sáðvara og áburður 44

2.2 Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

ESA hefur eftirlit með því að skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum séu efndar og framkvæmd eftirlits hér á landi sé í samræmi við löggjöf þar að lútandi. Af því tilefni kemur stofnunin í árlegar eftirlitsheimsóknir til landsins og tekur út eftirlit á afmörkuðu sviði í hvert sinn. Á árinu kom ESA í 3 eftirlitsferðir. Tvær þeirra voru s.k. æfingaferðir (e. preparatory mission) en þær eru framkvæmdar á þeim sviðum þar sem löggjöf ESB hefur ekki eða aðeins að hluta verið tekin upp í EES-samning og eru ætlaðar til þess að undirbúa og auðvelda framkvæmd eftirlits hér á landi þegar fyrirhuguð löggjöf kemur til framkvæmda. Slíkar eftirlitsferðir eru undirbúnar og framkvæmdar eins og um fullgildar eftirlitsferðir væri að ræða en lokaskýrslur eru þó ekki birtar á vef ESA. Aðrar skýrslur má finna á netfanginu: <http://www.eftasurv.int/internal-market-affairs/areas-of-competence/food-safety/veterinary-inspections/>

Eftirlitsferðir ESA árið 2009:

- Opinbert eftirlit með innflutningi og á landamærastöðvum 26.-30. janúar

Æfingaferðir ESA árið 2009:

- Framkvæmd eftirlits með kjöti og kjötafurðum 22.-26. júní
- Framkvæmd eftirlits vegna löggjafar um aukaafurðir dýra 12.-20. október

3. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörlögum nr. 93/1993

3.1 Greiðslumark og beingreiðslur

Með breytingu á lögum nr. 99/1993 var Matvælastofnun falið hlutverk umsjónaraðila með skráningu réttthafa greiðslumarks og beingreiðslna. Þessar skrár eru sá grunnur sem ríkissjóður notar til greiðslu til bænda hvort heldur um er að ræða greiðslur vegna framleiðslu mjólkur- eða sauðfjárafurða. Fyrir breytingu laganna hafði umsjón þessara verkefna verið á hendi Framkvæmdanefndar búvörusamnings, en dagleg umsýsla skráninga verið unnin af Bændasamtökum Íslands. Matvælastofnun (áður Landbúnaðarstofnun) samdi í upphafi árs 2006 við Bændasamtökin um að annast áfram þann hluta sem lýtur að uppfærslu skráa og verkefna sem því tengjast. Það samkomulag hefur síðan verið endurnýjað árlega.

Með ofangreindum lögum og nýrri reglugerð nr. 11/2008 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2008 - 2013, er Matvælastofnun falið að vera umsjónaraðili með greiðsluskrá til bænda og eru stofnuninni ætluð eftirfarandi verkefni:

- Að halda skrá yfir réttthafa greiðslumarks lögbýla. Á árinu voru 1954 (Tölur fyrir árið 2008 - 1954) lögbýli skráð með greiðslumark.
- Að staðfesta breytingar á handhöfum greiðslumarks.
- Að halda skrá yfir innlagnir á greiðslumarki lögbýla. Einn framleiðandi lagði inn greiðslumark sitt á árinu til geymslu.
- Að halda skrá yfir handhafa beingreiðslna. Handhafar beingreiðslna á árinu voru vegna mjólkurframleiðslu 703 (723) og 1874 (1833) vegna sauðfjárframleiðslu.
- Að staðfesta breytingar á handhöfum beingreiðslna. Samtals voru staðfestar 89 (63) breytingar handhafa beingreiðslna, þar af 22 (20) vegna mjólkurframleiðslu og 67 (40) vegna sauðfjárframleiðslu.

Á árinu voru beingreiðslur samtals 6.584 m.kr. (6.724), þar af 4.544 m.kr. (4.869) vegna mjólkurframleiðslu og 2.040 m.kr. (1.855) vegna sauðfjárframleiðslu.

Auk nefndra verkþátta hefur Matvælastofnun það verkefni að skera úr ágreiningsmálum sem kunna að rísa um greiðslumark eða réttindi til beingreiðslna.

3.2 Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla

Með reglugerð nr. 10/2008 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu er Matvælastofnun falin framkvæmd hennar. Með setningu reglugerðarinnar var umsjón með framkvæmd gæðastýringar færð frá Framkvæmdanefnd búvörusamnings til Matvælastofnunar. Samstarfsaðilar stofnunarinnar við framkvæmd gæðastýringarinnar eru Bændasamtök Íslands, forðagæslumenn og Landgræðsla ríkisins. Helstu verkefni Matvælastofnunar samkvæmt fyrirætlum reglugerðarinnar eru að:

- Að halda skrá yfir réttthafa álagsgreiðslan vegna gæðastýringar. Réttthafar til álagsgreiðslna voru á árinu 1448 (1449).
- Að staðfesta breytingar á handhöfum álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Breytingar vegna aðilaskipta í gæðastýringu voru á árinu 93 (20), fjöldi skriflegra athugasemda vegna framkvæmdar gæðastýringar á árinu voru 76 (81).
- Að annast uppgjör við réttthafa álagsgreiðslna. En heildargreiðslur vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt á árinu voru 1.083 m.kr. (1.039).
- Að annast eftirliti með gæðastýringu í sauðfjárframleiðslu

3.3 Gripagreiðslur í nautgriparrækt

Með reglugerð nr. 567/2006 um gripagreiðslur á lögbýlum var Matvælastofnun (áður Landbúnaðarstofnun) falið tiltekið hlutverk við framkvæmd reglugerðarinnar. Segja má að með setningu reglugerðar um gripagreiðslur á árinu 2006 hafi ríkið komið til móts við framleiðendur nautakjöts sem fram að því höfðu ekki notið framleiðslustyrkja. Helsta verkefni stofnunarinnar er að ákveða hvaða eigendur nautgripa uppfylla skilyrði um rétt til gripagreiðslna skv. fyrirætlum reglugerðarinnar, auk eftirtalinnna verka:

- Að halda skrá yfir réttthafa gripagreiðslna. Fjöldi bænda sem fengu gripagreiðslur á árinu voru 800 (849) og voru gerðar 38 (22) breytingar á handhöfum gripagreiðslna á árinu.
- Að ákveða upphæð greiðslna til réttthafa, en samtals voru greiddar krónur 542 m.kr. (537) vegna gripagreiðslna á árinu.
- Að hafa eftirlit með skráningum gripa og fjölda búfjár.

3. Eftirlit

Á árinu unnu MAST, Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna áfram að sameiginlegri flokkun á eftirlitsskyldri starfsemi byggða á ÍSAT atvinnugreinaflokkun. Þessi vinna er á lokastigi og verður ný gjaldskrá MAST byggð á þessari númeraflokkun. Um er að ræða 581 númer, þar af eru um 100 verknúmer sem snúa að eftirliti stofnunarinnar. Sýnir þessi fjöldi verknúmera hversu umfangsmikið eftirlitsstarf er á hendi þessara eftirlitsaðila.

Fulltrúi MAST var ásamt fulltrúa heilbrigðiseftirlits og Umhverfisstofnunar skipaður í vinnuhóp um gagnaskil heilbrigðiseftirlitsvæða til Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Vinnuhópurinn hélt 6 fundi á árinu 2009 og áætlað að skila skýrslu á vofundi heilbrigðiseftirlitsins, Umhverfisstofnunar og MAST í maí 2010.

Við innleiðingu á nýrri matvælaöggjöf þurfa öll fyrirtæki sem framleiða vörur úr dýraafurðum, ásamt fódurfyrirtækjum, að fá svokallað samþykkisnúmer. Skv. löggjöfinni skulu öll þökkuð matvæli unnin úr afurðum úr dýraríkinu vera merkt með auðkennismerki svo unnt sé að tryggja rekjanleika þeirra til framleiðanda. Auðkennismerkið skal vera sporöskjulaga og í því skal koma fram heiti landsins þar sem starfsstöðin er staðsett (IS eða Ísland), samþykkisnúmer starfsstöðvar og EFTA. Ekki er krafa um að fóður sé merkt með þessu samþykkisnúmeri, en númerið skal koma fram í fylgiskjölum fóðurs.

Nú þegar hefur verið úthlutað 383 númerum til starfsstöðva sem starfa við fiskiðnað hér á landi en önnur matvælafyrirtæki og fódurfyrirtæki fá úthlutað samþykkisnúmerum á árinu 2010.

Á árinu var unnið að undirbúningi vegna áhættuflokkunar starfsgreina innan matvælaframleiðslu og er það mál nú á lokastigi. Á næsta ári mun stofnunin kalla til samráðs aðila frá hagsmunasamtökum starfsgreinanna ásamt fulltrúum frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna.

Við áhættuflokkun starfsgreina innan matvælaframleiðslu verður farið í gegnum allar skilgreindar hættur í viðkomandi starfsgrein og hver hættu metin fyrir sig. Þannig verðu reynt að finna hvar í keðjunni og hversu mikið opinbert eftirlit er talið nauðsynlegt í hverri grein fyrir sig. Meðaltíðni eftirlits verður síðan skilgreind fyrir allar starfsgreinar. Tíðni eftirlits verður þá hærri fyrir starfsgreinar þar sem mikil áhætta fyrir matvælaöryggi fylgir framleiðslunni og lægri í starfsgreinum með minni áhættu.

Á árinu var áfram unnið að hönnun eftirlitsgagnagrunns sem heldur utan um niðurstöður eftirlits með nautgripum og framleiðslu hrámjólkur. Þessi gagnagrunnur heldur einnig utan um útgefin starfsleyfi, veitta fresti, samskipti og annað varðandi eftirlit í frumframleiðslu. Eftirlitsgagnagrunnur þessi var í reynslunotkun á árinu á Suðurlandi og Norðurlandi. Starfsmenn Rekstrar- og mannauðssviðs hafa fært inn niðurstöður eftirlits með nautgripum frá öðrum eftirlitsumdæmum landsins. Með rafrænni skráningu eftirlits næst vistun gagna á einn stað og úrvinnsla verður öll aðgengileg. Árið 2009 er fyrsta árið með rafræna skráningu og niðurstöðum er gerð skil hjá sérgreinadýralækni nautgripa á Dýraheilbrigðisviði. Á árinu var hafin hönnun á „Vefviðmóti“ fyrir gagnagrunninn, þannig að eftirlitsmenn MAST geti fært inn í gagnagrunninn á eftirlitsstað ef 3G - GSM samband er þar. Gagnagrunni þessum er ætlað að halda utanum eftirlit MAST með öllu búfé í framtíðinni. Eftirlitsmenn geta þá lokið skoðun við innfærslu í gagnagrunninn og úrvinnsla gagna verður þá í auknum mæli færð til höfðustöðva MAST á Selfossi.

Opinbert eftirlit með matvælum á markaði er í höndum heilbrigðisnefnda. Nánari upplýsingar um heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna er að finna í kafla V.12.

1. Um súnur og súnvalda

Til eru nokkrar skilgreiningar á súnur. Alþjóðlega heilbrigðismálastofnunin WHO (World Health Organisation) skilgreinir súnur (zoonoses) sem sjúkdóma og sýkingar sem smitast með náttúrulegum hætti á milli hryggdýra og manna.

Í tilskipun Evrópusambandsins (Directive 2003/99) um m.a. súnur eru súnur skilgreindar sem: “Sérhver sjúkdómur og/ eða sýking sem smitar með náttúrulegum hætti beint eða óbeint á milli dýra og manna.” Súnvaldur (zoonotic agent) er skilgreindur sem: “ Sérhver veira, baktería, sveppur, sníkjudýr eða önnur líffræðileg heild (biological entity) sem líkleg er til þess að valda súnur.”


Ágætt dæmi um súnur eru sjúkdómar af völdum salmonellu eða kampýlóbakter sýkinga. Súnvaldurinn getur verið *Salmonella* Typhimurium eða *Campylobacter jejuni* sem berst með matvælum eða úr dýrum í fólk og úr fólk í dýr. Inflúensan sem varð að heimsfaraldri á árinu og var um tíma kölluð svínainflúensan sýkti svín m.a. í Noregi og á Íslandi. Veiran sem olli sjúkdómnum barst í þau úr fólk.

2. Salmonella

Upplýsingar um fjölda salmonellu tilfella í fólk eru fengnar frá sýklafræðideild Landspítalans, Hjördísi Harðardóttur og af heimasíðu Landlæknis. Upplýsingar um fólksfjölda eru frá Hagstofu Íslands.


2.1 Salmonella í fólk á Íslandi

Mynd IV.2.1: Tíðni salmonellu í fólk á Íslandi pr. 100.000 íbúa




Ath. Tölur fyrir árið 2009 eru bráðabirgðatölur, miðað er við fólksfjölda 1. janúar 2009. Miða ætti við fólksfjölda 1. janúar 2010. Þær upplýsingar verða birtar á vef Hagstofu Íslands 16. mars 2010.

Mynd IV.2.2: Fjöldi salmonellu tilfella í fólki eftir uppruna




Mynd IV.2.3: Fjöldi salmonellu tilfella í fólki eftir sermisgerðum



2.2 Salmonella í matvælum

Salmonella Typhimurium var staðfest í tveimur sýnum úr svínakjöti í sérstakri rannsókn á vegum heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna og MAST. Grunur var um salmonellu í einu sýni úr svínakjöti í sömu rannsókn, en þetta sýni var ekki sent til staðfestingar. Sýnin voru tekin í verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðið var að kanna hvort um sama stofn var að ræða í svínakjöti á markaði og í sýnum af svínaskrokkum. Niðurstöður úr þessari rannsókn munu liggja fyrir á árinu 2010.

Mynd IV.2.4: Hlutfall og fjöldi sláturhópa kjúklinga sem greinast með salmonellu við slátrun - 2009




Einn sláturhópur kjúklinga greindist með salmonellu við slátrun í mars á árinu.

Tafla IV.2.1: Rannsóknir á hálsaskinnssýnum 2009 - Sláturhús

Sýni	Hópar	Jákvæðir	Hvaða Salmonella greindist ?
Kjúklingar	702	1	S. Typhimurium
Kalkúnar	43	0	
Endur	12	0	

Mynd IV.2.5: Hlutfall og fjöldi stroksýna sem greinast með salmonellu 2009 - Svínaslátrun



Salmonella greindist í stroksýnum af svínaskrokkum í öllum mánuðum ársins.

Stroksýnin eru tekin af svínaskrokkunum samkvæmt handbók um eftirlit með salmonllu í svínarækt, þegar grísum er slátrað. Héraðs- eða eftirlitsdýralæknar framkvæma sýnatökurnar í sláturhúsum landsins.

Tafla IV.2.2: Rannsóknir á stroksýnum 2009 - Svínaslátrun

Sýni	Fjöldi	Jákvæð	Hvaða Salmonella greindist ?
Sýni	3472	389	S. Worthington, S. Brandenburg, S. Typhimurium, S. Duisburg, S. sp.

2.3 Salmonella í dýrum


2.3.1 Svín

Tafla IV.2.3: Rannsóknir á saursýnum 2009 - Svínabú

Sýni/bú	Fjöldi	Jákvæð	Hvaða Salmonella greindist ?
Saursýni	263	7	S. Kedougou, S. Brandenburg
Svínabú	15	3	S. Worthington, S. Duisburg

Saursýnin á svínabúum landsins eru tekin einu sinni á ári og oftar ef þess er krafist samkvæmt handbók um eftirlit með salmonellu í svínarækt. Héraðs- eða eftirlitsdýralæknar framkvæma sýnatökurnar.

Mynd IV.2.6: Röðun svínabúa í flokka samkvæmt kjötsafastuðli 2009



Svínabúum er raðað í flokka eftir kjötsafastuðli. Stuðullinn er reiknaður út einu sinni í mánuði samkvæmt niðurstöðum úr kjötsafaprófi. Kjötsafaprófið mælir mótefni gegn salmonellu í grísumum hafi þau myndast. Hár stuðull gefur til kynna mikið smítalag salmonellu á svínabúinu. Búum sem raðað er í flokk 1 hafa lægsta stuðullinn og minnsta smítalagið en búum raðað í flokk 3 hafa mesta smítalagið. Æskilegast er að öllum svínabúunum sé raðað í flokk 1.

2.3.2 Alifuglar

Tafla IV.2.4: Rannsóknir á sýnum úr saur 2009 - Alifuglaeldi

Sýni	Hópar	Jákvæðir	Hvaða Salmonella greindist ?
Kjúklingar	599	5	S. Agona, S. Kentucky
Kalkúnar	24	1	S. Worthington
Endur	14	0	

Tafla IV.2.5: Rannsóknir á sýnum úr saur 2009 - Stofnrækt


Sýni	Hópar	Jákvæðir	Hvaða Salmonella greindist ?
Hænsni	306	0	
Kalkúnar	10	0	
Endur	0	0	

Tafla IV.2.6: Rannsóknir á sýnum úr saur 2009 - Eggjaframleiðsla

Sýni	Hópar	Jákvæðir	Hvaða Salmonella greindist ?
Varphænur	6	0	

Sýni eru tekin úr hverjum eldis- og sláturhópi. Framleiðendur taka sýnin við eldi fuglanna en héraðs- eða eftirlitsdýralæknar taka sýnin við slátrun fuglanna. Framleiðendur taka sýni úr varphænum.

Mynd IV.2.7: Hlutfall og fjöldi kjúklingahópa í eldi sem greinast með salmonellu 2009



Salmonella greindist í eldi 6 hópa á árinu, í janúar, febrúar, júní, nóvember og desember.

2.3.3 Nautgripir

Salmonella Typhimurium greindist í kúm á einu búi á Austurlandi.

2.3.4 Salmonella í dýrum - Sauðfé


Engin sýni voru tekin á árinu.

2.3.5 Salmonella í dýrum - Hross

Salmonella Typhimurium greindist í sýnum úr hrossum á árinu en þau voru öll tekin í tengslum við faraldurinn á Kjalarnesi í desember 2008 í þeim tilgangi að fylgjast með þróun smitsins og kanna útskilnað bakteríunnar.

2.3.6 Salmonella í fòðri

Mynd IV.2.8: Hlutfall og fjöldi sýna sem greinast með salmonellu 2009 - Fóðurverksmiðjur




Fóðursýni greindust með salmonellu í mars, júlí, október og nóvember.

Tafla IV.2.7: Rannsóknir á sýnum úr fòðurefnum 2009 - Fóðurverksmiðjur

Sýni	Fjöldi	Jákvæð	Hvaða Salmonella greindist ?
Fóður	480	6	S. Give, S. Infantis
Fiskimjöl	242	2	S. Kentucky, S. Lexington, S. sp

Mynd IV.2.9: Hlutfall og fjöldi sýna sem greinast með salmonellu 2009 - Fiskimjölverksmiðjur



Sermisgreining á jákvæðum sýnum úr fiskimjöli fór ekki fram. Nefndar sermisgerðir salmonellu í töflunni eiga við fóður.


Framleiðendur fódurs og innflytjendur fódurs taka sýni úr fóðurefnum og fóðri. Matvælastofnun tekur sýni þegar þörf er talin á. Í nóvember greindust 2 sýni með salmonellu (sjá mynd IV.2.9).

3. Kampýlobakter

3.1 Kampýlobakter í fólki


Upplýsingar um fjölda kampýlobakter tilfella í fólki eru fengnar frá sýklafræðideild Landspítalans, Hjördísi Harðardóttur.

Mynd IV.3.1: Tilfelli kampýlobakter í fólki pr. 100.000 íbúa




Ath. Tölur fyrir árið 2009 eru bráðabirgðatölur, miðað er við fólksfjölda 1. janúar 2009. Miða ætti við fólksfjölda 1. janúar 2010. Þær upplýsingar verða birtar á vef Hagstofu Íslands 16. mars 2010.


Mynd IV.3.2: Fjöldi kampýlobakter tilfella í fólki eftir árum



Mynd IV.3.3: Fjöldi kampýlobakter tilfella í fólki 2009 flokkaður eftir uppruna smitsins í mánuðum




Mynd IV.3.4: Fjöldi kampýlobakter tilfella í fólki eftir uppruna og árum




Tíðni kampýlobakter tilfella af innlendum uppruna í fólki hefur farið lækkandi frá árinu 1999.

3.2 Kampýlobakter í matvælum


Mynd IV.3.5: Hlutfall og fjöldi kjúklingahópa sem greinast með kampýlobakter við slátrun 2009



Mynd IV.3.6: Hlutfall og fjöldi kalkúnahópa sem greinast með kampýlóbakter við slátrun 2009




Mynd IV.3.7: Hlutfall og fjöldi andahópa sem greinast með kampýlóbakter við slátrun 2009




3.3 Kampýlóbakter í dýrum


Mynd IV.3.8: Hlutfall og fjöldi kjúklingahópa í eldi sem greinast með kampýlóbakter 2009



Mynd IV.3.9: Hlutfall og fjöldi kalkúnahópa í eldi sem greinast með kampýlóbakter 2009




Mynd IV.3.10: Hlutfall og fjöldi andahópa í eldi sem greinast með kampýlóbakter 2009



4. Lyfjanæmi

4.1 Salmonella

Mynd IV.4.1: Salmonella stofnar í svinum og lyfjanæmi þeirra - 2009



Tafla IV.4.1: Lyfjanæmi salmonellu í svínunum

Salmonella	Fjöldi stofna				Lyf					
	Alls	Næmir	Ónæmir	Ekki vitað	AMP	CEFT	CHLOR	TMP/SULFA	NALI	CIPRO
Salmonella Brandenburg	58	54			S	S	S	S	S	S
Salmonella Brandenburg				4	?	?	?	?	?	?
Salmonella Duisburg	4	4			S	S	S	S	S	S
Salmonella Kedougou	1		1		R	S	S	S	S	S
Salmonella Typhimurium	21	3			S	S	S	S	S	S
Salmonella Typhimurium			16		R	S	S	S	S	S
Salmonella Typhimurium				2	?	?	?	?	?	?
Salmonella Worthington	4	1			S	S	S	S	S	S
Salmonella Worthington			1		R	S	S	S	S	S
Salmonella Worthington			1		R	S	S	R	S	S
Salmonella Worthington				1	?	?	?	?	?	?
Salmonella sp.	2	1			S	S	S	S	S	S
Salmonella sp.				1	?	?	?	?	?	?
Samtals	90	63	19	8						

S = Sensitive eða næm
R = Resistant eða ónæm
? = Lyfjanæmi ekki skráð eða ekki framkvæmt

AMP = Ampicillin
CEFT = Ceftriaxone
CHLOR = Chloramphenicol

TMP/SULFA = Trimetoprim/Sulfa
NALI = Nalidixic acid
CIPRO = Ciprofloxacin

Tafla IV.4.2: Lyfjanæmi salmonellu í alifuglum

Salmonella	Fjöldi stofna				Lyf					
	Alls	Næmir	Ónæmir	Ekki vitað	AMP	CEFT	CHLOR	TMP/SULFA	NALI	CIPRO
Salmonella Agona	5	4	0	1	S	S	S	S	S	S
Salmonella Typhimurium	1	1	0	0	S	S	S	S	S	S
Salmonella Worthington	1	1	0	0	S	S	S	S	S	S
Salmonella Kentucky	1	0	1	0	R	S	S	S	S	S
Samtals	8	6	1	1						

S = Sensitive eða næm
R = Resistant eða ónæm
? = Lyfjanæmi ekki skráð eða ekki framkvæmt

AMP = Ampicillin
CEFT = Ceftriaxone
CHLOR = Chloramphenicol

TMP/SULFA = Trimetoprim/Sulfa
NALI = Nalidixic acid
CIPRO = Ciprofloxacin

4.2 Kampylóbakter

Lyfjanæmi kampylóbakter er ekki mælt ennþá.

5. Faraldsfræði og rannsóknir

Margt bendir til að þær salmonellu tegundir sem smitað hafa alifugla og svín berist með fóðri. Þetta þarf að rannsaka betur. Ákveðið var að hefja rannsóknir á nokkrum salmonellu stofnum á árinu í þeim tilgangi að kanna m.a. skyldleika þeirra, hvort sömu stofnar smitist á milli búfjartegunda og hvort finna megi uppruna þeirra. Stofnarnir verða rannsakaðir í Pulse Field Gel Electrophoresis prófi (PFGE) á rannsóknastofu Landspítalans í Reykjavík. Niðurstöður munu liggja fyrir 2010.

6. Uppruni og þróun súna og súnuvalda


Frá haustinu 2008 jókst verulega tíðni salmonellu í stroksýnum af svínaskrokkum sem tekin eru við slátrun grísanna. Tíðnin náði hámarki (27,4%) í maí 2009 en hefur farið lækkandi síðan og var 1,7% í desember 2009. Þetta er jákvæð þróun. Svínabúunum var flestum raðað í flokk 1 á árinu en þó hafa þau aldrei jafnmörg fallið í flokk 2 eins og raunin varð á. Dæmi voru einnig um að bú raðaðist í flokk 3. Þessi mynd af röðun búanna (sjá Mynd IV.2.6) gefur til kynna verulega aukið smitálag salmonellu á svínabúunum. *Salmonella* Typhimurium greindist í svínakjöti á markaði (neytendaumbúðum) og mun PFGE rannsókn væntanlega leiða í ljós hvort þessi sermisgerð hafi borist með svínaskrokkum á markað (sjá IV.2.2.)

Nokkur aukning varð í salmonellu smiti á alifuglabúum landsins. Eru nokkur ár síðan ástandið hefur verið með þessu móti en á árunum 2005 – 2007 greindist *Salmonella* aldrei í eldissýnum kjúklinga. Fjöldi eldishópa með salmonellu reyndust vera 6 af 594 hópum sem jafngildir 1% tíðni á árinu 2009.

Þrátt fyrir aukningu tilfella af salmonellu í kjúklingum og svínunum á árinu 2009 jukust tilfelli í fólki af innlendum uppruna ekki á árinu. Þvert á móti eru tilfelli heldur færri miðað við undangengin ár. Sjá mynd um tilfelli salmonellu í fólki pr. 100.000 íbúa í kafla VI.2.1.

Tíðni sláturhópa kjúklinga sem greinast með kampylóbakter fer stöðugt lækkandi á milli ára. Ástand m.t.t. kampylóbakter hefur aldrei verið eins gott og á árinu 2009.


Mynd IV.6.1: Hlutfall stroksýna af svínaskrokkum sem greinast með salmonellu - þróun 2006 - 2009




Mynd IV.6.2: Hlutfall eldishópa kjúklinga sem greinast með salmonellu - þróun 1993 - 2009

Stroksýnin gefa til kynna yfirborðsmengun grísaskrokkanna í slátruhúsi. Örsök mengunar getur verið aukið smitálag í slátrugrísunum eða krossmengun í slátruhúsum.


Mynd IV.6.3: Hlutfall sláturhópa kjúklinga sem greinast með kampylóbakter við slátrun - þróun mánaðanna 2001 - 2009




Rauða línan (trendline) gefur til kynna þróunina á milli ára.

Mynd IV.6.3: Hlutfall sláturhópa kjúklinga sem greinast með kampýlóbakter við slátrun - þróun 2001 - 2009


Rauða línan (trendline) gefur til kynna þróunina á milli ára.

Mynd IV.6.4: Hlutfall eldishópa kjúklinga sem greinast með kampýlóbakter í eldi - þróun mánaðanna 2001 - 2009


Rauða línan (trendline) gefur til kynna þróunina á milli ára.

Mynd IV.6.5: Hlutfall eldishópa kjúklinga sem greinast með kampýlóbakter í eldi - þróun 2001 - 2009


Rauða línan (trendline) gefur til kynna þróunina á milli ára.

1. Um matvælaöryggi og neytendamál

Markmiðið með starfsemi matvælaöryggis- og neytendamálasviðs er að efla gæði aðfanga, stuðla að heilbrigði plantna og öryggi matvæla allt frá hafi/haga til maga og vinna að því að matvælafyrirtæki axli ábyrgð á starfsemi sinni með neytendavernd að leiðarljósi. Starfsemi sviðsins á árinu 2008 og 2009 einkenndist af því að þetta voru fyrstu starfsár stofnunarinnar og þar með sviðsins. Áhersla var lögð á að skipuleggja starfsemi sviðsins miðað við breyttar aðstæður. Á sviðinu er unnið við eftirlit, umsjón og samræmingu á eftirliti, innleiðingu á nýrri löggjöf og svörum fyrirspurna frá eftirlitsaðilum, matvælafyrirtækjum og neytendum.

Mikil aukning var á tíðni salmonellugreiningum í fóðureftirliti og í kjúklinga- og svínaeldi á árinu og hafði það í för með sér aukið eftirlit í fóðurfyrirtækjum, setningu reglugerðar um sýrublöndun fóðurs í svínabúum, aflifun alifugla þegar salmonella greindist í eldissýnum og innköllun kjúklinga þegar salmonella greindist í slátursýnum. Aðgerðir voru á öllum stigum fóður – og matvælakeðjunnar en margt bendir til að smitið sé fóðurborið. Áhyggjuefni er að aukning salmonellugreininga í alifuglum og svínum getur leitt til þess að ekki verði unnt að fá viðbótartryggingar vegna salmonellu vegna innflutnings á kjöti.

Fjölgun var á tilkynningum gegnum viðvörunarkerfi Evrópusambandsins um matvæli og fóður (Rapid Alert System for Feed and Food - RASFF). Ber þar hæst vörur frá Kína. Fjölmargar tilkynningar bárust um erfðabreytt hörfræ frá Kanada og voru nokkrar tegundir á markaði hér á landi. Að venju voru flestar tilkynningar um aflatoxín í hnetum og fíkjum sem stöðvaðar voru við landamæraeftirlit. Veruleg aukning var á tilkynningum um ólögleg efni í fæðubótarefnum. Fjölgun var á tilkynningum á vörum frá Suður – Ameríku vegna salmonellu í fóðri og aflatoxín í hnetum. RASFF tilkynningar um innfluttar vörur voru ellefu og ein tilkynning um gallaða vöru frá Íslandi en það var kavíar sem mældist með of mikið magn af litarefnum.

Þrjár tilkynningar bárust stofnuninni um matarsýkingar. Stærsta sýkingin var af völdum nóróveiru á Reykjavíkursvæðinu, en einnig greindist E. kóli 0157 en ekki tókst að finna hvernig smitið barst. Í þriðju sýkingunni tókst ekki að greina orsök og þar af leiðandi heldur ekki smitleiðina.

Matvælahópur Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar hélt fimm fundi á árinu. Hlutverk hópsins er að fjalla um málefni er hæst ber á hverjum tíma og samræma og samhæfa matvælaeftirlit á Íslandi. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur MAST og heilbrigðiseftirlitsins auk vofundar og haustfundar og annarra samskipta vegna eftirlitsverkefna.

Sérfræðingar sviðsins tóku þátt í æfingaheimsóknum ESA varðandi kjöt og kjötvörur og varðandi aukaafurðir dýra. Sérfræðingar sviðsins lögðu mikla vinnu í september og október í skoðun á fóður – og matvælalöggjöf Evrópusambandsins vegna aðildarumsóknar Íslands.

Í eftirliti með fiskafurðum var tekin upp sú nýbreytni að framkvæma áherslumiðað eftirlit í landvinnslufyrirtækjum. Ákveðin áhersluatriði voru skoðuð á hverju þriggja mánaða tímabili auk þess sem nokkur grundvallaratriði voru alltaf skoðuð. Unnið var að úrbótum í samræmi við athugasemdir ESA í eftirlitsheimsókn haustið 2008. Eitt aðfinsluatriðið var að hér væri ónóg þekking á HACCP og þess vegna skipulagði stofnunin námskeið í HACCP fyrir skoðunarmenn, ráðgjafa og gæðastjóra stærstu fiskvinnslufyrirtækjanna.

Mikil aukning hefur orðið á innflutningi svokallaðra orkudrykkja og hefur það valdið auknum verkefnum hjá MAST í samvinnu við Lýðheilsustöð og Lyfjastofnun.

Unnið var að undirbúningi vegna innleiðingar á nýrri matvælalöggjöf Evrópusambandsins, greiningar á löggjöfinni og gerð fræðsluefnis.

Mikill áhugi er á vinnslu afurða heima á býlum og stofnunin hefur lagt talsverða vinnu í að útbúa leiðbeiningar varðandi heimavinnslu eða smávinnslu.

Innleiðing nýrrar matvælalöggjafar Evrópusambandsins verður stórt verkefni á árinu 2010. Útbúa þarf kynningarefni, halda fræðslufundi og námskeið með hagsmunaaðilum og eftirlitsaðilum og auk þess þarf að skipuleggja eftirlit stofnunarinnar með kjötvinnslum og mjólkurbúum en það mun flytjast frá HES til MAST með gildistöku nýju löggjafarinnar.

2. Áburður

Áburðareftirlit Matvælastofnunar felur í sér:

- Skráningu áburðarfyrirtækja: Öll fyrirtæki sem framleiða eða flytja inn áburð eða jarðvegsbætandi efni skulu vera skráð hjá Matvælastofnun.
- Skráning áburðartegunda: Allar áburðartegundir skulu einnig vera skráðar hjá MAST.
- Úttekt á áburðarfyrirtækjum: Fylgjast með aðstöðu fyrirtækjanna til að framleiða áburð og geyma áburð.
- Vöruskoðun: Skoða umbúðir og merkingar. Einnig eru tekin sýni af áburði og þau send í efnagreiningu. Áburðarsýnin eru efnagreind hjá LUFA í Þýskalandi. Niðurstöður eru bornar saman við skráð gildi á áburðinum og einnig merkingar á umbúðunum. Samkvæmt reglugerðum má innihald næringarefna ekki fara niður fyrir ákveðin lágmark.

Áburður sem notaður er hérlendis er fyrst og fremst ólífrænn sem er fluttur inn. Áburðurinn er ýmist einkorna eða fjölkorna. Í einkorna áburði inniheldur sérhvert áburðarkorn öll næringarefni í þeim hlutföllum sem gefin eru upp í áburðinum. Í fjölkorna áburði er áburðarkornin með mismunandi næringarefni sem er blandað saman í ákveðnum hlutföllum eftir áburðartegundum. Ólífræni innflutti áburðurinn skiptist í EB-áburð og ekki EB-áburð. Á merkingum þarf að koma skýrt fram hvort áburðurinn sé EB-áburður. Lífrænn áburður er framleiddur hérlendis. Hráefni í hann er ýmis lífrænn úrgangur, bæði af dýra- og jurtauppruna. Um er að ræða kjötmjöl, fiskimjöl, moltu, þangmjöl og skeljasand.

Á meðfylgjandi töflum má sjá að áburðarinnflutningur til jarðræktar minnkaði um tæplega 19 þúsund tonn milli ára 2008 (tafla 2) og 2009 (tafla 1), eða úr 66.981 tonnum í 48.294 tonn. Þessi samdráttur nemur 28% milli ára. Árið 2007 voru flutt inn 63.490 tonn af jarðræktaráburði.

Tafla V.2.1: Innfluttur áburður og næringarefni 2009 í kílógrömmum

Áburður	Alls	Köfnunarefni	Fosfór	Kalí
Jarðræktaráburður	48.293.720	11.978.258	1.639.310	2.426.018
Kalk	40.800	-	-	-
Áburður á íþróttavelli	417.645	49.870	19.928	56.820
Áburður til garðyrkju og ylræktar	1.208.326	144.187	41.925	158.044
Blómaáburður	11.865	-	-	-
Samtals	49.972.356	-	-	-

Tafla V.2.2: Innfluttur áburður og næringarefni 2008 í kílógrömmum

Áburður	Alls	Köfnunarefni	Fosfór	Kalí
Jarðræktaráburður	66.981.600	15.321.058	2.380.157	3.489.759
Kalk	330.600	-	-	-
Áburður á íþróttavelli	65.024	8.619	2.285	2.594
Áburður til garðyrkju og ylræktar	431.102	41.150	13.561	55.388
Blómaáburður	8.210	-	-	-
Samtals	67.816.536	-	-	-

2.1 Starfsleyfi

2.1.1 Innfluttur áburður

Alls fluttu 19 fyrirtæki inn áburð árið 2009. Innflutningi má skipta í 4 flokka (ath. sum fyrirtæki flytja inn fleira en einn flokk):

- Tún- og jarðræktaráburður, 5 fyrirtæki, fækkar um eitt milli ára.
- Áburður til garðyrkju og ylræktar, 6 fyrirtæki
- Áburður á íþróttavelli, 3 fyrirtæki
- Blómaáburður til heimilisnota, 13 fyrirtæki

2.1.2 Innland framleiðsla

Enginn efnaáburður (tilbúinn áburður) er framleiddur á Íslandi. Nokkur fyrirtæki vinna áburð úr lífrænum efnum eða blanda ólífrænan áburð í vökva. Um er að ræða framleiðslu á kjötmjöli, moltu, kalki, aukaafurðum úr fiski og þörungamjöl. Blómaáburður er ýmist framleiddur með því að blanda efnaáburð í vökva eða þörungamjöli í vökva. Alls eru 9 fyrirtæki skráð sem framleiða innlandan áburð, þar af voru 1 skráð árið 2008.

Kjötmjöl er framleitt af Förgun ehf. í Flóahreppi. Verksmiðjan vinnur úr úrgangi frá sláturhúsum og kjötvinnslum á Suðurlandi. Kjötmjölið má nota sem áburð sé það ekki unnið úr áhættuvefjum dýra.

Tvær jarðgerðarstöðvar framleiða moltu m.a. úr sláturúrgangi, en það eru Jarðgerð ehf. á Sauðárkróki og Molta ehf í Eyjafirði. Hvorug verksmiðjan hefur fengið viðurkenningu fyrir afurðir sínar og þurfa þær að koma framleiðsluferli sínu í lag. Þessar stöðvar mega því ekki afhenda afurðir sínar til annars en urðunar á löglegum urðunarstað.

Aðrir skráðir framleiðendur moltu án sláturúrgangs á landinu eru:

- Íslenska Gámafélagið í Gufunesi, sem vinnur moltu úr heimilisúrgangi.
- Sorpa, sem vinnur einnig moltu úr heimilisúrgangi, garðaúrgangi og fleiru.
- Íslenska Kalkþörungafélagið ehf á Bíldudal, framleiðir m.a. áburðarkalk úr kalkþörungum.
- Þörungamjöl m.a. til áburðar er framleitt í Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum.
- Þrjú íslensk fyrirtæki framleiða blómaáburð fyrir stofublóm.

2.2 Eftirlit

2.2.1 Innfluttur áburður

Á undanförunum árum hefur skipulögð vöruskoðun og sýnataka verið fyrst og fremst á innfluttum tún- og jarðræktaráburði. Á árinu 2009 voru tekin 31 eftirlitssýni af 31 áburðartegund.

Efnagreiningar á þessum 31 eftirlitssýnum gáfu þær niðurstöður að 5 sýni voru með efnainnihald fyrir neðan leyfileg vikmörk (14%). Sýni voru tekin af 31 áburðartegundum og reyndust 5 þeirra hafa efnainnihald neðan leyfðra vikmarka. Ekki verður heimilt að dreifa þessum 5 tegundum til notenda fyrr en að sýnt hefur verið fram á með sýnatökum og efnagreiningum að efnainnihald áburðarins sé ofan við leyfð vikmörk.

Við eftirlit kom einnig í ljós að merkingargallar voru á nokkrum áburðartegundum. Þeir fólust m.a. í að letur hafði máðst af sekkjunum, upplýsingar á sekkjum voru rangar eða ófullnægjandi og í sumum tilfellum voru merkingar á erlendum tungumálum. Samkvæmt reglugerðum skulu merkingar vera skýrar, óafmáanlegar, réttar og á íslensku.

2.1.2 Innland framleiðsla

Matvælastofnun annast eftirlit með innlandri framleiðslu á áburði í samstarfi við héraðsdýralækna og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Þar sem hráefni í þessari framleiðslu er að verulegu leyti lífrænt m.a. dýraafurðir snýst það eftirlit fyrst og fremst að framleiðsluháttum og heilnæmi hráefna.

2.3 Fundir og fræðsla

MAST tók þátt í Fræðapingi landbúnaðarinnis í febrúar 2009. Valgeir Bjarnason var í undirbúningsnefnd Fræðapingsins, hann er einnig í undirbúningsnefnd fyrir Fræðaping 2009. Valgeir tók einnig þátt í árlegum fundi norrænna fódureftirlita í Danmörku í ágúst. Valgeir hefur einnig sótt samnorræna vinnufundi um eftirlit með erfðabreyttum matvælum og föðri.

3. Plöntur

Undir plöntur falla verkefni er lúta að plöntuheilbrigði og gæðum sáðvöru. Af vörutegundum má nefna plöntur og plöntuafurðir s.s. afskorin blóm og greinar, jólatré, blómlauka, græðlinga, smáplöntur, pottaplöntur, garðplöntur, útsæðis- og matarkartöflur, trjávið og viðarumbúðir, mold til ræktunar og fræ. Auk þess er fylgst með innflutningi smádyra til lífrænna varna í garðyrkju.

3.1 Starfsleyfi

3.1.1 Stofnræktarleyfi

Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði sbr. reglugerð 455/2006 um kartöfluútsæði. Árið 2009 voru 3 kartöflubændur með slíkt leyfi, tveir í Eyjafirði og einn á Hornafirði. Auk þess hefur Landbúnaðarháskóli Íslands leyfi til ræktunar úrvals- og eðalstofna samkvæmt reglugerðinni.

3.1.2 Útsæðisleyfi

Stofnunin veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar. Forsendur fyrir leyfi eru m.a. eftirfarandi: hnúðormur má ekki finnast í garðlandi ræktanda, hringrot má ekki finnast í uppskeru og ræktandi verður að endurnýja reglulega með kaupum á stofnútsæði. Vorið 2009 voru 27 bændur með útsæðisleyfi þar með taldir áður nefndir stofnræktendur. Af þeim voru 14 á Suðurlandi, 7 í Eyjafirði, 1 á Héraði og 5 á Hornafirði.

3.1.3 Vottun viðarumbúða

Stofnunin annast framkvæmd reglugerðar 343/2004 um viðarumbúðir vara við útflutning. Í því felst m.a. að veita fyrirtækjum sem smíða viðarumbúðir, s.s. vörubretti og trékassa, vottun til að merkja umbúðirnar með alþjóðlegu merki því til staðfestingar að umbúðirnar uppfylli skilyrði hins alþjóðlega staðals ISPM 15 um hitameðhöndlun eða svælingu. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að plöntuskaðvaldar geti borist með umbúðunum. Í lok ársins 2009 voru 7 fyrirtæki með vottun til að útvega forhitaðann trjávið til umbúðagerðar og rúmlega 30 fyrirtæki með vottun til að hita umbúðir eða smíða umbúðir úr forhitaðum viði og merkja. Eru fyrirtæki þessi um allt land.

3.2 Eftirlit

3.2.1 Kartöfluútsæði

Farnar eru tvær skoðunarferðir á ári til stofnræktenda, annars vegar í ágúst mánuði þegar ræktunin er skoðuð og hins vegar í febrúar - mars þegar útsæðið er skoðað í geymslum. Samanlagt eru ræktuð um 100 tonn af stofnútsæði hjá þremur stofnræktarbændum af yrkjunum: Gullauga, Helgu, Premiere og Rauðum íslenskum.

Minnst þriðja hvert ár eru tekin kartöflusýni hjá öllum ræktendum með útsæðisleyfi og leitað að hringrotssmiti og minnst fjórða hvert ár eru tekin jarðvegssýni hjá þeim og leitað að hnúðormi. Hringrot greindist hjá tveimur ræktendum í uppskeru ársins 2009 og var annar þeirra með gilt útsæðisleyfi. Hnúðormur fannst ekki hjá kartöflubændum en hann má víða finna í heimilisgörðum.

3.2.2 Innflutningur plantna og plöntuafurða

Þegar fluttar eru inn plöntur og plöntuafurðir þar sem gerð er krafa um heilbrigðisvottorð vegna plöntuheilbrigðis er tollafhending ekki heimil fyrr en framvísað er áritun frá Matvælastofnun. Í 1. töflu er sýnt hvernig þessi áritun dreifist á vöruflokka og árstíma. Til samanburðar er sýnt árið 1998 og 2008. Alls voru árituð 756 vottorð árið 2009. Hafa ber í huga að þessar tölur segja einungis til um fjölda sendinga en ekki það magn sem flutt er inn.

Tafla V.3.1: Fjöldi vottorða árituð vegna innflutnings plantna og plöntuafurða árið 2009

Mismunandi vöruflokkar þar sem áritun vottorða er áskilinn	Vottorð 1998	Vottorð 2008	Árituð vottorð 2009 á 3 mánaða tímabilum				Vottorð 2009
			Jan.–mars	Apr.–júní	Júlí–sept.	Okt.–des.	
Græðlingar og smáplöntur	224	177	58	32	34	15	139
Blómlaukar og rótarhnýði	148	76	13	3	20	18	54
Pottaplöntur	37	54	8	7	10	3	28
Garðplöntur, tré og runnar	39	56	11	31	8	11	61
Afskorin blóm og greinar	459	243	45	32	33	35	145
Jólatré og barrgreinar	45	29	0	0	0	30	30
Útsæðiskartöflur	10	7	0	4	0	0	4
Matar- og verksmiðjukartöflur	171	183	12	46	54	35	147
Mold	36	61	15	18	5	2	40
Lífrænar varnir	88	109	29	27	26	22	104
Arinviður			0	0	0	4	4
Samtals	1257	995	191	200	190	175	756

Í Töflu V.3.2-6 eru hins vegar gefnar magntölur fyrir innflutning nokkurra vöruflokka fyrir árin 2006-2009. Vöruflokkarnir eru: matar- og verksmiðjukartöflur, gróðurmold, útsæðiskartöflur, jólatré og jólagreinar.

Tafla V.3.2: Innflutt magn matar- og verksmiðjukartöfla árin 2006 – 2009

Ár	Innflutt magn á 3 mánaða tímabilum (tonn)				Innflutt alls (tonn)
	Jan.–mars	Apr.–júní	Júlí–sept.	Okt.–des.	
2006	151,8	637	768,9	173,3	1731
2007	171,1	493,2	796,7	246,9	1707,9
2008	293,6	1433,1	916,3	200,7	2843,8
2009	164,7	925,6	968,3	625,2	2683,8

Tafla V.3.3: Innflutt magn góðurmoldar árin 2006 – 2009

Ár	Innflutt magn á 3 mánaða tímabilum (tonn)				Innflutt alls (tonn)
	Jan.–mars	Apr.–júní	Júlí–sept.	Okt.–des.	
2006	267,1	413,2	130,4	99,8	910,5
2007	339,7	419,7	231,2	40,5	1031,1
2008	566,1	375,3	265,3	70	1276,7
2009	292,6	399,5	90,2	45,1	827,4

Tafla V.3.4: Innflutt magn útsæðiskartöfla árin 2006 – 2009

Afbriðgi/Yrki	Innflutt magn útsæðis árin 2006-2009 (tonn)			
	2006	2007	2008	2009
Arielle	-	1,5	1	-
Belana	-	1	-	-
Inova	-	11	1	-
Jelly	-	-	-	6,2
Lady Claire	-	9,8	-	-
Marabel	-	6,3	6,3	-
Milva	11	31,8	29,3	23,8
Piccolo Star	-	4,6	-	-
Premiere	52	31	64,5	13
Ratte	-	1	-	-
Tilraunayrki	-	0,8	0,2	-
Samtals	63	98,8	102,3	43

Tafla V.3.5: Innflutt jólatré árin 2006 – 2009 (fjöldi)

Ár	Fjöldi jólatrjáa fluttur inn árin 2006-2009 (stykki)			
	Nordmannspínur (Abies nordmanniana)	Eðalþínur (Abies procera)	Rauðgreni* (Picea abies)	Samtals (stykki)
Meðaltal 1993-2002	28.066	192	37	28.295
2006	23.157	950	12	24.119
2007	26.462	50	9	26.521
2008	19.518	41	10	19.569
2009	20.325	68	8	20.401

* Innflutningur á greniættkvíslinni (Picea) er bannaður samkvæmt reglugerð 189/1990 en árlega er veitt undanþága fyrir nokkrum rauðgrenitrájum sem gefin eru af vinabæjum til sveitafélaga hér á landi.

Tafla V.3.6: Innflutt jólagreni árin 2006 – 2009 (þyngd)

Ár	Innflutt jólagreni árin 2006-2009 (kg)								
	Nordmannspínur (Abies nordmanniana)	Eðalþínur (Abies procera)	Sýprus Chamaecyparis	Silkifura Pinus	Hindartré Cryptomeria	Eskiviður Buxus	Annað	Samtals (kg)	Samtals (stykki)
Meðaltal 1993-2002	41.242	13.119	9.609	2.466	807	1.164	190	68.597	28.295
2006	33.875	9.275	14.424	4.800	1.225	2.000	790	66.389	24.119
2007	38.705	11.120	9.920	4.820	588	1.350	580	67.083	26.521
2008	26.524	7.575	10.915	3.665	440	528	100	49.747	19.569
2009	27.285	4.470	9.980	2.274	764	712	200	45.685	20.401

3.2.3 Innflutningu fræja

Þegar flutt eru inn fræ skal tilkynna það til Matvælastofnunar sem gefur út afhendingarheimild með helstu upplýsingum um sendinguna. Alls voru á árinu gefnar út um 170 slíkar heimildir. Upplýsingar um innflutning tegunda og yrkja til landbúnaðar má sjá í Töflum V.3.7-9.

Tafla V.3.7 Innflutningur á sáðkorni árin 2008 og 2009

Tegund	Yrki	Innflutt magn 2008 (kg)	Innflutt magn 2009 (kg)
Bygg 2 raða (Hordeum vulgare)	Barbro (SW Barbro)	19.900	0
	Filippa	300.000	55.000
	Kría (IsKría)	164.275	345.250
	Kunnari	10.000	25.000
	Minttu	-	10.800
	Mitja (SW Mitja)	-	10.000
	Rekyl	-	7.560
	Skegla	62.800	23.100
	Samtals:	556.975	476.710
	Bygg 6 raða (Hordeum vulgare)	Erkki	10.000
Lómur (IsLómur)		45.300	42.450
Skúmur (IsSkúmur)		35.300	148.650
Judit (SW Judit)		50.100	67.200
Jyvä		-	16.200
Olsok		68.280	118.800
Pilvi		-	24.000
Tiril		146.880	11.880
Samtals:		355.860	454.180
Hafrar (Avena sativa)		Belinda	62.100
	Cilla	38.500	9.700
	Samtals:	100.600	36.250
Hveiti (vetrar) (Triticum aestivum)	Mjølner	4.320	0
	Stava	-	8.400
Rúghveiti (xTriticosecale)	Dinaro	-	2.600
Rúgur (vetrar) (Secale cereale)	Riihi	1.200	0
Maís (Zea mays)	Justina	360	0

Tafla V.3.8: Innflutningur á grasfræi árin 2008 og 2009

Tegund	Yrki	Innflutt magn 2008 (kg)	Innflutt magn 2009 (kg)	
Dactylis glomerata - axhnoðapunktur	Frisk	-	200	
	Samtals:	-	200	
	Festuca ovina - Sauðvingull	Crystal	1.000	1.500
		Hardtop	1.925	1.500
Quatro		200	0	
Samtals:	3.125	3.000		
Festuca pratensis - Hávingull	Norild	500	0	
Festuca rubra – Túnvingull	Aniset	800	0	
	Bargreen	1.900	0	
	Belleaire	300	0	
	Calliope	800	0	
	Casanova	1.000	0	
	Gondolin	12.740	3.000	
	Lovisa	2.000	5.000	
	Maxima 1	300	0	
	Reptans	2.500	0	
	Rosita	3.000	0	
	Rubin	3.000	5.020	
	Smirna	300	0	
	Samtals:	28.640	13.020	
	Lolium multiflorum – Einært rýgresi	- sumaryrki (var. westerwoldicum), ssp. alternativum	Barspectra	31.225
Bartigra		20	12.000	
Caramba		-	2.500	
Botrus		9.940	0	
Swale		10.000	23.225	
Samtals:		51.185	37.725	
- vetraryrki (var. italicum), ssp. non-alternativum		Barmultra	48.825	7.000
EF 486		4.900	7.000	
Dasas		16.880	7.020	
Fredrik		-	3.000	
Malmi	70.605	24.020		
Samtals:				
Lolium perenne – Vallarrýgresi	Bargala	1.000	0	
	Bartwingo	1.000	0	
	Greenfair	200	0	
	Svea	2.500	0	
	SW Birger	3.000	4.000	
	Taya	2.000	0	
	Tetramax	6.500	4.600	
	Samtals:	16.200	8.600	
	Phleum pratense – Vallarfoxgras	Adda	6.250	0
		Engmo	21.750	4.000
Grindstad		14.050	7.025	
Jonatan		12.225	6.000	
Korpa		-	800	
Snorri		4.500	4.725	
Vega		24.000	27.000	
Samtals:		82.775	49.550	
Poa pratensis – Vallarsveifgras	Balin	5.500	1.500	
	Broadway	4.000	0	
	Conni	1.100	675	
	Julius	500	0	
	Kupol	1.000	4.798	
	Sobra	30.020	9.000	
	Samtals:	42.120	15.973	
	Grasblöndur (m.a. á íþróttavelli og grasflatir)	Ýmis	46.815	52.396

Tafla V.3.9: Innflutningur á fræi árin 2008 og 2009 – Ýmsar tegundir

Tegund	Yrki	Innflutt magn 2008 (kg)	Innflutt magn 2009 (kg)
Beta vulgaris – Fódursykurrófa	Brigadier	1	0
	Zentaur Poly	1	0
	Samtals:	2	0
Brassica napus var. napobrassica - Gulrófa	Vige	5	11
Brassica napus var oleifera – Fódurrepja	Akela	3.000	0
	Barcoli	23.150	16.000
	Barsica	-	1.975
	Delta	4.010	2.000
	Hobson	-	5.000
	Pluto	700	500
	SW Falstaff	50	290
	Samtals:	30.910	30.910
Brassica oleracea - Fódurmergkál	Grüner Angeliter		500
Brassica rapa - Fódurnæpa	Snowball		3
Brassica rapa var. silvestris - Fódurnepja	Largo		200
Pisum sativum – Grænfóðurertur	Faust	2.000	0
	Nitouche		2.000
	Rocket		4.320
	Samtals:	2.000	6.320
Trifolium hybridum – Túnsmári	Frida	500	0
Trifolium pratense – Rauðsmári	Betty		500
	Bjursele	250	1.250
	Rajah		100
	Samtals:	250	1.850
Trifolium repens – Hvítsmári	Sonja	250	350
	Undrom	750	1.100
	Samtals:	1.000	1.450
Vicia cracca – Umfeðningur		5	0

3.2.4 Útflutningur plantna og plöntuafurða

Plöntueftirlit Matvælastofnunar er sá opinberi aðili hér á landi sem getur gefið út heilbrigðisvottorð vegna plöntuheilbrigðis í samræmi við alþjóðasamning um plöntuheilbrigði (IPPC). Árið 2009 voru gefin út 34 slík vottorð, þar af 29 með vörubrettum úr trjáviði er fylgdi ýmsum varningi, einkum sjávarafurðum, og 5 vottorð með plöntum og jarðvegi.

3.2.5 Útflutningur fræja

Eini útflutningur héðan á fræjum er sá sem er á vegum Landgræðslu ríkisins. Matvælastofnun annast sýnatöku og hefur fram að þessu sent sýnin til Landbúnaðarháskóla Íslands á Möðruvöllum í Hörgárdal þar sem rannsakað er fyrir hreinleika og spírunarhæfni. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir getur Matvælastofnun gefið úr gæðavottorð í samræmi við kröfur ISTA (International Seed Testing Association). Árið 2009 voru gefin út alls 4 frævottorð með tegundunum alaskalúpínu, beringspunti og mel.

3.3 Fræðsla og fundir

Greinar:

- Sigurgeir Ólafsson: „Þurrka verður blautar kartöflur“. Morgunblaðið 29. ágúst 2009, s. 25.
- Sigurgeir Ólafsson: „Misvöxtur í gulrófum“. Bændablaðið 22. október 2009, s. 20.
- Sigurgeir Ólafsson: „Heimilisræktun á kartöflum“. Matur er mannsins megin 21. árg. 1 tbl. Október 2009, s. 5.

Erindi:

- Sigurgeir Ólafsson: „Skaðvaldar“ og „Varnarefni“, erindi á varnarefnanámsskeiði Landbúnaðarháskóla Íslands 23.mars 2009.
- Sigurgeir Ólafsson: „Misvöxtur í gulrófum“. Erindi á aðalfundi gulrófnabænda í Fljótshlíð 22. nóvember 2009.

4. Fóður

Markmið eftirlits með fóðri er að tryggja svo sem kostur er bændum og öðrum notendum fullnægjandi vöru í samræmi við vörulýsingar og kröfur til landbúnaðarafurða um hollustuhætti. Eftirlitið skal einnig tryggja svo sem kostur er að fóðurvörur séu ekki skaðlegar dýrum, mönnum eða umhverfi, þær séu af háum gæðaflokki og séu rétt meðhöndlaðar.

Fóðureftirlit fer samkvæmt lögum nr. 22 frá 29. mars 1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, ásamt með síðari breytingum og reglugerð nr. 340 frá 30. apríl 2001, um eftirlit með fóðri, ásamt með síðari breytingum. Einnig eru ákvæði varðandi fóður í öðrum lögum og reglugerðum sem fjalla um dýasjúkdóma og varnir gegn þeim og um meðferð sláturúrgangs.

Íslendingar hafa skrifað undir II. kafla, I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) sem fjallar um dýrafóður. Reglur ESB um dýrafóður, sem sameiginlega nefnd EES hefur samþykkt, taka því gildi hér á landi eftir lögformlega meðferð Alþingis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis hverju sinni.

4.1 Starfsleyfi

Í lok árs 2009 voru 150 fóðurfyrirtæki á skrá hjá MAST og hafði fækkað um 37 á árinu. Innflytjendur fóðurs voru 67 á árinu. Fóðurframleiðendur voru 34 í lok árs. Af 34 fóðurframleiðendum höfðu 35 fyrirtæki viðurkenningu MAST til að kaupa og/eða nota aukefni við fóðurframleiðslu skv. 8. gr. reglugerðar nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri. Skráningaraðferð var breytt og hækkaði tala þeirra því um 10 þó að ekki hafi bæst við nema tvö fyrirtæki. Þrjár fóðurverksmiðjur framleiða heilfóður og fóðurbæti fyrir flestar tegundir búfjár, tvær eru í Reykjavík og ein á Akureyri. Ein verksmiðja framleiðir heilfóður fyrir fisk og 3 framleiða loðdýrafóður. Sextán svínabú og 3 loðdýrabú framleiða fóður til eigin nota.

4.2 Eftirlit

Eftirlit með fóðri felst m.a. í skráningu allra nýrra fóðurtegunda, bæði innfluttra og framleiddra hér á landi. Við skráningu er innihaldslýsing og notkunarleiddbeiningar skoðaðar með tilliti til skilyrða í reglugerðum um notkun hinna ýmsu efna. Við innflutning ber fyrirtækjum að tilkynna komu fóðurs svo starfsfólki MAST gefist tækifæri til að skoða og taka sýni af vörunni. Innlend fóðurfyrirtæki eru heimsótt, innra eftirlit fyrirtækja sannreynt og sýni tekið með slembiúrtaki af framleiðslu til greiningar. Í sýnum eru greind næringarefni, til samanburðar við það sem gefið er upp við sölu, þungmálmar og ýmis óæskileg efni en sett hafa verið mörk á hversu mikið má vera af slíkum efnum í fóðri.

4.2.1 Niðurstöður eftirlits

Á árinu bárust 953 tilkynningar um innflutning á 79.500 tonnum af fóðri. Er þetta heldur fleiri tilkynningar en árið áður (904) en sama magn af fóðri (80.800 tonn). Þarf að fara allt aftur til ársins 2005 til að sjá sambærilegar tölur (sjá yfirlitsskýrslu um eftirlit með fóðri síðustu ára á heimasíðu MAST undir ÚTGÁFA).

Fyrirtæki fengu 145 nýjar fóðurtegundir skráðar á árinu, þar af var endurskoðun á 11 áður skráðum tegundum. Af nýskráðum tegundum voru 18 frá löndum utan EES svæðisins, 34 framleiddar á Íslandi og því 93 tegundir framleiddar í öðrum EES ríkjum.

Tafla V.4.1 sýnir fjölda tilkynninga um innflutning á fóðri eftir dýrategundum, heildarinnflutning á fóðri í tonnum eftir dýrategundum og fjölda fóðurtegunda sem skráðar voru á árinu skipt eftir dýrategundum. Í flokknum „óskilgreint“ eru hráefni sem notuð eru í fóður fyrir fleiri en eina tegund dýra, t.d. sojamjöl, hveiti, maís og bygg.

Tafla V.4.1: Innflutningur og nýskráðar fódurtegundir eftir dýrategund

Dýrategund	Fjöldi tilkynninga um innfl.	Heildar innfl. á fóðri (tonn)	Fjöldi nýskráðra fódurtegunda
Jórturdýr	337	3.517	20
Alifuglar	165	1.488	21
Svín	222	825	15
Fiskar	75	217	10
Loðdýr	33	367	2
Hross	75	217	20
Gæludýr	426	2.217	49
Óskilgreint	227	69.905	7

Öll stærstu fódurfyrirtæki landsins sem framleiða fódur fyrir dýr til manneldis voru heimsótt á árinu 2009. Á árinu var fylgt eftir áherslu sem lögð var á að sannreyna að fódurfyrirtæki hefðu yfir að ráða áætlun um innra eftirlit í samræmi við kröfur í 14. viðauka reglugerðar nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri árið 2008. Jafnframt var lögð áhersla á að sannreyna innra gæðaeftirlit fódurgerðar á svínabúum og ganga úr skugga um að innra eftirlit virkaði eins og gert er ráð fyrir. Á árinu voru tekin 64 sýni af fóðri, á móti 29 sýnum árið 2008. Af þessum 64 sýnum voru 13 greind með tilliti til salmonellu og reyndist ekkert sýni jákvætt. Tíu sýni voru greind með tilliti til díoxíns og díoxín-líkra PCB efna og reyndust þau öll undir heimilum mörkum. Ýmis óæskileg efni eins og arsen (7), blý (6), kvikasilfur (8), sveppaeitur (6), pláqueyðar (7) og fúkkalyf (17) voru greind í nokkrum sýnum auk smásjargreiningar á kjötmjöli í 2 sýnum. Niðurstöður voru á einn veg, allar mælingar voru undir heimilum mörkum.

4.3 Fundir og fræðsla

MAST tók þátt í fræðapingi landbúnaðarinnis í febrúar 2009.

Starfsmaður fódureftirlits MAST tók þátt í árlegum fundi norrænna fódureftirlitsstarfsmanna með starfssystkinum í Eystrasaltlöndum sem haldinn var í Danmörku í lok ágúst. Starfsmaður fódureftirlitsins var fulltrúi Íslands á vinnufundum EFTA um fódur.

5. Fiskur og fiskafurðir

Um framleiðslueftirlit með sjávarafurðum gilda lög nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í þeim. Markmið laganna er að tryggja að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, að afurðirnar standist kröfur um gæði og að þær séu framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður.

Matvælastofnun gefur út vinnsluleyfi til framleiðslu sjávarafurða, hefur umsjón með reglubundnu eftirliti með starfs- og vinnsluleyfifishöfum og áminnir eða sviptir þá vinnsluleyfum, gerist þeir brotlegir við gildandi lög og reglur.

Faggiltar skoðunarstofur annast reglubundið eftirlit með hreinlæti, aðstöðu, búnaði og innra eftirliti vinnsluleyfifishafa í umboði og undir eftirliti Matvælastofnunar. Starfsleyfisveitingar til þeirra eru í höndum stofnunarinnar. Faggiltar skoðunarstofur eru skoðaðar árlega af þar til bærum faggildingaraðilum og hafa starfsmenn stofnunarinnar komið að þeim úttektum sem tæknilegir ráðgjafar. Faggiltar skoðunarstofur í sjávarútvegi eru tvær, þ.e. Aðalskoðun ehf. og Frumherji hf. – Matvælasvið.

5.1 Starfsleyfi

Matvælastofnun veitir fiskvinnslufyrirtækjum og vinnsluskipum vinnsluleyfi. Að auki veitir stofnunin starfsleyfi til annarra fiskiskipa. Matvælastofnun annast upphafsskoðun hjá þeim aðilum sem ráðgera að hefja fiskvinnslu en skoðunarstofnunar sjá síðan um reglulegt eftirlit þegar stofnunin hefur veitt viðeigandi leyfi.

Á árinu voru útgefin 48 ný landvinnsluleyfi en 44 leyfi voru felld úr gildi. Í lok árs voru alls 490 vinnsluleyfi í gildi vegna landvinnslu og 52 skip með leyfi til frystingar eða vinnslu um borð.

5.2 Eftirlit

5.2.1 Eftirlit á vettvangi

Hið beina eftirlit með starfsemi vinnsluaðila er framkvæmt af skoðunarstofunum í umboði Matvælastofnunar. Fjöldi reglubundinna skoðana skoðunarstofanna í hverju fyrirtæki eru fjórar á ári eða hlutfallslega færri ef um árstíðabundna vinnslu er að ræða. Þeirri nýbreytni var komið á á árinu að áherslumiðuðum skoðunum var komið á í landvinnslufyrirtækjum í heilsársvinnslu. Ákveðin áhersluatriði voru skoðuð á hverju 3ja mánaða tímabili auk þess sem ákveðin grundvallaratriði voru alltaf skoðuð. Samhliða skoðunum voru framleiðslufyrirtækjunum kynntar ýmsar áherslubreytingar sem verða á ábyrgð þeirra með innleiðingu hollustuháttareglugerða Evrópusambandsins sem taka gildi 1. mars 2010 fyrir fiskvinnslufyrirtæki. Var þetta gert með ábendingum og tilmælum um fylgni við nýjar kröfur. Þessi nýbreytni stuðlaði að bættu samræmi milli skoðunarstofa og skoðunarmanna.

Heildarfjöldi úttekta skoðunarstofa hjá landvinnslum og í vinnsluskipum á árinu 2009 var 1538. Alls var 590 málum vísað til Matvælastofnunar en málum er vísað þangað þegar fram koma athugasemdir eða frávik við skoðun sem teljast alvarleg eða hafa komið áður fram og ekki verið lagfærð.

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar sóttu heim fiskvinnslufyrirtæki og vinnsluskip 640 sinnum á árinu. Ríflega 69% þessara heimsókna var eftirfylgni vegna athugasemda sem fram komu við reglubundið eftirlit skoðunarstofanna. Alls voru gefnar út 12 aðvaranir um lokun en einu fyrirtæki var lokað tímabundið.

Alls eru fjórir skoðunarmenn hjá skoðunarstofunum í fullu starfi við eftirlit en að auki sinna forstöðumenn beggja skoðunarstofanna beinu eftirliti sem hluta af sínu starfi.

Hjá Matvælastofnun er eftirfylgni, samræmingareftirlit og skoðanir vegna nýrra leyfa í höndum tveggja eftirlitsmanna auk fagsviðsstjóra sem stýrir málaflokknum. Auk þess koma að eftirlitinu aðrir fagsviðsstjórar og sérfræðingar Matvælaöryggis- og neytendamálasviðs að meira eða minna leyti.

5.2.2 Samvinna við veiðieftirlitssvið Fiskistofu

Þegar eftirlit með meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða var í höndum Fiskistofu var samvinna milli matvælaeftirlitssviðs og veiðieftirlitssviðs Fiskistofu um eftirlit með smærri bátum sem og um borð í vinnsluskipum. Þá mældu veiðieftirlitsmenn hitastig í lönduðum afla og fylgdust með ástandi kara og almennri aflameðferð við landanir.

Óformlegt samkomulag er enn til staðar milli milli stofnananna og senda veiðieftirlitsmenn af og til skýrslur um ástand mála. Æskilegt væri að komið yrði á formlegu samstarfi á þessu sviði þannig að starfsmenn Fiskistofu geti fylgt málum eftir í þeim tilvikum þegar þess gerist þörf.

5.2.3 Skoðanir Matvælastofnunar í umboði rússneskra matvælayfirvalda

Frá árinu 2006 hafa rússnesk matvælayfirvöld gert þær kröfur að allar fiskafurðir sem fluttar væru inn til Rússlands skyldu framleiddar hjá verksmiðjum, frystiskipum eða vinnsluskipum sem hafa verið tekin út og samþykkt af hinum rússnesku yfirvöldum.

Í nóvember 2008 varð það að samkomulagi að Matvælastofnun annaðist úttektir á íslenskum skipum í umboði rússneskra yfirvalda og mælti með samþykkt þeirra sem framleiðenda fyrir rússneskan markað að uppfylltum rússneskum kröfum. Um síðustu áramót höfðu 5 skip verið skoðuð og 3 hlotið samþykki en tvö voru í samþykktarferli.

Í desember 2009 var samkomulag við rússnesk matvælayfirvöld útvíkkað til muna. Samkomulagið sem var undirritað í ársbyrjun 2010 felur í sér að Matvælastofnun mun bera ábyrgð á úttektum vegna samþykkis og opinberu eftirliti fyrir Rússlandsmarkað. Samkomulagið tekur nú til fiskvinnslufyrirtækja og skipa, fiskimjólframléiðslu, fiskeldis og kjötframléiðslufyrirtækja.

Í lok árs 2009 voru 25 starfsstöðvar í landvinnslu, 4 frystiskip og 20 vinnsluskip með framleiðsluleyfi fyrir fiskafurðir fyrir Rússland.

5.2.4 Eftirlitsheimsókn Eftirlitsstofnunar EFTA

Unnið hefur verið aðgerðum sem settar voru fram í áætlun um úrbætur sem var gerð eftir eftirlitsheimsókn ESA í september 2008. Fyrirkomulagi skoðana skoðunarstofa var breytt á árinu þannig að ákveðin áhersla var í hverri skoðun s.s. meðhöndlun hráefnis og vöru í vinnslu, kælikeðjan, umgengni, rekjanleiki, merkingar, innraeftirlit og HACCP. Í hverri skoðun voru alltaf skoðaðar skráningar innra eftirlits, hreinlæti og þrif og eftirfylgni frá síðustu skoðun. Tilgangurinn með áherslumiðaðum skoðunum var að knýja fram úrbætur á þeim sviðum sem ESA hafði bent á. Eftirfylgni Matvælastofnunar beindist svo einkum að þeim fyrirtækjum sem voru með flest frávik.

ESA benti á að þekking á HACCP væri ábótavant bæði í fyrirtækjum og meðal skoðunarmanna. Matvælastofnum skipulagði tveggja daga HACCP námskeið fyrir eftirlitsaðila, fyrirtæki og ráðgjafa í sjávarútvegi. Einnig beitti Matvælastofnun sér fyrir því að framboð HACCP námskeiða og fræðslu fyrir starfsfólk í sjávarútvegi yrði aukið.

5.2.5 Samræmi í skoðunum

Það er hlutverk MAST að tryggja samræmi í skoðunum meðal fiskvinnslufyrirtækja. Í þeim tilgangi gefur stofnunin út skoðunarhandbækur sem innihalda allar kröfur sem gerðar eru til vinnsluleyfishafa í fiskvinnslum varðandi innra eftirlit, starfsumhverfi, starfsfólk og vinnsluaðferðir, ásamt fyrirmælum um verklag við skoðanir.

Skoðunarhandbækurnar eru 5 talsins:

- Almenn skoðunarhandbók – til úttekta á landvinnslufyrirtækjum og vinnsluskipum
- Skoðunarhandbók fyrir skelfiskvinnslu
- Skoðunarhandbók fyrir fiskimjöl og lýsi
- Skoðunarhandbók fyrir skip og báta
- Skoðunarhandbók fyrir fiskpurkanir

Skoðunarhandbækurnar gegna lykilhlutverki varðandi það að tryggja samræmi í framkvæmd skoðana hjá vinnsluleyfishöfum. Samræmingaraðgerðir með starfsemi faggiltu skoðunarstofanna af hálfu MAST felast að auki í leiðbeiningum, samanburðareftirliti, tölfræðiathugunum og fundahöldum með skoðunarmönnum. Bækurnar eru birtar á heimasíðu Matvælastofnunar.

5.3 Eftirlit með fiskvinnslufyrirtækjum á innanlandsmarkaði

Með lögum nr. 167/2007 um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, varð sú breyting að fiskvinnslur sem framleitt höfðu einvörðungu fyrir innanlandsmarkað, voru felldar undir eftirlit Matvælastofnunar svo fremi að starfsemi væri ekki í tengslum við smásölu. Þessi ákvæði er að finna í e.-lið 6. greinar laga nr. 93/1995 um matvæli. Fram til þess höfðu flest þessara fyrirtækja verið undir eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Vegna fyrirhugaðrar innleiðingar hollustuhátta- og eftirlitsreglugerða Evrópusambandsins var ákveðið að biðja með þessa yfirtöku þar til fyrir lægi ákvörðun um framtíðarskipulag eftirlits innan sjávarútvegsins, en eins og fram kemur í lið 5.2.1 þá annast skoðunarstofur reglubundið eftirlit í fiskvinnslufyrirtækjum. Með innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins skyldi þetta ákvæði endurkoðast. Ófyrirsjáanleg töf varð á þessari kerfisbreytingu og nú liggur fyrir að endurskoðun ákvæðisins um skoðunarstofur kemur ekki til framkvæmda fyrr en 1. mars 2011. Þegar þetta varð ljóst var hafist handa við að kortleggja hvaða fyrirtæki það væru sem munu færast undir eftirlit Matvælastofnunar. Stefnt er að því að þessari yfirfærslu verði lokið í mars 2010.

5.4 Fundir og fræðsla

Starfsmaður MAST hélt erindi á Norrænu eftirlitsráðstefnunni í Malmö: Hollustuhættir í fiskvinnslu, könnun og erindi norrænni lögræðingaráðstefnu í Reykjavík: Fusk með fisk.

Starfsmenn sóttu 3 námskeið sem skipulögð voru af ESB/DG SANCO. Einn starfsmaður sótti námskeið í Porto HACCP Course Type 2: audit to verify implementation of HACCP systems by food and feed business operators. Námskeiðið Training on Hygiene and Controls in Fishery Products and LBM var haldið á Spáni og var það sótt af tveimur starfsmönnum. Fimm starfsmenn sóttu námskeið; HACCP í sjávarútvegi sem skipulagt var af MATÍS fyrir MAST.

6. Grænmeti og ávextir

Matvælastofnun fer með eftirlit með varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Eftirlitið er í samræmi við reglugerð nr. 672/2008 um varnarefnaleifar í matvælum og fóðri og reglugerð 736/2003 um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum. Með reglugerð 672/2008 eru hámarksleifar varnarefna samræmdar því sem er í Evrópusambandinu og þar með á EES. Enn á þó eftir að innleiða héraendis viðauka við reglugerðina og gilda enn hámarksgildi úr eldri reglugerð.

6.1 Starfsleyfi

Eftirlit með matvælafyrirtækjum sem dreifa grænmeti og ávöxtum er í höndum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði sbr. reglugerð 455/2006 um kartöfluútsæði og veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar (sjá kafla III:3.2.1).

6.2 Eftirlit

Árið 2009 voru tekin 300 sýni af ávöxtum og grænmeti af innfluttri vöru og innlendri framleiðslu til eftirlits með leifum varnarefna. 116 sýni voru tekin af ávöxtum, allt erlend framleiðsla og 184 af grænmeti, en um helmingurinn var íslensk framleiðsla. Sýnatökur dreifðust á tímabilið frá byrjun febrúar fram í miðjan desember.

Flest fyrirtæki sem flytja inn ávexti og grænmeti eru staðsett á eftirlitssvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Matvælasvið Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tók sýni tvisvar til fjórum sinnum í mánuði hjá innflutningsaðilum og dreifingaraðilum á höfuðborgarsvæðinu, 6-12 sýni í hverri sýnatökuferð. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tók þátt í sýnatökum árið 2009 og fór eina ferð til nokkurra framleiðenda grænmetis og tók hjá þeim sýni til mælinga varnarefnaleifa.

Árið 2009 voru ekki tekin sýni vegna mælinga á nitrati í grænu blaðgrænmeti.

6.3 Rannsóknir

MAST gerði samning við Matís ohf. um mælingar á varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti. Varnarefnaleifar eru mældar á rannsóknastofu Matís ohf á Akureyri og eru sýni send til Akureyrar á sýnatökudegi.

Í upphafi árs var skimað fyrir leifum 48 varnarefna á rannsóknastofu Matís ohf., en í apríl var 13 nýjum varnarefnum bætt við og urðu efnin þá 61 talsins. Efnin sem bættust við eru: Acefat, bitertanol, fenarimól, fention, fipronil, fosmet, methiocarb, myclobutanil, pyridabem, pyrimethanil, pirimicarb, terbuconazole og tetradifon.

Af sýnunum 300 voru 208 (69%) án varnarefnaleifa eða reyndust ekki innihalda leifar neins af þeim varnarefnum sem skimað var fyrir. Önnur sýni innihéldu leifar eins eða fleiri efna, en tvö sýni reyndust hvort fyrir sig innihalda leifar 5 mismunandi efna. Efnin sem oftast greindust voru Imasalil (53), Tíabendasól (31) og Klórpyrifos (25).

Ljóst er af framangreindu að ástand ávaxta og grænmetis á markaði héraendis er gott, en þó er brýn þörf á að fjölga þeim eignum sem skimað er fyrir. Krafa þar að lútandi kemur einnig fram í reglugerð EB nr 1213/2008 um samræmda eftirlitsáætlun bandalagsins fyrir árin 2009, 2010 og 2011 til að tryggja að reglum um hámarksgildi sé fylgt og til að meta fæðutengd váhrif neytenda vegna varnarefnaleifa í og á matvælum af jurta- og dýrauppruna. Þar er einnig krafa um að skimað verði fyrir varnarefnaleifum í kornvöru og dýraafurðum. Ísland hefur fengið frest til 5 ára til að uppfylla mæliskyldu sem fram kemur í þessari reglugerð.

Ástæða er til að benda á að þau hámarksgildi sem sett eru fyrir varnarefni eru alla jafnan mjög lág og magn þeirra sem finnast kann í matvælum á að vera langt undir því sem hugsanlega gæti verið varasamt heilsu manna.

Tafla V.6.1: Sýnataka 2009

Sýnategund	Fjöldi
Sítrusávextir	37
Kjarnávextir	23
Steinaldin	5
Ber	22
Ýmsir ávextir	29
Kartöflur	16
Rótar og hnýðisgrænmeti	25
Grænmetisaldin	71
Blaðgrænmeti og krydd	17
Kál	29
Stilkgrænmeti	6
Laukur	16
Ertur og belgávextir	2
Sveppir	2

7. Kjöt og kjötafurðir

Starfandi sláturhús voru 16 á árinu.

Tafla V.7.1: Magn slátrunar hjá sláturleyfishöfum og hlutdeild markaðar

Sláturleyfishafi	Hross		Nautgripir		Sauðfé		Svín		Alifuglar	
	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.
Sláturfélag Suðurlands	2.443	339.777	5.640	948.271	97.426	1.572.903	10.869	879.983		
Sláturhús KVH ehf	1.088	138.712	1.300	264.379	80.660	1.349.197	0	0		
SAH Afurðir ehf	2.488	263.285	1.432	293.193	91.185	1.492.081	0	0		
Kaupfélag Skagfirðinga	567	81.873	1.235	219.607	102.216	1.657.326	0	4.422		
Norðlenska ehf	164	22.258	4.943	900.437	76.980	1.284.871	15.846	1.204.351		
Norðlenska Höfn	0	0	0	0	32.638	514.720	0	0		
B. Jensen ehf	307	63.975	1.101	219.717	0	0	5.239	440.655		
Sláturhúsið Helli hf	972	104.134	4.420	863.089	0	0	747	59.790		
Sláturfélag Vopnfirðinga	21	4.110	242	52.343	28.377	474.032	0	0		
Fjallalamb					30.093	495.672	0	0		
Stjörnugrís h/f							51.098	3.785.439		
Ísfugl									699.577	1.194.703
Matfugl ehf									1.931.544	2.865.942
Reykjagarður hf									1.963.005	3.079.458
Ísen									2.511*	6.027*
Samtals	8.050	1.018.124	20.313	3.761.036	539.575	8.840.802	83.799	6.374.640	4.596.637	7.146.130

7.1 Starfsleyfi

Ekki voru veitt ný starfsleyfi á árinu. Sláturfélagi Vopnfirðinga var veitt leyfi til útflutnings á dilkakjöti í heilum skrokkum.

7.2 Eftirlit

Daglegt eftirlit er á höndum héraðsdýralækna. Sérgrainadýralæknar fóru einnig í hús mismunandi oft eftir eðli og umfangi starfsemi. Framkvæmdir voru úttektir á innra eftirliti og á störfum héraðs- og eftirlitsdýralækna. Almenn er staðan góð í sauðfjárslátrun, en hús eiga lengra í land með að standast Evrópukröfur um slátrun á öðrum búfjártegundum, nema þau sem þegar hafa leyfi til útflutnings þangað.

7.2.1 Yfirkjötmat

Yfirkjötmat Matvælastofnunar nær til kinda-, stórgripa- og svínakjöts og er fjórþætt:

- Mótun reglna um kjötmat
 - Hafa forystu um mótun á reglum um gæðamat og flokkun á kjöti og fylgjast með nýjungum
- Skipun kjötmatsmanna og fræðsla
 - Skipuleggja námskeið fyrir kjötmatsmenn sláturhúsa
 - Meta hæfni þeirra
 - Leiðbeina þeim og samræma störf þeirra með reglubundnum hætti
- Yfirmat
 - Skera úr ágreiningi um kjötmat og störf kjötmatsmanna
- Söfnun upplýsinga
 - Sjá til þess að safnað sé upplýsingum um gæðamat á kjöti og að þær séu til reiðu á aðgengilegu formi

Árið 2009 var haft eftirlit með kjötmati í 11 sláturhúsum á vegum 10 sláturleyfishafa. Stórgripum var slátrað í 9 þeirra, svínum í 6 og sauðfé í 8 sláturhúsum. Sláturhúsin voru heimsótt, kjötmatið tekið út og kjötmatsmönnum leiðbeint. Framkvæmd kjötmatsins var með eðlilegum hætti en í fáeinum ágreiningsmálum fór fram yfirmat.

Við upphaf sauðfjárslátrunar í ágúst voru haldin samræmingarnámskeið fyrir kjötmatsmenn sem störfuðu í slátrunartíðinni. Þá kom út handbók um snyrtingu sauðfjárskrokka sem unnin hafði verið í samvinnu við Matís með styrk frá Bændasamtökum Íslands.

Af niðurstöðum kjötmatsins má nefna að árið 2009 var vænleiki sláturlamba mjög svipaður og metárið 2008, meðalvigt var 15,85 kg. Framleiðsla dilkakjöts var nær óbreytt milli ára (0,2% minni). Holdfyllingarmat var áfram að meðaltali mjög gott og fitustig lækkaði aðeins. Hlutfall feitustu flokkanna (fitufl. 3+, 4 og 5) fór úr 11,8% í 11,6%.

Framleiðsla á nautgripakjöti var 4,3% (154 tonnum) meiri en 2008. Skipting í matsflokkka var svipuð, þó fór heldur lægra hlutfall ungneytaskrokka í úrvalsflokk (9,6% í stað 11,7%) en meðalvigt í þeim flokki hækkaði um 3 kg milli ára í 280,4 kg.

Framleiðsla grísakjöts dróst saman um 6% (388 tonn) milli ára en jókst lítillega á hrossakjöti (1,3% eða 13 tonn). Nánari upplýsingar um skiptingu kjöttegunda í matsflokkka eru birtar í töflum í Viðauka 3 (VII.3).

7.3 Rannsóknir

Aðskotaefnasýni voru tekin samkvæmt eftirlitsáætlun MAST. Þau voru greind á Keldum, hjá Matís og erlendum rannsóknarstofum. Niðurstöður voru allar fullnægjandi. Einnig voru tekin vatnssýni til eftirlits í sláturhúsum og vinnslusölum þeirra. Þær niðurstöður voru í flestum tilfellum fullnægjandi og alltaf eftir rannsókn á aukasýni eftir að úrbætur höfðu verið gerðar.

7.4 Fundir og fræðsla

Sérgrainadýralæknir sótti 5 daga námskeið í Budapest um aflifun dýra og velferð þeirra í sláturhúsum. Haldið var námskeið fyrir aðstoðarfólk í sláturhúsum á Blönduósi í byrjun slátrunartíðar. Einnig var haldinn upplýsingafundur fyrir erlenda dýralækna og nýja íslenska sem fóru til starfa í sauðfjárslátrun.

Haldin voru erindi á málþingi um Nýjan norrænan mat og á morgunverðarfundum Matís um villibráð og meðferð hennar. Þess utan kynningar innan MAST um nýjar reglugerðir í tengslum við samþykkt Matvælafrumvarpsins og við innleiðingu reglugerða ESB.



8. Mjólk og mjólkurafurðir

Mjólkurstöðvar með starfsemi á árinu voru átta. Sjö þeirra eru með útflutningsleyfi.

Tafla V.8.1: Mjólkurstöðvar með útflutningsleyfi

Mjólkurstöð	Innvigtun 2009	Fjöldi kúabænda
MS Reykjavík	15.396.880	91
MS Búðardal	4.324.552	37
MS Ísafirði	1.410.168	9
Mjólkursamlag KS	11.584.628	53
MS Akureyri	38.343.588	216
MS Egilsstöðum	5.425.260	27
MS Selfossi	49.084.385	261
Samtals	125.569.461	694

Innvigtun minnkaði á milli ára um 483 þús lítra og framleiðendum fækkaði um 25. Auk þessa starfar Mjólka sem mjólkurstöð, en er ekki með útflutningsleyfi. Hún tekur sína hrámjólka til vinnslu frá MS.

8.1 Starfsleyfi

Miklar skipulagsbreytingar voru í vinnslupáttum milli stöðva. Öll ostavinnsla færðist í lok árs 2008 til mjólkurstöðvanna frá Osta- og smjörslunni. Þeim breytingum var lokið á á árinu 2009.

8.2 Eftirlit

Árleg úttekt fór fram seinni hluta árs með þeim stöðvum sem hafa útflutningsleyfi. Stöðvarnar heimsóttar og farið yfir búnað og eftirlitskerfi. Með í för voru fulltrúar heilbrigðiseftirlits, gæðastjóri MS og viðkomandi héraðsdýralæknir.

Almennt voru niðurstöður mjög góðar þótt alltaf megi finna eitthvað sem betur má fara. Farið var yfir aðfinnslur á staðnum með fulltrúum hlutaðeigandi. Skýrslu var skilað til hlutaðeigandi aðila um niðurstöður heimsóknarinnar á hverjum stað.

8.3 Rannsóknir

Tekin voru aðskotaefnasýni af mjólka hjá framleiðendum skv. eftirlitsáætlum Matvælastofnunar. Sýnin eru tekin í samstarfi við héraðsdýralækna í hverju umdæmi og er sýnatöku dreift um landið og stjórnað þannig að hún gefi sem gleggsta mynd af ástandinu á hverjum tíma. Sýnin eru greind bæði hvað varðar fúkalyfjaleifar og óæskileg aðskotaefni. Sýnin eru rannsökuð bæði hjá innlendum viðurkenndum rannsóknarstofum (Keldur og Matís) og erlendis. Niðurstöður eru oftast innan greiningarmarkna og allar innan viðmiðunarmarkna.

9. Vatn

Eftirlit með ástandi neysluvatns er í höndum heilbrigðisnefnda undir yfirumsjón Matvælastofnunar. Hugtakið neysluvatn er skilgreint í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

„Neysluvatn, vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum og ætlað er til neyslu, eða matargerðar. Einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.“

Það er mikilvægt að smærri matvælaframleiðendur eins og kúabændur geri sér grein fyrir því að ef það neysluvatn sem þeir nota kemur úr eigin vatnsbólum þá þarf það að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til neysluvatns. Hægt er að nálgast bækling um litlar vatnsveitur á heimasíðu Matvælastofnunar, www.mast.is.

Tafla V.9.1: Fjöldi vatnsveitna á skrá hjá HES frá 2003

Ár	Fjöldi vatnsveitna
2003	176
2004	468
2005	661
2006	701
2007	726
2008	678
2009	693

Um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn gildir reglugerð nr. 405/2004. Eftirlitshlutverk er í höndum heilbrigðisnefnda undir yfirumsjón Matvælastofnunar. Matvælastofnun veitir umsagnir um umsóknir um nýtingu náttúrulegs ölkelduvatns til dreifingar. Engar umsóknir bárust 2009.



10. Innflutningur

Matvælastofnun fer með eftirlit með framleiðslu, dreifingu og sölu á matvælum í landinu. Eftirlitið nær ennfremur til inn- og útflutnings matvæla. Umdæmisskrifstofa Matvælastofnunar er staðsett að Stórhöfða 23, 110 Reykjavík. Á umdæmisskrifstofunni hafa aðsetur skrifstofa inn- og útflutningeftirlits og héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis.

Eftirlitið er framkvæmt á nokkra mismunandi vegu eftir tegund afurða. Þar fer mest eftir því hvaða reglur gilda um hverja tegund afurða. Hvað fisk og fiskafurðir varðar eru í gildi evrópureglur tengdar EES samningnum. Varðandi krydd, hnetur og ýmsar aðrar tegundir matvæla er eftirlitið á formi auglýsinga sem miðast við aðvaranir úr alþjóðlegum viðvörðunarkerfum. Innflutningur búfjárafurða er háður sérstökum íslenskum lögum sem tengjast hollustu og heilnæmi afurða, sem og vörnum gegn því að búfjársjúkdómar berist til landsins.

Hlutverk inn- og útflutningsskrifstofu er að hafa eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, afurða þeirra sem ætlaðar eru til manneldis, dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis og ýmsum öðrum afurðum. Þá er henni ætlað að hafa eftirlit með innflutningi á notuðum tækjum sem hafa verið notuð í eða við landbúnað.

Árið 2009 einkenndist af þeim efnahagsbreytingum sem urðu í samfélaginu seint á árinu 2008. Íslenska krónan féll verulega. Verð á innfluttum vörum hækkaði til muna og verulega saman á árinu. Hagstæðara varð að flytja út innlenda framleiðslu.

Ný Matvælalög voru samþykkt frá Alþingi í desember árið 2009. Þau eru að verulegu leyti til samræmis við reglur Evrópusambandsins. Þar með koma innflutningsreglur varðandi dýraafurðir til með að breytast. Ýmsar reglur taka gildi á mismunandi tímum. Þannig taka sumar gildi 1. mars 2010 en aðrar ekki fyrr en 1. nóvember 2011. Það á við um reglur varðandi innflutning dýraafurða. Breytingar verða þá á innflutningseftirliti, þannig að dýraafurðir frá ríkjum utan EES verða skoðaðar á landamærastöð, þar sem framkvæmd verður skjala-, einkenna- og vöruskoðun ásamt sýnatöku.

Þrátt fyrir þetta verða reglur varðandi innflutning lifandi dýra óbreyttar. Fjallað er um eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra í kafla VI.12 og VI.13.

10.1 Viðvörðunarkerfi ESB og EFTA

Matvælastofnun fer með eftirlit með innflutningi matvæla og fódurs og er framkvæmdin í nánú samstarfi við heilbrigðiseftirlit sveitafélaga. Um 16 tilkynningar voru sendar til heilbrigðiseftirlits sveitafélaga um aðgerðir og innköllun á markaði. Afgreiddar voru 230 umsóknir vegna takmarkana á innflutningi, sem eiga sér stoð í reglum sem birtar eru í forni auglýsinga.

Matvælastofnun er tengiliður Íslands við viðvörðunarkerfi ESB og EFTA ríkja (Rapid Alert System for Food and Feed – RASFF) og hefur kerfið verið við lýði í 30 ár. Heildarfjöldi RASFF tilkynninga á árinu voru 7102. Alls voru 11 RASFF tilkynningar um vörur sem höfðu borist til Íslands og var um að ræða erfðabreytt hörfræ frá Kanada í 4 tilvikum. Þrjár tilkynningar voru um flæði þalata þ.e. tvær um lok á dósnum og ein um plastsleifar. Tvær tilkynningar voru um salmonella í matvælum þ.e. í orkustykkjum og fæðubótaefni frá Bandaríkjunum. Ein tilkynning var um sojasósu frá Malasíu með of hátt magn af MCPD en efnið getur myndast þegar sojasósa er framleidd.

Ísland sendi frá sér eina tilkynningu á árinu í gegnum RASFF kerfið um fódur þ.e. salmonellu í sojamjöli frá Argentínu sem greindist við landamæraeftirlit. Ein RASFF tilkynning kom um íslensk matvæli en hún var um kaviár í dós sem mældist með of hátt magn af litarefnum. Þetta var ný vara sem var sérþöntuð frá erlendu fyrirtæki og var hún innkölluð.

10.1.1 Sýnatökur 2009

Alls voru tekin 16 sýni á markaði til rannsókna á árinu m.a. vegna augýsinga sem eru í gildi um súdanlitarefni (mg/kg) í kryddum og aflatoxín (µg/kg) í hnetum og fíkjum. Í einu sýni af parahnetur frá Bólivíu mældist aflatoxín en undir aðgerðarmörkum en það sýni var tekið vegna fjölda RASFF tilkynninga um parahnetur. Sjá töflu 13.

Tafla V.10.1: Sýnatökur innflutningseftirlits 2009

Hnetur/fíkjur	Vörutegund	Rannsókn	Aflatoxín				Niðurstöður	Upprunaland
			B1	B2	G1	G2		
Sýni nr. 1	Heslihnetur	Aflatoxín	<0.1	<0.1	<0.1	<0.1	Neikvætt	Tyrkland
Sýni nr. 2	Fíkjur	Aflatoxín	<0.1	<0.1	<0.1	<0.1	Neikvætt	Tyrkland
Sýni nr. 3	Parahnetur	Aflatoxín	0.8	0.1	3.2	0.5	Neikvætt*	Bólivía
Sýni nr. 4	Möndlur	Aflatoxín	<0.1	<0.1	<0.1	<0.1	Neikvætt	BNA
Sýni nr. 5	Fíkjur	Aflatoxín	<0.1	<0.1	<0.1	<0.1	Neikvætt	Tyrkland
Sýni nr. 6	Möndlur	Aflatoxín	<0.1	<0.1	<0.1	<0.1	Neikvætt	Bandaríkin
Sýni nr. 7	Möndlur	Aflatoxín	<0.1	<0.1	<0.1	<0.1	Neikvætt	Hollland/
Sýni nr. 8	Jarðhnetur	Aflatoxín	<0.1	<0.1	<0.1	<0.1	Neikvætt	Taíland
Sýni nr. 9	Jarðhnetur	Aflatoxín	<0.1	<0.1	<0.1	<0.1	Neikvætt	Asía

Krydd	Vörutegund	Rannsókn	Sudan				Niðurstöður	Upprunaland
			1	2	3	4		
Sýni nr. 10	Paprika	Sudan	<1	<2	<2	<2	Neikvætt	BNA
Sýni nr. 11	Karrí	Sudan	<1	<2	<2	<2	Neikvætt	S-B/Indland
Sýni nr. 12	Paprika	Sudan	<1	<2	<2	<2	Neikvætt	BNA
Sýni nr. 13	Chilepipar	Sudan	<1	<2	<2	<2	Neikvætt	BNA
Sýni nr. 14	Tandorri masala	Sudan	<1	<2	<2	<2	Neikvætt	Blanda
Sýni nr. 15	Madras karrí	Sudan	<1	<2	<2	<2	Neikvætt	Indland
Sýni nr. 16	Pálmolía	Sudan	<1	<2	<2	<2	Neikvætt	Ghana

* Heildarmagn var 4.6 µg/kg en óvissumörk voru undir hámarksgildum.

10.2 Sjávarafurðir

Skrifstofa Inn- og útflutningsmála annast rekstur landamærastöðva og eftirlit með innflutningi sjávarafurða til landsins og þar með inn á Evrópska efnahagssvæðið (EES), skv. lögum nr. 55/1998 og reglugerð nr. 849/1999.

Innflutningseftirlit með sjávarafurðum felst í skoðun skjala sem þurfa að fylgja vörunni, auðkenningu vörunnar, þ.e. hvort merkingar séu réttar samkvæmt meðfylgjandi skjölum og heilnæmisskoðun sem felur meðal annars í sér hitastigsmælingar, skynmat og sýnatöku til rannsókna.

Á landinu eru starfræktar átta landamærastöðvar. Þær eru staðsettar í Hafnarfirði, Keflavíkurflugvelli, Þorlákshöfn, Akureyri, Húsavík, Ísafirði og tvær í Reykjavík. Landamærastöðvunum er stjórnað frá Inn- og útflutningsskrifstofu í Reykjavík. Stærsti hluti innflutnings á sjávarafurðum frá löndum utan EES fór fram á landamærastöðvunum á höfuðborgarsvæðinu (Tafla x).

Tafla V.10.2: Innfluttar sjávarafurðir frá þriðju ríkjum eftir landamærastöðvum árið 2009

Landamærastöð	Fjöldi sendinga	Heildarþyngd (kg nettó)
Hafnarfjörður	54	9.484.473
Reykjavík (Eimskip)	178	8.944.179
Reykjavík (Samskip)	16	1.780.101
Akureyri	2	548.885
Ísafjörður	3	403.750
Keflavíkurflugvöllur	7	1.871
Húsavík	0	0
Þorlákshöfn	0	0
Samtals:	257	21.163.259


Beituinnflutningur frá þriðju ríkjum var 2.784.609 kg. Fjöldi sýnishorna frá þriðju ríkjum sem ætluð voru til rannsókna eða kynninga voru sex og vógu samtals 44 kg. Á árinu voru alls flutt inn 23.947.912 kg af sjávarafurðum frá þriðju ríkjum, sem er 12% aukning frá því í fyrra.

Innan EES eru viðskipti milli aðildarríkja í svokölluðu „frjálsu flæði“, þannig að ekki er um eiginlegan innflutning að ræða, en viðskiptaaðilum er skylt að tilkynna Matvælastofnun um hvenær von er á vörusendingu til landsins. Þeir þurfa síðan staðfestingu Matvælastofnunar um móttöku tilkynninga til þess að fá vöruna tollafgreidda. Alls voru 718 sendingar af sjávarafurðum fluttar inn frá EES löndum á árinu, en þar af voru 30 endursendingar af íslenski vöru.

10.3 Kjöt

Á árinu 2009 var mest flutt inn af hráu svínakjöti eða 156 tonn sem er 42% af heildarinnflutningi á hráum kjötvörum, þar af 122 tonn frá Danmörku. Næst mest var flutt inn af nautakjöti eða 142 tonn sem er 38% af heildarinnflutningi á hráum kjötvörum, mest frá Þýskalandi eða rúm 54 tonn og Hollandi þar á eftir með 50 tonn. Gríðarlegur samdráttur varð í innflutningi á hráum afurðum miðað við 2008. Nánari samantekt á magni innflutts kjöts miðað við uppruna má sjá í Mynd 5.


Mynd V.10.1: Innflutningur á hráum kjötafurðum 2009 (samaltals: 574.357 kg)



10.4 Soðnar eða unnar búfjárafurðir

Með hliðsjón af 4. gr. reglugerðar nr. 509/2004 er heimilt að flytja til landsins soðnar eða unnar búfjárafurðir. Afurðunum þurfa að fylgja fullnægjandi vottorð um uppruna, hitameðferð og viðurkenningu afurðastöðva.


Mynd V.10.2: Magn af innfluttum soðnum eða unnum kjötafurðum (tollflokkur 16)



10.5 Mjólkurafurðir

Samantekt um magn innfluttra mjólkurafurða má sjá á Mynd V.10.3.

Mynd V.10.3: Magn af innfluttum ostum og öðrum unnum mjólkurafurðum eftir löndum 2009 (Samaltals: 314.073 kg)



10.6 Áburður, plöntur og fóður

Fjallað er um innflutning á áburði, plöntum og fóðri í kafla V.2, V.3 og V.4.


11. Útflutningur

Matvæli frá Íslandi eru flutt út til margra landa víðsvegar um heim, einkum til Evrópu. Meðal verkefna Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir sjávar- og búfjárafurðir sem fluttar eru út. Upplýsingar á heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands.

11.1 Mjólkurafurðir

Mynd X sýnir útflutning mjólkurafurða frá Íslandi. Einnig var flutt út (<12 kg) til Finnlands, Frakklands, Grikklands, Indónesíu, Ítalíu, Japan, Kína, Kórea, Króatía, Portúgal, Suður Afríka og Þýskalands. Útflutningur dróst saman um 13,6% milli ára.


Mynd V.11.1: Útflutningur mjólkurafurða 2009 (samaltals 1.367.432 kg)



11.2 Kjöt

Heildarútlutningur á kjöti 2009 var 3.600 tonn sem er aukning um 36,7% milli ára. Mest var flutt út af lambakjöti (3.348 tonn), sem er 42 % aukning frá árinu áður. Þar næst kom hrossakjöt (251 tonn), svínakjöt (153 tonn), nautakjöt (1,3 tonn), hreindýrakjöt (0,3 tonn) og fuglakjöt (0,1 tonn). Myndir X sýnir dreifingu á útlutningi á lambakjöti árin 2008 og 2009. Tafla X sýnir útlutning á hrossakjöti.

Mynd V.11.2: Útlutningur á lambakjöti 2009



Tafla V.11.1: Útlutningur á hrossakjöti 2009

Innflutningsland	Magn (kg)
Vietnam	94575
Sviss	54302
Danmörk	32913
Þýskaland	24016
Kína	23950
Finnland	21714

Af þórramat var flutt út 536 kg, mest til Bandaríkjanna (90%) en einnig til Ástralíu (10%).

11.3 Útgáfa vottorða vegna útflutnings sjávarafurða

Við útlutning sjávarafurða til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins er krafist sérstakra vottorða. Vottorðin staðfesta að afurðirnar séu unnar, geymdar og fluttar við aðstæður sem uppfylla opinberar kröfur um vinnslu sjávarafurða. Á vottorðinu kemur m.a. fram vinnsluleyfisnúmer framleiðanda, en án vinnsluleyfis er ekki heimilt að framleiða sjávarafurðir til útflutnings.

Í byrjun árs 2007 var fyrst tekið í notkun rafrænt kerfi til útgáfu útflutningsvottorða. Kerfið er liður í að auka rafræna stjórnslu og hefur það aukið mjög skilvirkni í útgáfunni og auðveldað allt utanumhald og eftirlit með vottorðunum. Áframhaldandi þróun á kerfinu er á döfinni.

Á síðast liðnu ári voru gefin út hátt á fjórða þúsund útflutningsvottorð vegna sjávarafurða. Um fimmtungur vottorðanna var almenn útflutningsvottorð, en níu aðrar útgáfur voru gefnar út til mismunandi innflutningslanda (Tafla xx). Heildarfjöldi vottorða vegna útflutnings á sjávarafurðum dróst saman um 10% frá fyrra ári.

Tafla V.11.2: Skipting útflutningsvottorða vegna sjávarafurða til ríkja utan EES árið 2009

Ríki utan EES	Fjöldi vottorða
Úkraína	1.087
Almennt	817
Hvítarússland	655
Kína	479
Rússland	315
Moldavía	233
Bandaríkin	159
Önnur ríki	40
Samtals:	3.785

12. Markaðseftirlit

Opinbert eftirlit með matvælum á markaði er í höndum heilbrigðisnefnda, en heilbrigðisnefndir starfa undir yfirumsjón Matvælastofnunar skv. lögum um matvæli nr. 93/1995. Landinu er skipt upp í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði.

Mynd V.12.1: Heilbrigðiseftirlitssvæði

Svæðaskipting	Skammstöfun	Heilbrigðiseftirlitssvæði
	HHK	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
	HER	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar
	HKJ	Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
	HVL	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
	HVF	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
	HNV	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
	HNE	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
	HAUST	Heilbrigðiseftirlit Austurlands
	HSL	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
	HSN	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

HHK annast einnig eftirlit í Garðabæ og Álftanesi. HKJ annast eftirlit í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og í Kjós

Á hverju ári senda heilbrigðiseftirlitssvæðin niðurstöður eftirlits frá árinu áður til MAST. Þar kemur m.a. fram fjöldi eftirlitsstaða og fjöldi heimsókna. Þessar upplýsingar eru sendar eftirlitsstofnun EFTA vegna skuldbindinga okkar við EES samninginn.

Tafla V.12.1: Eftirlit með vatnsveitum; framleiðsla og þökkun; og heildsölu, innflutningi og flutningi

Svæði	Vatnsveitur		Framleiðsla og þökkun		Heildsala, innflutningur, flutningur	
	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir
HHK	7	100%	48	83%	28	36%
HER	1	100%	55	100%	104	76%
HKJ	13	62%	6	83%	2	100%
HVL	118	55%	15	100%	4	75%
HVF	40	100%	6	83%	6	67%
HNV	110	81%	8	100%	4	100%
HNE	167	57%	40	95%	8	100%
HAUST	103	63%	17	53%	10	80%
HSL	127	45%	69	64%	12	58%
HSN	7	100%	13	85%	3	67%
Samtals	693	762	277	846	181	758

* Fjöldi eftirlitsstaða um áramót

12.1 Vatnsveitur

Heilbrigðiseftirlitið hefur m.a. eftirlit með öllum vatnsveitum/vatnsbólum á landinu, að undanskildum þeim sem þjóna færri en 50 manns eða 20 íbúðum/sumarbústöðum (sjá Töflu V.12.1). Allar vatnsveitur (vatnsból) sem þjóna matvælafyrirtækjum eru undir eftirliti. Öll bú sem framleiða afurðir sem nýttar eru til manneldis, eru skilgreind sem matvælafyrirtæki í þessu samhengi. Hér fyrir neðan er tafla þar sem m.a. kemur fram fjöldi vatnsveita um áramót og hversu mörg þeirra fengu heimsókn eftirlitsaðila á síðasta ári. Fjöldi vatnsveita/vatnsbóla voru 693 talsins um áramótin 2009-2010.

12.2 Framleiðsla og þökkun

Fyrirtæki sem flokkast "Framleiðsla og þökkun" og er undir eftirliti heilbrigðissvæða eru kjötvinnslur með/án reykingar, grænmeti/ávextir, mjólkurstöðvar, ostagerð, drykkjarvöru-framleiðsla, brauð- og kókugerð, súkkulaði- og

sælgætisframleiðsla, krydd- og aukefna- og bragðefnavinnsla, salat- og samlokugerð, sósu- / sultu- / grautaframleiðsla og aðrar matvælaverksmiðjur sem eru undir eftirliti heilbrigðissvæðana. Alls eru 277 fyrirtæki í þessum flokki (Tafla V.12.1).

12.3 Heildsala, innflutningur og flutningur

Heildsala, innflutningur og flutningur þar með talin dreifing matvæla, vörugeymslur / vöruhótel og vöruflutningamiðstöðvar voru í allt 181 á landinu öllu. Vakin er athygli á að sum fyrirtæki eru með starfsstöðvar á fleiri en einum stað á landinu, og hver starfsstöð er undir eftirliti á því heilbrigðissvæði sem hún tilheyrir. Fyrirtæki sem flytja inn fæðubótaefni eru einnig í þessum flokki (sjá Töflu V.12.1).

Tafla V.12.2: Eftirlit með smásölu, stórelldhúsum og öðrum eftirlitspegum

Svæði	Smásalar		Stórelldhús		Aðrir eftirlitspegar	
	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir
HHK	81	69%	244	99%	0	0%
HER	254	95%	670	99%	24	0%
HKJ	14	86%	37	84%	3	0%
HVL	25	88%	136	100%	69	78%
HVF	27	70%	91	0%	100	0%
HNV	32	100%	64	100%	52	100%
HNE	59	98%	172	95%	0	0%
HAUST	44	70%	140	96%	115	41%
HSL	60	83%	237	82%	117	26%
HSN	39	100%	109	90%	0	0%
Samtals	635	860	1900	844	480	246

* Fjöldi eftirlitsstaða um áramót

12.4 Smásalar

Í flokknum "Smásalar" eru allar matvöruverslanir / stórmarkaðir með og án vinnslu matvæla, sölurnar með og án óvarinna matvæla, matsöluvagnar, fiskbúðir með og án vinnslu matvæla, brauðbúðir með og án bakarís og önnur smásala á matvöru og drykkjum í sérvöruverslunum, lyfjabúðum, heilsuræktarstöðvum og bensínstöðvum. Alls eru 635 fyrirtæki í þessum flokki (sjá Töflu V.12.2).

12.5 Stórelldhús

"Stórelldhús" eru allir matsölustaðir, skyndibitastaðir, mótuneyti / móttökueldhús (hótel, dvalarheimili, skólar, leikskólar, sjúkrahús, vinnustaðir), mótuneyti með útseldan mat, sala á tilbúnum mat, krár og kaffihús með matsölu. Alls eru 1900 fyrirtæki í þessum flokki (sjá Töflu V.12.2).

12.6 Aðrir eftirlitspegar

Önnur fyrirtæki sem einnig falla undir matvælaeftirlit heilbrigðisnefnda eru t.d. tímabundin starfsemi hverskonar, bændagisting, félagsheimili, samkomusalir og önnur óskilgreind starfsemi þar sem matvæli eru til dreifingar, hvort sem um er að ræða sölu eður ei. Alls eru 480 í þessum flokki (sjá Töflu V.12.2).

Alls voru 4.166 fyrirtæki á árinu 2009 undir eftirliti heilbrigðisnefnda, 78,5% þeirra fengu heimsókn eftirlitsaðila á síðasta ári. Skráð voru reglugerðabrot á 6,4% eftirlitspega. Er það aukning frá árinu 2008, en þá voru skráð reglugerðabrot á tæp 5% eftirlitspega.

12.7 Önnur verkefni

Heilbrigðiseftirlitin tóku einnig sýni af matvælum til rannsókna, rannsóknarþættir voru: örverur, aðskotaefni, efnasamsetning, umbúðamerkingar eða annað s.s. smásjáskoðum. Alls voru tekin 2.375 sýni til rannsókna, þaraf

voru 1.111 vatnssýni rannsökuð, 13,6% þeirra voru yfir viðmiðunarmörkum. 59,7% af öðrum matvælasýnum voru yfir viðmiðunarmörkum, þar af voru 24,7% vegna umbúðarmerkinga.

Óhætt er að segja að verkefni HES séu næg og í mörg horn að líta á hverju eftirlitssvæði vegna mjög breiðs verksviðs.

13. Nefndarstörf

13.1 Samstarf við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. MAST hefur beint eftirlit með frumframleiðslu á matvælum og inn- og útflutningi en markaðseftirlit er í höndum sveitarfélaga.

Matvælahópur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES) og Matvælastofnunar hélt fimm fundi á árinu. Í hópnum eru nú 10 fulltrúar, 6 frá HES og 4 frá MAST. Jafnframt eru kallaðir til sérfræðingar í þeim málum sem um er rætt hverju sinni. Hlutverk hópsins er að fjalla um málefni er hæst bera á hverjum tíma og varða skipulag, samræmingu og framkvæmd matvælaeftirlits á Íslandi. Hópnum er ætlað að undirbúa, framkvæma og/eða deila út verkefnum er stuðlað geta að framþróun matvælaeftirlits. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur MAST og heilbrigðiseftirlitsins, auk vorfundar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna 10, haustfundar með öllum heilbrigðisfulltrúum og annarra samskipta vegna sameiginlegra verkefna. Jafnframt sækja verðandi heilbrigðisfulltrúar námskeið hjá Matvælastofnun, í samvinnu við Umhverfisstofnun. Eftirlitsverkefni eru unnin í samvinnu Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Verkefni eru mikilvægur samstarfsvettvangur MAST og allra heilbrigðiseftirlitssvæðanna, þar sem kastljósi er beint að ákveðnum þáttum í matvælaeftirliti á öllu landinu á sama tíma eða unnið er að samræmingu eftirlits s.s. með gerð viðmiðunarreglna.

Árið 2009 var farið í eftirfarandi verkefni:

- Salmonella og kampýlóbakter í kjúklingum
- Salmonella í svínnum

Nánari upplýsingar um þessi verkefni og niðurstöður þeirra er að finna á heimasíðu MAST.

13.2 Samráðshópur MAST / UST / SHÍ

Sigurður Örn Hansson og Viktor Stefán Pálsson voru fulltrúar Matvælastofnunar í samráðshópi Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi. Matvælastofnun hóf þátttöku í starfi hópsins á síðari hluta ársins en honum er ætlað að fjalla um ýmis sameiginleg málefni þessara aðila t.d. skipulagningu á vorfundum og haustfundum.

13.3 Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir

Forstöðumaður matvælaöryggis- og neytendamálasviðs á sæti í hópnum. Sjá VI.14.1.

13.4 Önnur nefndarstörf

Forstöðumaður matvælaöryggis og neytendamálasviðs var fulltrúi Matvælastofnunar í stýrihóp vegna Norrænnar matvælaráðstefnu sem haldin var í Reykjavík í nóvember 2010. Forstöðumaður matvælaöryggis- og neytendamálasviðs sat nefnd umhverfisráðuneytis um menntun og skyldur heilbrigðisfulltrúa af hálfu Matvælastofnunar.

Guðjón Gunnarsson fagsviðsstjóri var formaður undirbúningshóps fyrir Norræna matvælaeftirlits ráðstefnu sem haldin verður í Reykjavík í febrúar 2010.

Sérfræðingar matvælaöryggis- og neytendamálasviðs sátu í norrænum fastanefndum um eftirlit og löggjöf og um aðskotaefni og auk þess í ýmsum vinnuhópum sem varða starfsemi sviðsins.

1. Um heilbrigði og velferð dýra

Höfuðverkefni sviðsins er að koma í veg fyrir að nýir sjúkdómar berist til landsins og að stuðla að útrýmingu riðuveiki og garnaveiki og halda öðrum dýrasjúkdómum í skefjum og hindra útbreiðslu þeirra. Hin góða staða dýrasjúkdóma er landbúnaðinum og fiskeldinu ómetanleg auðlind.

Sérgreinadýralæknar sviðsins eru sérfræðingar í sjúkdómum alifugla, fiska, hrossa, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína, Auk þess eru sérfræðingar í skeldýrarækt, tilraunadýrum og faraldsfræði.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að nýir sjúkdómar berist til landsins er yfirumsjón höfð með innflutningi á dýraafurðum og á lifandi dýrum, svo sem gæludýrum, svínunum og erfðaefni þeirra, loðdýrum og frjóeggjum til endurnýjunar á varpstofnum vegna eggja- og kjötframleiðslu.

Varðandi dýravelferð þá veita sérfræðingar sviðsins héraðsdýralæknum og öðrum eftirlitsaðilum sérfræðiaðstoð vegna dýravelferðarmála.

Sérfræðingar sviðsins hafa mikilvægu hlutverki að gegna varðandi matvælaöryggi, sérstaklega þeir sem vinna með svín, alifugla, fiskeldi og skelfisk. Ábyrg notkun dýrallyfja er mikilvæg til að koma í veg fyrir að lyfjaleifar berist í fólk með matvælum af afurðagefandi dýrum. Mjög aukins eftirlits er nú krafist í nýlegri matvælaöryggisátt til að tryggja þetta atriði. Útflutningur á kjöti byggist m.a. á því að eftirlit með þessu atriði sé í góðu lagi. Sérfræðingur í skeldýrum hefur yfirumsjón með töku sýna vegna hættulegs þörungaeiturs sem finnst í skeldýrum á vissum árstímum og náð eftirlit verður að vera með, til dæmis vegna útflutnings.

Náð samstarf er við sérfræðinga í dýrasjúkdómarannsóknum á Keldum og við sóttvarnalækni vegna sjúkdóma sem geta borist á milli manna og dýra, svo sem salmonella, kampýlóbakter, svínaflensa, fuglaflensa og hringkyrfti. Einnig er samstarf við sérfræðinga annarra stofnana vegna förgunar á sóttmenguðum úrgangi svo sem vegna salmonella og miltisbrands.

Tekist var á við fjölda verkefna á árinu 2009. Lokið var við umfangsmiklar breytingar á varnarhólfum og varnarlinum með útkomu auglýsingar nr. 739/2009 um varnarlinur vegna sauðfjársjúkdóma, en þessi vinna hófst árið 2005. Talsvert var um fræðslufundi þ.a.l.

Varðandi A-sjúkdóma, þá greindist riða aðeins á tveimur bæjum í Skaga- og Eyjafjarðarumdæmi í byrjun ársins. Af B-sjúkdómum greindust salmonellasýkingar og garnaveiki á nokkrum búum og lungnafár í mink á tveimur búum. Einnig greindist nýr B-sjúkdómur, þ.e.a.s. nýtt afbrigði af svínainfluensu H1N1 á tveimur búum, þar sem starfsmenn smituðu svínin, þrátt fyrir að MAST hefði lagt mikla áherslu á að starfsmenn á svína- og alifuglabúum nytu forgangs vegna bólusetningar.

Talsverð aukning varð á greiningum á salmonellu í alifuglum og svínunum, en sem betur fer tókst með umfangsmiklu eftirlitskerfi með eldisdýrum og afurðum að koma í veg fyrir aukningu á sýkingum í fólk.


Sérfræðingar sviðsins voru leiðandi í vinnu um gerð kerfa fyrir rafræna skráningu á sjúkdómum og lyfjameðhöndlun á búfé. Þetta mun auðvelda eftirlit með því að meðhöndlaðir gripir séu ekki sendir til slátrunar eða mjólk seld, fyrr en að loknum útskolunartíma lyfjanna. Einnig var unnið að gerð landupplýsingakerfis, sem mun t.d. hafa verulega þýðingu vegna skjótra viðbragða við smitsjúkdómum.

Vinna vegna erlendra samskipta var umfangsmikil, m.a. vegna svara við spurningalista Evrópusambandsins í tengslum við aðildarumsókn Íslands og vegna spurningalista frá Rússlandi vegna sölu á búfjárafurðum. Í fiskeldinu jókst útflutningur á hrognum og seiðum, sem krefst mikils öryggis varðandi sjúkdómavöktun og vottorða þ.a.l.

2. Umdæmi

Landinu er skipt í 14 umdæmi. Í hverju umdæmi er umdæmisskrifstofa MAST þar sem héraðsdýralæknir sinnir opinberu eftirliti með heilbrigði og velferð dýra og framleiðslu búfjárafurða á svæðinu.

Mynd VI.2.1: Umdæmi



2.1 Héraðsdýralæknar

Í sínu umdæmi hafa héraðsdýralæknar eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, ásamt eftirliti með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu. Héraðsdýralæknar sinna framkvæmd sóttvarnaaðgerða og fylgjast með viðhaldi varnargirðinga í umdæminu. Þeir hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Einnig halda þeir skrá yfir alla eftirlitsskylda aðila í sínu umdæmi og sinna eftirliti með þeim samkvæmt sérstakri eftirlitsáætlun, sem er endurskoðuð um hver áramót. Héraðsdýralæknar vinna einnig önnur störf sem MAST felur þeim á hverjum tíma. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993, eru smitsjúkdómar flokkaðir í þrjá flokka A, B og C. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómanna. Skyllt er að tilkynna um grun eða greiningu á A og B sjúkdómum til Matvælastofnunar en fái dýralæknir grun um C sjúkdóm skal hann hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og tilkynna um málið að því marki sem nauðsynlegt er.

Í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi og Suðurlandsumdæmi sinna héraðsdýralæknar eingöngu eftirlitsstörfum, en í öðrum umdæmum annast þeir jafnframt eftirlitsstörfum einnig almenna dýralæknisþjónustu, þ.m.t. vaktþjónustu. Ávallt skal aðskilja eins og kostur er eftirlitsstörf dýralækna og almenna dýralæknisþjónustu.

2.2 Eftirlitsdýralæknar

Eftirlitsdýralæknar hafa starfsaðstöðu á skrifstofu héraðsdýralæknis og starfa undir stjórn viðkomandi héraðsdýralæknis við lögboðin eftirlitsstörf, m.a. kjötskoðun, eftirlit með mjólkurframleiðslu og eldi sláturdýra. Í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi og Suðurlandsumdæmi eru starfandi eftirlitsdýralæknar allt árið. Jafnframt ræður Matvælastofnun eftirlitsdýralækna til starfa í öðrum umdæmum þar sem þess er þörf, t.d. við sauðfjárslátrun á haustin.

2.3 Forðagæsluskýrsla

Ár hvert taka Bændasamtök Íslands saman tölur um fjölda búfjár og magn fóðurbirgða á landinu. Miðast þessar tölur við fjölda í árslok. Skýrslur þessar koma til skoðunar hjá MAST.

Tafla VI.2.1: Umdæmisskipting bóa og búfjár á Íslandi

Umdæmi	Fjöldi:	alifuglabúa	alifugla	hrossa	kúabúa	nautgripa	mjólkurkúa	annarra nautgripabænda
Gullbringu- og Kjósarumdæmi	19	362.755	9.719	11	1.321	383	3	
Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi	8	175.360	5.871	61	6.013	2.425	7	
Snæfellsnesumdæmi	1	1.135	1.407	28	1.966	716	2	
Dalaumdæmi	0	161	1.377	22	2.135	716	8	
Vestfjarðumdæmi	0	101	398	24	1.525	545	6	
Vestur Húnaþingsumdæmi	2	30.981	37.271	25	2.312	628	12	
Austur Húnaþingsumdæmi	1	3.596	5.549	31	2.768	904	13	
Skaga- og Eyjafjarðarumdæmi	4	50.933	14.265	162	19.386	7.205	58	
Þingeyjarumdæmi	0	459	1.798	55	4.038	1.405	21	
Austurlandsumdæmi nyrðra	0	701	1.692	20	2.572	891	26	
Austurlandsumdæmi syðra	0	55	155	9	624	163	3	
Austur Skaftafellsumdæmi	2	6.323	745	13	1.423	470	10	
Vestur Skaftafellsumdæmi	0	53	613	25	1.869	590	6	
Suðurlandsumdæmi	21	283.053	21.765	227	24.419	9.043	53	
Samtals á landsvísu	58	915.666	102.625	713	72.371	26.084	228	

Umdæmi	Fjöldi:	loðdýrabúa	loðdýra	sauðfjábúa	sauðfjár	geita	sláturhúsa	svínabúa	svína
Gullbringu- og Kjósarumdæmi	2	3.130	94	4.519	29	3	4	42.482	
Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi	0	10	218	35.931	198	0	2	13.860	
Snæfellsnesumdæmi	0	14	122	13.597	0	0	0	0	
Dalaumdæmi	0	0	142	37.191	42	0	0	0	
Vestfjarðumdæmi	0	0	193	30.759	0	0	0	0	
Vestur Húnaþingsumdæmi	0	0	124	37.271	0	1	0	0	
Austur Húnaþingsumdæmi	0	14	137	35.995	22	1	1	0	
Skaga- og Eyjafjarðarumdæmi	9	14.391	492	65.721	159	3	4	7.612	
Þingeyjarumdæmi	0	21	240	48.439	56	2	1	4.004	
Austurlandsumdæmi nyrðra	3	3.827	207	50.933	34	1	0	0	
Austurlandsumdæmi syðra	0	10	47	10.874	13	0	0	0	
Austur Skaftafellsumdæmi	1	2.072	77	17.692	24	2	1	220	
Vestur Skaftafellsumdæmi	0	0	75	19.555	3	0	0	0	
Suðurlandsumdæmi	6	14.220	541	57.792	29	3	6	23.716	
Samtals á landsvísu	21	37.709	2.709	466.269	609	16	19	91.894	

Ath. Tölur eru teknar saman fyrir hvert sveitarfélag og eru dæmi um að sveitarfélög skiptist milli umdæma. Í slíkum tilfellum getur myndast skekkja í tölfræði milli umdæma.

2.4 Gullbringu- og Kjósarumdæmi

Ekki hafa miklar breytingar orðið á starfsemi í Gullbringu og Kjósarumdæmi frá síðasta ári nema helst að eftirlit með stórhvalaveiðum og vinnslu hvalaafurða hefur bæst við störf dýralæknanna. Helstu áherslur í umdæminu lúta sem fyrr að matvælaöryggi, dýravernd og viðbrögðum við smitsjúkdómum. Eftirlitsverkefni skipa langmikilvægasta þáttinn í starfi dýralæknanna í umdæminu, en helstu verkefni eru líkt og fyrr eftirfarandi:

Matvælastofnun annast heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum (daglegt eftirlit, sýnatökur og árlegar úttektir) en sláturhúsin í umdæminu eru þrjú talsins, tvö alifuglasláturhús og eitt svínasláturhús. Heldur hefur vinnan við sláturhúsin aukist miðað við fyrri ár, aðallega vegna aukinnar tíðni samonellumengunar svínaskrokka, sem leitt hefur til stórfelldar aukningar á sýnatökum í sláturhúsinu.

Innflutningseftirlit á gæludýrum felst í móttökuskoðun í einangrunaraðstöðu á Keflavíkurlugvelli og útskrift gæludýra úr einangrun. Innfluttum dýrum hefur fækkað verulega, en það hefur ekki breytt því að ferðir vegna þeirra hafa verið svipað margar.

Vinna tengd útflutningi á hrossum hefur aukist, bæði er það að fjöldi útfluttra hrossa á árinu 2009 hefur aukist með lækkandi verðgildi krónunnar og auk þess var tekinn í notkun nýr hugbúnaður við gerð heilbrigðisvottorða, en þessi hugbúnaður er notaður í vöruskiptum milli landa þ.e. innan og til landa ESB og kallast TRACES (Trade Control and Expert System). Þessum breytingum hefur fylgt mikil vinna, bæði það að starfsmenn embættisins sátu námskeið um notkun TRACES í júlí 2009 og auk þess þurfti að aðlaga kerfið að íslenskum aðstæðum, en einnig kom í ljós við innleiðingu kerfisins að það var ekki tilbúið til notkunar á evrópsku landamæraastöðvunum, sem íslensku hestarnir eru sendir til. Allt var þetta til trafala og leiddi til mikillar vinnu. Til stendur að útflytjendur hrossa vinni sjálfir hluta þessarar vinnu þegar kerfið er orðið þjálmt í notkun. Unnar hafa verið leiðbeiningar um notkun forritsins á íslensku. Útflutningsskoðun á dýraafurðum til útflutnings og gerð hleðslustaðfestinga þessu til staðfestingar.

Mikil aukning varð í eftirliti með vinnslu hvalaafurða milli ára þar sem veiddar voru um það bil 70 hreknur sem komu til skoðunar í umdæminu. Jafnframt voru veiddar 125 langreyðar sem komu til skoðunar annars vegar í hvalstöðinni í Hvalfirði og hins vegar á Akranesi og voru afurðirnar undir eftirliti dýralæknanna í Gullbringu- og Kjósarumdæmi. Eftirlitið fólst fyrst og fremst í almennu heilbrigðis- og þrifaftirliti á vinnslustöðvum og hins vegar sýnatökum og hitamælingum á hvalaafurðum. Auk þess sem farið var í úttektarferðir fyrir vertíð.

MAST fer með innflutningseftirlit með notuðum landbúnaðartækjum. Allmikið hefur verið flutt inn af notuðum vélum til landbúnaðar, en einnig hafa verið fluttar út vélar sem þurft hafa vottun við. Í umdæminu sinnir stofnunin jafnframt eftirliti með innflutningi frjóeggja og tilraunadýra og framkvæmir árlegar úttektir framleiðslubúa: Alifuglabú, varphænubú, mjólkurbú, kjöfframleiðslubú, svínabú (tvær úttektir árlega). Eftirlit með framkvæmd garnaveikibólusetninga er jafnframt viðhaft og úttektir framkvæmdar vegna leyfisveitinga á t.d. gæludýraverslunum, hundaskólum og hundahótelum.

Staðið hefur yfir þróun á aðferð til að aflífa kjúklinga og kalkúna í eldihúsum í samstarfi við Ísaga, en notað er koltvísýringur til verksins. Hefur þessi aðferð náð vissri þróun og gengið áfallalaust. Alls voru aflífaðir alifuglar á 6 alifuglabúum þar sem greinst hafði salmonella í eldissýnum en um var að ræða um það bil 55.000 kjúklingar og 2200 kalkúnar. Þar af var eitt bú hér í héraðinu sem lenti í slíkum niðurskurði. Verður ekki annað ætlað, en að þessi mikla aukning á tíðni salmonellutilfella sé tilkomin vegna aukins fódurborins smits.

Líkt og áður taka dýraverndarmál drjúgan hluta starfsemi dýralæknanna. Kemur þar líka til að ferðirnar taka langan tíma og skýrslugerð er seinleg þar sem hún þarf að vera bæði nákvæm og réttlát þar sem velferð dýrsins/dýranna vegur þyngst. Í búfé komu upp 15 mál er vörðuðu slæman aðbúnað dýra eða vanrækslu. Þrjú þessara mála vörðuðu aðbúnað og hirðingu hrossa, en tvö þeirra höfðu ekki við rök að styðjast. 12 málanna vörðuðu alifugla, aðallega flutning þeirra til sláturhúss og meðferð þeirra í eldi. Alls komu upp 33 mál er vörðuðu meintan slæman aðbúnað gæludýra eða vanrækslu.

Enginn A-sjúkdómur greindist í umdæminu á árinu, en B-sjúkdómur greindist tvisvar. Um var að ræða salmonellosis einu sinni í alifuglum og einu sinni í hrossum. Á árinu kom upp "svínaflema" H1N1 í einu af svínabúum héraðsins. Virtist sem svínin hefðu smitast af starfsmönnum búsin, sem höfðu nokkru áður sýnt einkenni vægs flensusmits. Allmörg dýr á búinu sýndu einkenni, sem lýsti sér í hækkuðum líkamshita, lystarleysi og hnerra. Öll dýrin náðu heilsu eftir um það bil 2 – 3 daga. Tvær gyltur létu fósturum um þetta leiti, sem rakið var til þessara veikinda. Tekin voru nokkrum sinnum stroksýni úr nefi hóps svína á búinu, fyrst og fremst úr eldisgrísunum, til að tryggja að þau væru ekki með klínísk einkenni um sjúkdóm við slátrun. Eftir að hóparnir voru tvisvar sinnum neikvæðir var hafin slátrun að nýju. Búið var lokað allri umferð í um mánaðartíma og ekki leyfður flutningur frá búinu né slátrun.

Héraðsdýralæknir sótti námskeið í Animal Welfare during Transport and related Operations í Giulianova á Ítalíu í janúar 2009, en námskeiðið var haldið á vegum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Einn eftirlitsdýralæknir sótti sambærilegt námskeið á vegum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í október 2009 í Perugia á Ítalíu. Annar eftirlitsdýralæknir sótti námskeið einnig á vegum sömu aðila um HAACP kerfið í júní Budapest í Ungverjalandi. Segja má um öll þessi námskeið að þau eru mjög öflug, unnið er fullan vinnudag og stundum meira á meðan á þeim stendur og fyrirlesarar eru margir hverjir mjög góðir. Héraðsdýralæknir kenndi stundakennslu við Landbúnaðarháskóla Íslands líkt og fyrri ár á sviði lífeðlisfræði búfjár og um hrossasjúkdóma.

2.5 Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi

Auk opinberra eftirlitsstarfa sinnir héraðsdýralæknir í þessu umdæmi almennum útköllum varðandi dýralækningar. Opinberu verkefni eru helst þessi: Árlegar úttektir á fjósum vegna mjólkur- og kjötfraðleiðslu, á svína- og alifuglabúum og seiðaeldisstöðvum á Húsafelli og Laxeyri; úttekt á Nautastöð Bændasamtaka Íslands á Hesti og Sauðfjársæðingastöð Búnaðarsamtaka Vesturlands í Borgarnesi; framkvæmd og eftirlit garnaveikibólusetninga; dýraverndarmál; útivist nautgripa að sumri til; mjólkur- og blóðsýnatökur vegna skimunar á sjúkdómum; saursýnatökur á svína- og alifuglabúum; úttektir á hunda- og hrossabúum.

Fjósaskoðanir standa að mestum hluta yfir frá september til desember ár hvert. Mjólkurframleiðendur voru 61 og hefur fækkað um 3 frá árinu áður. Stærsta búíð framleiðir yfir milljón lítra og er með 5 mjaltþjóna. Skráðir nautakjötsframleiðendur eru 6, sem senda gripi í sláturhús, en fjöldi þeirra sem slátra heima til heimilisins eru langtum fleiri. Einu fjósi var lokað tímabundið á árinu og 3 fengu viðvörun sem bætt var úr innan fjögurra vikna. Í umdæminu eru 29 fyrirmyndarfjós og eitt nýtt fjós í byggingu.

Ennþá er nokkuð um brot á reglugerð um einstaklingsmerkingar dýra, bæði sauðfjár og nautgripa, en þessum málum fer fækkandi.

Ný Nautastöð Bændasamtaka Íslands á Hesti var opnuð með viðhöfn í febrúar, en áratugum saman hefur hún verið á Hvanneyri. Þessi nýja stöð á að uppfylla alla opinbera staðla bæði hérlendis og erlendis, með það m.a. í huga að geta flutt út sæði. Ágætlega hefur tekist til með þessa nýju stöð, þó svo einhverjir vankantar hafi komið í ljós.

Tvö af fjórum svínabúum féllu um flokk og þurfti að taka þar saursýni og greindist salmonella í öðru þeirra. Í september fór héraðsdýralæknir ásamt sérgreinadýralækni svínasjúkdóma á svínabú til að ræða málin þar, en þar eru um 12000 eldisgrísir. Þangað var fenginn nýr bústjóri um haustið til rekstrarúrþóta og hefur það skilað sér í betri afurðum og styttri eldistíma. Hinum búunum er vel stjórnað og koma vel út.

Einangrunarbú (útungunarbú) með egg eru 2 og eru undir eftirliti héraðsdýralækni skv. lögum. Alifuglabúin eru 5 og greindist salmonella í tveimur þeirra. Aflífa þurfti ungana með koltvísýringi sem nam nokkrum tugum þúsunda fugla og senda í urðun. Í báðum tilfellum var líklega um fódurborið smit að ræða og fuglarnir ekki veikir. Vonast er til að með nýju fódurstöðinni á Grundartanga verði þetta vandamál úr sögunni.

Um laxaseiðaeldisstöðina á Húsafelli og á Laxeyri hefur sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma annast undanfarin 3 ár. Þar hefur alvarlegt smit verið í gangi, en er vonandi í réttun.

Sauðfjársæðingastöð Búnaðarsamtaka Vesturlands eða hrúastöðin er við Borgarnes og eru þar 19 hrútar og 4 ær. Þetta er önnur tveggja stöðva sem eftir eru í landinu. Sæðistaka fer þar fram frá desember-byrjun og fram að Þorláksmessu og hefur undanfarin ár verið árlega og hefur þetta ávallt gengið vel.

Hvað garnaveikibólusetningar varðar er skipulag nú orðið á því í stórum dráttum hvaða svæði eða bæi hver bólusetningarmaður tekur og hefur það gengið eftir. Garnaveiki greindist ekki í héraðinu á árinu og eru það mikil gleðitíðindi. Töluverðar breytingar urðu á varnarlinum í umdæminu þegar varnarhólfum á landinu var fækkað úr 36 í 23.

Héraðsdýralæknir þurfti að fara á 5 bæi vegna dýraverndarmála, þ.a. á tvo með forðagæslumanni. Um var að ræða sauðfé og hross. Í október komu tveir lögfræðingar á vegum MAST til að fara yfir þessi mál með hlutaðeigandi aðilum og var þetta mjög gagnlegur fundur. Í framhaldinu var skrifað bréf til bónda sem hefur um 100 hross og virðist loksins eitthvað vera að koma út úr því jákvætt. Mér finnst á síðustu tveimur árum hafi miðað í rétta átt varðandi dýraverndarmál á þeim bæjum sem héraðsdýralæknir hefur haft mest afskipti af.

Einn bóndi var ítrekað alvarlega áminntur fyrir að setja ekki kýrnar út um sumarið. Þetta var bóndi í mjaltþjónaþjósi sem hafði ekki í hyggju að setja kýrnar út sumarið 2010 og verður fróðlegt að sjá hvernig þau þvingunarúrræði sem til staðar eru munu reynast.

Samkvæmt skilningi héraðsdýralækis stendur til að opna á ný stórgripasláturhúsið í Borgarnesi en það hefur verið lokað frá því í janúar 2008. Héraðsdýralæknir er búinn að fara yfir þær breytingar sem gera þarf með eigendum sláturhússins sem er Kaupfélag Borgfirðinga. Það eru fleiri en einn rekstraraðili sem sýnt hefur því áhuga að endurvekja sláturhúsið fyrir nautgripa- og svínaslátrun.

2.6 Snæfellsnesumdæmi

Helstu verkefni í umdæminu voru almenn dýralæknisþjónusta, vaktþjónusta, eftirlit með tilkynningarskyldum sjúkdómum og dýravelferð, garnaveikibólusetning og fjósaskoðanir.

Gefin voru út framleiðsluleyfi til mjólkurframleiðslu á 25 bæjum, framleiðsu var hætt á 2 bæjum. Ekkert bráðabirgðaleyfi var gefið út en gerðar athugasemdir vegna ónógra heybirgða á einum bæ.

Bóluset er við garnaveiki í öllu umdæminu og sér héraðsdýralæknir um framkvæmd bólusetninga. Héraðsdýralæknir annaðist sýnatökur á kúabúum vegna sjúkdómaskimunar.

Hvorki greindust A eða B sjúkdómar í umdæminu en af C sjúkdómum greindust Hvanneyrarveiki, smitandi munnangur (Orf), hníslasótt og Clostridia sýkingar.

Héraðsdýralækni bárust þrjár ábendingar vegna dýraverndar á árinu. Haft var samband við dýraeigendur og úrbætur fengnar. Á undanförunum árum hefur héraðsdýralæknir ítrekað átt samskipti við sveitarstjórnir vegna sauðfjársömlunar og afréttarmála og vaxandi útigangs sauðfjár að vetri til. Svo virðist sem mikill viðsnúningur hafi orðið síðastliðið haust og framkvæmd fjallskila gengið vel.

Héraðsdýralæknir sótti tvo fundi á vegum MAST á árinu. Á fyrri fundinum, sem haldinn var í mars, var fjallað um fjósaskoðanir, velferð nautgripa og mjólkurgæði, en á seinni fundinum, sem var starfsdagur MAST var fjallað um áhættumat, gæðastjórnun og rekstrarmál. Almenn fræðsla var veitt dýraeigendum eftir því sem tilefni voru til.

2.7 Dalaumdæmi

Helstu opinberu verkefni héraðsdýralækis Dalaumdæmis árið 2009 snéru að matvælaöryggi, dýravernd og eftirliti með smitsjúkdómum. Undir þess liði falla verk eins og fjósaskoðanir með tilheyrandi skýrslugerð, sýnataka, gerð hleðslustaðfestinga, umsjón og eftirlit með garnaveikibólusetningu, og eftirlit með umferð gripa og landbúnaðartækja yfir varnarlinur. Auk þess sinnti héraðsdýralæknir almennri dýralæknaþjónustu í umdæminu.

Átak varðandi útivist mjólkurkúa gekk að mestu vel í héraðinu, kýrnar voru þó ekki settar út á einum bæ.

Dalalína sem afmarkaði Dalahólf-syðra frá nærliggjandi hólfum í Borgarfirði var formlega lögð niður á árinu og sameinaðist hólflið því Vesturlandshólfi hinu nýja. Þorskafjarðalína var einnig lögð niður á árinu og sameinuðust Steingrímsfjarðar-, Reykjanes- og Mið-Vestfjarðarhólf í Vestfjarðarhólf eystra. Opnun Arnkötludalsveggar milli Reykhólasveitar og Strandabyggðar og sameining varnarhófa höfðu í för með sér að Strandamenn höfðu í mjög auknum mæli samband við héraðsdýralækni Dalaumdæmis bæði varðandi almenna dýralæknaþjónustu og viðbrögð við smitsjúkdómum.

Á árinu voru gefin út 19 leyfi til mjólkur- og kjötfraðleiðslu.

Engir A- eða B- sjúkdómar komu upp á árinu. Af C-sjúkdómum er helst að nefna að lungnapest í sauðfé (Mannheimia haemolytica) greindist á einum stað í Reykhólasveit í desember, en það er í fyrsta skipti sem þessi sjúkdómur greinist norðan Gílsfjarðar svo vitað sé. Óstaðfest en dæmigert tilfelli af bótulisma (Cl. botulinum) kom upp á bæ í Laxárdal í byrjun maí; 5 ungær drápu og síðar fannst hræ í drykkjarvatni. Smitandi munnangur (Orf) í gemlingum sást víða í umdæmi í haust, en í mun minna mæli enn árið 2008. Hníslasótt í smálömbum kom upp á nokkrum stöðum í vor. Sjúkdómurinn olli nokkru tjóni í einu tilfelli og var sýkingin staðfest með sýnatöku. Hníslasótt í lömbum að vori er að öllu jöfnu ekki vandamál á þessu svæði. Allmörg óstaðfest tilfelli af Hvanneyrarveiki (Listeriosis) og nokkur tilfelli af bráðapest (Cl. septicum) í sauðfé komu upp á árinu. Af öðrum sjúkdómum má nefna að víða hefur borið á óútskýrðri sýkingu í barkakýli hjá sauðfé sem valdið hefur köfnun í þónokkrum tilvikum. Þó sjúkdómurinn hafi fyrst verið greindur í umdæminu árið 2009 hefur hann að öllum líkindum verið viðloðandi í nokkur ár.

Fjögur dýraverndarmál komu inn á borð héraðsdýralækis er vörðuðu meinta vanhirðu og vanfóðrun hrossa og kindur í sjálfheldu í klettum. Auk þess barst eitt erindi frá forðagæslumanni er varðaði vanhirðu sauðfjár. Umhirða fjárins og hrossanna breyttist til betri vegar án kærumála en héraðsdýralæknir lét skjóta niður tvö lömb úr klettum.

2.8 Vestfjarðaumdæmi

Héraðsdýralæknir sinnir dýralæknisþjónustu við dýraeigendur þ.e. bændur, hestamenn og smádýraeigendur á Vestfjörðum. Símaþjónusta er mikil, þar sem svæðið er stórt og illfært á veturna. Skipulagðar ferðir eru í Arnarfjörð, Djúp og Barðaströnd og taka ferðalögin mikinn tíma. Sinna þarf neyðarhjálp, fangskoðunum, geldingum og öðrum tilfallandi verkefnum.

Vaktin er staðin á Vestfjörðum allan sólarhringinn, alla daga ársins. Það er aðeins einn dýralæknir sem sinnir því, þar sem ekki eru aðrir dýralæknar á svæðinu. Í sumarfríinu komu tveir dýralæknar og tóku sitthvorn mánuðinn, þ.e.a.s. júlí og ágúst.

Gefin voru út leyfi til mjólkurframleiðslu. Á Vestfjörðum eru nú 15 mjólkurframleiðendur. Fjórir bæir hafa mjaltþjóna og þrír eru með mjaltargryfju og þar með lausagöngu fyrir kýrnar. Hin eru hefðbundin básafjós. Tvö fjós fengu bráðabirgðaleyfi á árinu 2009 og enduðu með því að einn hætti 1. desember 2009 en hinn fékk undanþágu til að framleiða áfram í tvo mánuði eða til 25. febrúar 2010 á þeim forsendum að hann hætti eftir það. Einn framleiðandi byrjaði aftur eftir að hafa hætt 2008. Tveir bæir hafa ekki 8 vikna útvist fyrir kýrnar sínar og báðir eru þeir með mjaltþjóna. Þeir fengu frest til 1. júlí 2010 til að gera viðunandi ráðstafanir. Þar sem langt var liðið á sumarið þegar úttektin var gerð og alla veðra von frá og með haustinu, var þeim gefinn þessi frestur til sumarsins 2010.

Af tilkynningaskyldum sjúkdómum greindust engir í A og B flokki. Í C flokki lék grunur á Hvanneyrarveiki í nokkrum tilvikum í sauðfé. Sú greining fer aðallega fram í gegnum síma eftir lýsingum bænda. Bændur eru yfirleitt í þeirri fjarlægð að ógerlegt er að staðfesta það örugglega. Hnísaslótt stingur sér niður öðru hverju ár hvert hjá nokkrum bændum. Það eru mikið sömu bændurnir sem eru að berjast við þetta. Ástæðuna tel ég vera þröng beitarhólf á vorin og haustin og lítil hvíld á ákveðnum blettum, þar sem smit safnast fyrir. Ég legg mikla áherslu á við bændur með þetta vandamál að hvíla beitarhólfin. Grunur var um parvoveiki sýkingu í þremur hundum í júní 2009. Allir hundarnir voru með niðurgang og uppköst og komu frá svipuðum slóðum. Einn varð alvarlega veikur en hann læknaðist svo og hinir einnig. Sauðfjorbændur eru duglegir að bólusetja kindurnar á vorin gegn algengustu sjúkdómum sem geta herjað á lömbin fyrstu dagana og vikurnar. Verð á bóluefni hefur þó rokið upp úr öllu valdi vegna veikingu krónunnar, sérstaklega influtta bóluefnið og spurning er hvort bændur komi til með að hætta bólusetningum eða fara aftur í að versla Keldna bóluefnið. Það verður tíminn að leiða í ljós.

Á hverju ári er mikið hringt og spurt um kaup og flutning á lifandi sauðfé. Ákveðnir bæir fá nú að selja líflömb til annara landshluta. Á Vestfjörðum er ekki garnaveiki. Þar sem nú er kominn vegur um Arnkötludal, þá er aðeins um 73 kílómetrar frá Búðardal til Hólmavíkur og sá héraðsdýralæknir í Dalaumdæmi um garnaveikibólusetningu á kindunum í Bitrunni. Það eru um 230 kílómetrar frá Ísafirði til Hólmavíkur. Í dag er garnaveikibólusetningar í Bitrunni á bæjunum: Þambárvöllum, Þórustöðum og Snartartungu. Annað sauðfé í mínu umdæmi er ekki bólusett fyrir garnaveiki. Riða hefur ekki komið upp á Vestfjörðum síðan 1984 og það má kannski þakka þeim ströngu reglum um flutning á lifandi fé til svæðisins.

Tálkni er fjallshryggurinn á milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar og þar hefur sauðfé verið í lausagöngu í marga áratugi. Féinu var smalað á þessu illaðgengilega svæði og var þar verið að framfylgja lögum um fjallskil. Þann 27. október 2009 var um 20 kindum smalað og farið með í sláturhús og sýni sent til rannsóknar eins og lög gera ráð fyrir. Ekki náðist í allar kindurnar í þeirri smölun. Það voru um 5 kindur eftir sem náðist að smala saman 2010.

Í janúar kom upp dýraverndarmál vegna lélegs aðbúnaðar á sauðfjorbæ í Vesturbyggð. Farin var eftirlitsferð og skýrsla skrifuð í kjölfarið með kröfum um úrbætur. Þar sem illfært er á milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar á veturna var ekki farið í aðra ferð en forðagæslumaðurinn í Vesturbyggð gerði athugasemdir um vorið. Þegar ábúandi sá sér ekki fært að gera viðundandi ráðstafanir varðandi aðbúnaðinn, ákvað hann að hætta sauðfjorbúskap á staðnum og féð var meðal annars komið fyrir á Barðaströnd.

2.9 Vestur-Húnaþingsumdæmi

Ásamt því að sinna almennri þjónustu við dýraeigendur, opinberu eftirliti og vaktþjónustu, var lögð áhersla á að fylgjast með fódrun, aðbúnaði og meðferð dýra. Mestur tími fór í eftirlit með sláturhúsi, mjólkurframleiðslu, garnaveikibólusetningu og tóku sýna vegna sjúkdómaskimunar.

Af C-sjúkdómum varð vart við lungnapest og lungnakregðu í undæminu. Einnig varð vart við Clostridia-sýkingar, hnísaslótt, Hvanneyrarveiki, kýlapest.

Á árinu 2009 voru veitt 23 leyfi til mjólkurframleiðslu.

Dýraverndarmál voru nokkur á árinu og voru leyst í samvinnu við ráðunauta/forðagæslu og dýraeigendur.

Almenn fræðsla var viðhöfð við dýraeigendur.

2.10 Austur-Húnaþingsumdæmi

Ásamt almennri dýralæknaþjónustu við bændur og gæludýraeigendur sinnir héraðsdýralæknir einnig opinberu eftirliti.

Sláturhús SAH-Afurða telst vera stærsti eftirlitsþeginn í þessu héraði. Sauðfjárslátrun fór fram í september og október og við það störfuðu ásamt héraðsdýralækni einn til tveir kjötskoðunarmenn og einn aðstoðardýralæknir. Jafnframt var talsverð foladslátrun um haustið og vel fram yfir áramót. Nautgripaslátrun er svo í gangi allt árið og er a.m.k. einn sláturdagur í viku.

Garnaveikibólusetning var einnig framkvæmd að haustinu.

Eftirlit með aðbúnaði og fódrun búfjár var unnið í samvinnu við ráðunautapjónustu í umdæminu. Upp komu fáein ágreiningsmál milli bænda og eftirlitsaðila sem voru í flestum tilfellum leyst í sátt og samlyndi. Einn aðili var þó kærður vegna brota á dýraverndarlögum og brota á lögum um aðbúnað búfjár. Lauk þeirri viðureign með dómsátt og sekt auk þess sem sveitarfélag viðkomandi sveitar tók að sér að hirða skepnur á bænum þann veturinn. Í heildina eru þó þessi mál í góðum farvegi í héraðinu og heyrir til undantekninga að mál sem upp koma séu ekki leyst í góðu.

Skráningarskyldir sjúkdómar A,B,C greindust ekki á árinu.

2.11 Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi

Daglegt eftirlit eftirlitsskýrslu snýr að dýravernd, heilbrigðiseftirliti, og sýnatökum í sláturhúsum. Að auki eru árlegar úttektir héraðsdýralækna sem taka til búnaðar og innra eftirlits sláturhúsanna. Það eru þrjú stórgripasláturhús og eitt sauðfjársláturhús í umdæminu. Í tveimur af stórgripasláturhúsum er einnig mikil svínaslátrun. Sauðfjárslátrun stendur yfir alla jafna samfelt í 9 – 10 vikur auk nokkurra daga fyrir jól og páska. Stórgripa-, og svínaslátrun er allt árið og fara um 7-8 dagsverk í viku hverri í eftirlit með þeirri starfsemi. Sláturhúsin í umdæminu hafa samtals um 37% hlutdeild í nautgripaslátrun og um og yfir 20% hlutdeild í svína-, hrossa-, og sauðfjárslátrun í landinu.

Í umdæminu eru tvö mjólkursamlög sem eru með vel yfir þriðjung af innvígtaðri mjólk í landinu og koma dýralæknar embættisins að úttektum Matvælstofnunnar vegna útflutningsleyfa samlaganna og auk þess sem þeir eru í reglulegum samskiptum við mjólkureftirlit og gæðastjóra samlaganna vegna gæða-, og flokkunarmála er varða hrámjól frá mjólkurinnleggjendum.

Í Hrísey er reknar tvær einangrunarstöðvar, annars vegar vegna innflutnings á gæludýrum og hins vegar vegna innflutnings á kynbótasvínunum og svínasæði. Eftirlit með þessum stöðvum snýr að móttökuskoðun og útskrift dýranna úr einangrun, en jafnframt að aðbúnaði og starfsemi stöðvanna. Einnig er haft eftirlit með innflutningi á svínasæði til einangrunarstöðvar svína.

Árlegar úttektir og útgáfa starfsleyfa hjá þeim búgreinum sem eru starfsleyfisfiskildar er snar þáttur í starfsemi embættisins. Þetta á við um alifuglabú, varphænobú, mjólkurbú, hundabú, kjötframleiðslubú, loðdýrabú, einangrunarstöðvar fyrir gæludýr og svín og jarðgerðarstöðvar. Tími sem fer í þetta er breytilegur milli ára og fer eftir fjölda endurkoma vegna bráðabirgðaleyfa og eins ef upp koma einhver sjúkdómstilfellir þar sem embættið þarf að hafa aðkomu að.

Héraðsdýralæknir hefur eftirlit með framkvæmd garnaveikibólusetninga og sér um úttektir vegna leyfisveitinga til t.d. gæludýraverslanna, ræktunarbúa, og hundahótela að beiðni Umhverfisstofnunnar. Þá er vaxandi þáttur í starfsemi

eftirlit við hleðslu landbúnaðarafurða til útfutnings og gerð hleðslustaðfestinga í kjölfar þess og eins innflutningseftirlit með notuðum landbúnaðartækjum.

Riða sem er A sjúkdómur greindist á tveimur bæjum í umdæminu á árinu úr einni kind á hvorum bæ. Í öðru tilvikinu var um að ræða greiningu á sýni úr sláturhúsi, en í hinu tilvikinu kind sem var með klínisk einkenni. Allt fé á báðum bæjunum var skorið niður. Alls voru skornar 165 kindur og greindist klassisk riða í 5 þeirra.

B-sjúkdómur greindist einu sinni og var þar um að ræða svínainflúensu af stofni H1N1 í eldihúsi á svínabúi. Flensan kom upp í byrjun nóvember og var einskorðuð við eldihús. Búið var sett í einangrun og stöðvuð slátrun frá því jafnframt sem tekin voru sýni reglulega til að fylgjast með þróun mála. Flensan gekk tiltölulega fljótt yfir án dauðsfalla og eins tókst að verja gyltuhúsin fyrir smiti. Einkenni voru væg hjá langflestum grísanna sem veiktust, hiti, átleysi í örfáa daga og hósti sem gékk yfir á 7 til 10 dögum. B-sjúkdómurinn lungnafár kom upp á tveimur loðýrabúum í Skagafirði og olli miklu tjóni á öðru búinu.

Héraðsdýralæknir er í stöðugu sambandi við búfjárefirlit sveitarfélaganna. Lögð er áhersla á að fylgja eftir málum sem hafa komið til kasta embættisins og/eða búfjárefirlitsins sbr. ákvæði þar um í 12 og 16 gr. laga um búfjárhald nr. 103/2002. Alls 16 mál komu til kasta héraðsdýralæknis á árinu þar sem farið var í formlegt ferli, en ekkert þeirra leiddi til kærur. Flest þessara mála snúa að aðbúnaði og föðrun hrossa og sauðfjár. Þessar búgreinar eru ekki starfsleyfisskyldar líkt og mjólkur-, og nautgriparæktin þar sem komið er reglulega í eftirlit og í kjölfar þess starfsleyfi endurnýjað. Í mörgum tilvikum eru gerðar athugasemdir eða frávik við aðbúnað við fjósaskoðanir á grundvelli reglugerðar nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra. Í flestum tilvikum snýr þetta að burðaraðstöðu, legurými eða aðbúnaði kálfa og geldneyta. Ef ekki er orðið kröfum um úrbætur er farið með málið áfram á grundvelli 16.gr. laga um búfjárhald. Til þess kom ekki á árinu 2009. Nokkur erindi bárust frá dýralæknum og búfjárefirlitsmönnum vegna aðbúnaðar og meðferðar á gæludýrum í þéttbýli sem voru skoðuð og náðist að leysa með farsælum hætti án frekari aðgerða.

Héraðsdýralæknir sótti SANCO námskeið um dýravernd við gripaflutninga á Ítalíu dagana 10. - 13. nóvember. Þá var héraðsdýralæknir fulltrúi MAST í vísindanefnd fyrir ráðstefnuna Nordic Values in the Food Sector sem haldin var í Reykjavík dagana 15. – 17. nóvember.

2.12 Þingeyjarumdæmi

Árið 2009 var fyrsta árið sem einungis er starfandi einn héraðsdýralæknir í umdæminu en önnur staðan var lögð niður við upphaf ársins. Það að fækka stöðugildum úr tveimur í eitt í umdæminu hefur óhjákvæmilega haft mikil áhrif á starfsemina og aukið vinnuálagið á starfandi héraðsdýralækni mjög mikið eðli málsins samkvæmt.

Í Þingeyjarumdæmi eru tvö sauðfjársláturhús, bæði með útflutningsleyfi og umfangsmikla vinnslu sláturafurða í þessum sláturhúsum er slátrað ca 100.000 kindum á ári. Eftirlitsdýralæknar voru ráðnir til að sinna daglegu eftirliti í sauðfjárslátrun.

Í Þingeyjarumdæmi eru 52 mjólkurframleiðendur og 24 aðrir „nautgripabændur“. Mikil áhersla er lögð á að sinna lögboðnu eftirliti hjá mjólkurframleiðendum og það voru gefin út 52 framleiðsluleyfi þ.a. 3 bráðabirgðaleyfi til slíkra aðila á árinu 2009. Þrír mjólkurframleiðendur hættu starfsemi á árinu.

Aðrir „nautgripabændur“ hafa setið á hakanum hvað eftirlit varðar og ekkert framleiðsluleyfi til slíkrar starfseminni gefið út. Margir af þessum aðilum eru einungis með mjög fáa gripi (1-5) og þar af leiðandi litla framleiðslu, oft einungis til eigin neyslu.

Eitt svínabú er í umdæminu. Auk reglubundins eftirlits eru tekin þar sýni til skimunar á salmonellu.

Sýnataka úr eldis- og klakfiski er töluvert umfangsmikil en þrjár fiskeldisstöðvar eru í umdæminu og auk þess klakstöð sem tekur við klakfiski víða að af landinu með tilheyrandi sýnatökum. Reglubundið eftirlit með fiskeldisstöðvum er í höndum dýralæknis fisksjúkdóma í samráði við héraðsdýralækni.

Í Þingeyjarumdæmi er mjög umfangsmikil sauðfjárrækt og líflambasala með tilheyrandi eftirliti. Í samræmi við 8 gr.

rg. um flutning líflamba milli landssvæða nr. 550/2008 skulu öll líflömb sem flutt eru af þessu svæði þ.e. úr norður-þingeyjarsýslu meðhöndluð af héraðsdýralækni með langvirkandi sníkjudýralyfi. Gríðarlegur tími fer í að halda utanum þetta verkefni.

Umdæmið skiptist af tveimur aðalvarnarlínum í þrjú varnarhólf sem hafa mismunandi sjúkdómstöðu og því er töluvert mikið um erindi vegna flutninga á landbúnaðartækjum, heyi og lifandi búfé, aðallega nautgripum, yfir varnarlinur. Mikil áhersla er lögð á að verja líflambasölusvæði og önnur svæði þar sem garnaveikibólusetningu er hætt, fyrir smitsjúkdómum.

Garnaveikibólusetning ásetningslamba er framkvæmd í einu af þessum varnarhólfum og er skipulag og umsjón með henni í höndum héraðsdýralæknis og framkvæmdin einnig að töluverðu leyti.

Hvorki greindust A eða B sjúkdómar í umdæminu. Af C sjúkdómum verður árlega vart við Hvanneyrarveiki, hníslasótt, *Clostridia* sýkingar, smitandi munnangur og kýlapest.

Nokkur dýraverndarmál komu upp á árinu. Öll leystust þau farsælega með tiltali og ráðgjöf.

Héraðsdýralæknir sótti nokkur námskeið á árinu, þar á meðal 5 daga námskeið í Lyon í Frakklandi um matvælaeftirliti í Evrópusambandinu. Héraðsdýralæknir tók þátt í starfi vinnuhóps um gerð fjósaskoðunarhandbókar og fór mikill tími í það verk.

Síðast en ekki síst hefur héraðsdýralæknir í Þingeyjarumdæmi vakt skyldu allan sólahringin alla daga ársins og þjónustuskyldu við búfjáreigendur og aðra dýraeigendur í umdæminu og er sú starfsemi nokkuð jöfn allt árið.

2.13 Austurlandsumdæmi nyrðra

Fjöldi búa í mjólkur- og kjötframleiðslu í umdæminu voru 22 talsins árið 2009 en framleiðslu var hætt á einu þeirra. Á þremur af tuttugu og einu búanna voru gerðar athugasemdir við fjósaskoðun vegna óhreinna gripa, aðstöðu geldneyta og bágborinna bygginga. Þessi bú fengu bráðabirgðaleyfi í 3 mánuði og er mál þeirra enn í athugun. Heildarástand er þó yfirleitt mjög gott, fátíðar jógurbólgur og nánast engar lyfjaleifar í mjólk.

Í umdæminu eru engar jógurbólgur meðhöndlaðar með fúkkalyfjum án undangenginnar sýklagreiningar.

Nokkur ný garnaveikilífelli voru greind í Jökulsárhlíð fyrsta mánuð ársins, en eftir að allt sauðfé austan við s.k. "Smjörfjallalínu" í hólfinu (þ.e. Jökulsárhlíð og Jökuldalur) var bólusett, hafa ekki enn greinst ný tilfelli.

Grunur um fund á smitsömu illkynja húðkrabbameini (Equin sarcoid) í hrossi fékkst ekki staðfestur við veirurannsókn að Keldum. Sýnið var sent til Noregs og þar talið, að um þennan sjúkdóm væri að ræða.

Sláturhús Vopnafjarðar fékk útflutningsleyfi til ESB á tímabilinu eftir töluverðar breytingar og hert innra eftirlit.

Hreindýraverkunarstöðin í Skóghlíð fékk áfram starfsleyfi eftir úttekt á byggingum og innra eftirliti viku áður en veiðar hófust þann 16. september. Þarna er yfirleitt tekið á móti > 400 hreindýrum árlega, en á þessu tímabili féll öll starfsemi niður nokkrum dögum síðar vegna skyndilegra og alvarlegra veikinda leyfishafa. Aðeins 42 dýr voru skoðuð, afgreidd og stimpluð fyrstu vikuna eftir að veiðar hófust. Verkunarstöðin er enn lokuð.

Á tímabilinu voru svæfð 12 hreindýr með deyfivopnum vegna beiðni Umhverfisstofnunar við að koma radiósendi um háls þeirra. Fjögur þessara dýra dóu nokkrum vikum seinna vegna CM (Capture myopathy), sem er talinn myndast af völdum bráðastreitu við fongun. Þessi dýr sofnuðu illa við deyfingu og þurfti að halda þeim föstum við aðgerðina. Tveimur slösuðum hreindýrum var lógað (fótbrot) og sent var garnaveikisýni úr einu hreindýri frá Jökuldal vegna niðurgangs og vanþrifa, en sýnið var neikvætt.

Í minkasóttkví að Teigi, Vopnafirði var tekið á móti 422 minkum sem komu með flugi frá Danmörku um vorið og þeir útskrifaðir í lok ársins án athugasemda. Nokkur dauðsföll á tímabilinu sem greind voru á Keldum, voru ekki talin tengjast smitsjúkdómum. Var þetta lokatímabil sóttkvínnar í umdæminu, sem flutt verður norður í Skagafjörð á næsta ári.

Útflutningur 22 hrossa með m/s Norröna til Færeyja seinni part sumars var, eftir skoðun þeirra og aðbúnaðar á ferjunni, framkvæmdur án athugasemda.

Flutt voru út 97 tonn af rúlluhevi með m/s Norröna til Færeyja frá 3 bæjum með útflutningsleyfi.

Þó nokkrar ábendingar varðandi dýravernd (aðbúnaður og umhirða) bárust á tímabilinu, en aðeins 3 leiddu til skýrslugerðar, og er tveimur þeirra enn ekki lokið.

Fræðslustörf um sjúkdómsgreiningu og fyrirbyggjandi aðgerðir eru stundaðar við vitjanir og viðtöl á dýralæknastofunni til mjólkur-, sauðfjár-, og hrossabænda. Einnig eru notuð tengsl við þessa aðila í fréttabréfum frá Búnaðarsambandi Austurlands. Þrjú starfsnámskeið voru sótt á árinu.

2.14 Austurlandsumdæmi syðra

Helstu verkefni í umdæminu voru fjósaskoðanir og eftirliti með heilbrigði mjólkurkúa, eftirlit með tilkynningaskyldum sjúkdómum, úrvinnsla mála er snerta dýravernd og almenn dýralæknisþjónusta og fræðsla.

Gefin voru út framleiðsluleyfi til mjólkurframleiðslu á 5 bæjum. Búin eru mun stærri og betur búin en áður, en þeim hefur fækkað. Öll lyfjanotkun hjá mjólkurframleiðendum er skráð á þar til gerð eyðublöð.

Engir A sjúkdómar greindust í umdæminu á árinu, en einn B-sjúkdómur greindust í árslok, garnaveiki. Bóluset er við garnaveiki á syðsta hluta umdæmisins og sér héraðsdýralæknir um alla bólusetningu. Í lok ársins greindust garnaveiki að nýju á bæ í Fáskrúðsfirði, en þar var hætt að bólusetja haustið 2006. Bólusetning hefst væntanlega aftur á öllu svæðinu haustið 2010. Af C sjúkdómum greindust Hvanneyrarveiki og kylapest í nokkrum tilvikum í sauðfé. Einnig ber alltaf mikið á smitandi munnangri, fyrst og fremst í ásetningslömbum á haustin. Tannlos sem verið hefur áberandi virðist heldur vera í rénum, a.m.k. tímabundið.

Nokkur dýraverndarmál komu upp á árinu. Fylgt var eftir athugasemdum frá búfjárefirlitsmönnum og einnig málum þegar ábendingar bárust frá almenningi um aðbúnað dýra. Einnig voru mál könnuð að frumkvæði héraðsdýralæknis. Gerðar voru formlegar athugasemdir við aðbúnað hrossa í einu tilviki. Rætt var við eigendur þriggja hunda eftir að kvartanir bárust um aðbúnað þeirra og ónæði fyrir nágretta. Flest slík mál tekst að leysa með samtölum við dýraeigendur.

S.I. vor kærði MAST aðbúnað og umhirðu sauðfjár á bæ í Álftafirði, eftir að búfjárefirlitsmaður og héraðsdýralæknir gerðu alvarlegar athugasemdir við meðferð fjár á bænum. Málinu lauk í lok árs, þar sem eigandi dýranna viðurkenndi brot sem talin voru upp í ákæru, en málinu lauk með greiðslu sektar.

Héraðsdýralæknir annaðist heilbrigðisskoðun á kjöti í þrjár vikur sl. haust í sláturhúsi Fjallalamb á Kópaskeri.

Í byrjun október sótti héraðsdýralæknir fimm daga námskeið Campden BRI um HACCP gæðastýringarkerfi. Námskeiðið var haldið í Bonn í Þýskalandi. Að auki sótti héraðsdýralæknir vinnufundi og fræðslufundi á vegum Matvælastofnunar og fræðslufund Dýralæknafélags Íslands. Ekki voru haldnir almennir fræðslufundir með bændum á árinu, en þeim veittar upplýsingar um sjúkdómavarnir o.fl. í dreifibréfum.

2.15 Austur-Skaftafellsumdæmi

Helstu áherslur í umdæminu á árinu 2009 voru að sinna opinberu eftirliti og almennri þjónustu við dýraeigendur. Eftirlitsverkefni í umdæminu eru mikilvæg, en helstu verkefni eru eftirfarandi: Dýravernd, heilbrigðisskoðun dýra og eftirlit með verkun í sláturhúsum ásamt tilheyrandi daglegu eftirliti, sýnatökum og árlegum úttektum. Á Höfn slátrar Norðlenska stórgripum, hrossum, svínnum og sauðfé. Ísen er með aliandaslátrun. Norðlenska flytur dýraafurðir til útlanda, fylgst er með verkun og þökkun vörunnar og gerð hleðslustaðfestinga. Einnig var eftirlit með vinnslu hvalaafurða.

Í umdæminu er framleidd mjólk, hrossakjöt, nautakjöt, svínakjöt, andakjöt, lambakjöt, egg, ís og bleikja, eitt loðdýrabú er í sýslunni. Árlegar úttekir eru á alifuglabúi, varphænumbúi, mjólkurbúum, kjötfraðslubúum og svínabúi, úttekt var vegna leyfisveitinga á dýragarði. Árlegar sýnatök fóru fram.

Aðbúnaður á býlum er misjafn, en flest eru ágæt. Á sumum bæjum þarf þó að fylgjast betur með en öðrum. Fjósaskoðun var framkvæmd á mjólkurframleiðslubúum sem eru 13 alls. Þau fengu öll leyfi. Ástand fjósa var almennt gott, en bæta má skráningar og skipulag í sumum þeirra.

Á lögbýlum er ennþá lítið um sóttvarnir. Töluverð afskipti voru höfð þegar varnalínan yfir Hornafjarðarfjót var lögð niður. Þar með er bara ein varnalína eftir í héraðinu. Garnaveikibólusetning ásetningslamba er framkvæmd í einum af þessum varnahólfum og er skipulag og umsjón með henni í höndum héraðsdýralæknis og framkvæmdin einnig að mestu leyti.

Héraðsdýralæknir í Austur-Skaftafellsumdæmi hefur vaktskyldu allan sólarhring alla daga ársins og þjónustuskyldu við dýraeigendur og er sú starfsemi jöfn allt árið.

Engin A sjúkdómur greindust í umdæminu á árinu. Af B sjúkdómum greindust garnaveiki á tveimum bænum og grunur um garnaveiki kom upp á einum bæ. Af C sjúkdómum var lungnapest austan við Hornafjarðarfjót áberandi, einnig greindust Hvanneyrveiki, hníslasótt, kylapest og smitandi munnangur. Allir þessir sjúkdómar greindust í sauðfé. Á einum bæ greindust smáveirusótt í hvolpum.

Vel var fylgst með útigangi á nautgripum yfir sumarið og allir bændur uppfylltu kröfur. Nokkur dýraverndarmál komu upp á svæðinu en voru öll leyst óformlega með tiltali. Vel þurfti að fylgjast með hrossum á útigangi.

Héraðsdýralæknir tók þátt í árlegum skoðunum á sláturhúsum ásamt sérgreinadýralækni MAST.

2.16 Vestur-Skaftafellsumdæmi

Fjósaskoðun var framkvæmd á öllum 25 fjósum á svæðinu og aðstaða tekin út ásamt aðbúnaði gripa og merkingum nautgripa, hreinlætisaðstöðu o.fl. Farið fram á úrbætur þar sem þess er þörf. Leyfisbréf vegna mjólkursöluleyfis útbúin af MAST og send, en ekki plöstuð. Þau eru því ekki hæf til að hanga í mjólkurhúsum. 25 fullnaðarleyfi veitt og ekki var þörf á útgáfu bráðabirgðaleyfa. Hundahreinsun framkvæmd svo sem venja er á ári hverju.

Tólf athuganir vegna lyfjaleifa í mjólk, en bændur koma með mjólkursýni til héraðsdýralæknis ef þeir hafa grun um lyfjamengun mjólkur. Mjólkurbú Flóamanna / Auðhumla á búnaðinn, en þetta eftirlit er bændum að kostnaðarlausu.

Sjúkdómar á svæðinu skráðir eftir föngum. Engir A eða B sjúkdómar greindust á árinu, af C sjúkdómum greindust hníslasótt, Hvanneyrarveiki og Clostridium sýkingar í sauðfé.

Ein afskipti vegna meintra dýraverndarmála og nægði að tala við eigandann. Fjórar ábendingar vegna útigangs búfánaðar. Úrbætur fengust án vandræða. Einn sauðfjáreigandi undir eftirliti vegna ellihrumleika, en lítið má út af bera, þannig að hann verði ófær um að annast féð.

Héraðsdýralæknir tók þátt í fræðsluerindum sem nemandi á vegum MAST, um fjósaskoðanir í febrúar í Reykjavík. Almenn fræðsla var veitt dýraeigendum, eftir því sem tilefni voru til. Almennir fræðslufundir ekki haldnir með bændum.

2.17 Suðurlandsumdæmi

Suðurland er umfangsmesta héraðið hvað varðar fjölda búa og búfjár. Mjólkurframleiðendur eru 216 af 677 á landinu öllu, mjaltþjónafjósir eru 30 af 74 en 25% allrar mjólkurframleiðslu landsins kemur úr mjaltþjónafjósum. Auk þessa eru 57 nautakjötsframleiðendur. Svínabúin eru sjö, tvö eggjaframleiðslubú, ellefu kjúklingabú og fjögur kalkúnabú, loðdýrabúin sjö og auk þess eru flest hross og flestar sauðkindur hér á Suðurlandi.

Héraðsdýralæknir sinnti árlegum skoðunum hjá mjólkur- og nautakjötsframleiðendum, svínabændum og alifuglabændum. Gefin voru út framleiðsluleyfi fyrir mjólkur- og nautakjötsframleiðslu og svínabúskap.

Hlutfall sunnlenskra sláturhúsa af landsframleiðslu er gríðarhátt en eftir dýrategundum eru þar nautgripir umfangsmiklir (49,5%), alifuglar (42,7%), hross (42,4%) og sauðfé (18,1%) og svín (13,9%). Í umdæminu eru þrjú stór sláturhús sem slátra allt árið. SS á Selfossi er stærsta sláturhús landsins, þar er slátrað svínnum, nautgripum, hrossum og sauðfé. Húsið hefur útflutningsleyfi fyrir lambakjöt til USA og lamba- og hrossakjöt á Evrópu, umtalsvert magn er flutt út. Kröfur

USA til innra eftirlits og skráninga eru miklar og af þessu er ærinn starfi fyrir dýralæknana.

Alifuglasláturhús Reykjarðs slátrar umtalsverðum fjölda kjúklinga og Hellusláturhúsið slátrar töluverðu af stórgripum. Dýralæknar Dýralæknamiðstöðvarinnar á Hellu annast daglegt eftirlit í Helluhúsum en héraðsdýralæknir hefur ásamt eftirlitsdýralæknum yfirumsjón með eftirlitinu.

Mjög mörg sýni eru tekin skv. áætlunum sérgreinadýralækna, bæði heima á búnum og í sláturhúsum. Tilgangurinn er annars vegar sjúkdómaskimanir og hins vegar eftirlit með lyfjaleifum og aukæfnum.

Hleðslustaðfestingar eru sívaxandi póstur, aðallega vegna útflutnings á mjólkurafurðum og ýmsum afurðum úr sláturhúsum.

Ljóst er því að eftirlit með matvælaframleiðslunni er mikið og margþætt.

Engir A sjúkdómar greindust í umdæminu. Af B sjúkdómum greindist salmonella nokkrum sinnum í kjúklingum, bæði í eldi og slátrun. Aukin tíðni salmonellu er áhyggjuefni, áhersla er lögð á auknar smitvarnir heima á búnum og nákvæmt eftirlit í sláturhúsi. Mikill viðbúnaður var vegna svínafleusu sem er B-sjúkdómur, en sem betur fer komst hún ekki inn á neitt svínabú hér.

Ekki bærust upplýsingar frá starfandi dýralæknum um C sjúkdóma. Hins vegar ber nú á alvarlegum kregðueinkennum á nokkrum sauðfjárbúum sem keypt hafa líflömb af norðausturhorninu. Þetta mál er til rannsóknar á Keldum.

Dýraverndarmál voru að venju stór póstur, tíu mál fóru í lögformlega meðferð og einu máli var vísað áfram til sýslumanns. Tveir dómur féllu á árinu þar sem eigendur voru fundnir sekir um illa meðferð á dýrum. Þessa dóma má eflaust þakka því að nú njótum við aðstoðar lögfræðings við undirbúning og meðferð mála. Í öðru málinu var jafnframt dæmt fyrir ólöglegan flutning heys yfir varnarlínu, þarna fékkst mikilvægt fordæmi fyrir önnur mál af þessum toga.

Förgun sláturúrgangs og dýraleifa er orðin erfið hér á Suðurlandi eftir að urðunarstaðurinn á Kirkjuferju lokaðist. Ýmis úrræði hafa verið skoðuð en engin farsæl úrlausn er enn í sjónmáli.

Kjötmjölsværsmiðja Förgunar ehf kom til margvíslegrar skoðunar á árinu. Verksmiðjan sótti um starfsleyfi og sömuleiðis um leyfi til framleiðslu áburðar og fódurs. Ekki er enn komin endanleg niðurstaða um ráðstöfun afurða verksmiðjunnar, skýr lagarammi fæst hins vegar með væntanlegri innleiðingu EB reglugerðar nr 1069/2009 um aukafurðir dýra. Þessi reglugerð kemur í stað EB reglugerðar nr. 1774/2002. Starfsmenn ESA (eftirlitsstofnunar EFTA) komu í október í svokallaða "æfinga-efirlitsferð" þar sem til skoðunar var meðferð aukaafurða dýra, verksmiðja Förgunar var m.a. skoðuð.

Héraðsdýralæknir tók í júní einnig þátt í annari æfinga-efirlitsferð ESA vegna kjöts og kjötafurða.

Fyrri hluti árs fór að venju í eftirlit með mjólkurframleiðendum og nautakjötsframleiðendum. Nýr gagnagrunnur og nýir gátlistar voru slípaðir til jafnóðum, í þetta fór töluverð vinna héraðsdýralæknis, gæðastjóra og gagnagrunnsmiðs. Sömuleiðis fór nokkur tími í gerð eftirlitshandbókar. Árangurinn er ágætur, nú getum við samræmt eftirlitið og haldið utan um allar skráningar og niðurstöður – fyrir utan hvað þetta léttir störf. Næstu skref eru að koma eftirliti með öðrum búgreinum í sama farveg.

Átaksverkefni á árinu var á landsvísi eftirlit með útbeiti nautgripa. Nokkur dæmi reyndust vera hér um að bændur hleyptu ekki gripum sínum út á sumarreit, en öll þau mál leystust farsællega. Í ljós kom að líklega er algengara að bændur haldi inni kvígum en kúm en á þessu verður tekið í fjósaskoðunum vorið 2010.

Afréttarmál og varnarlinur voru mikið til umræðu og skoðunar seinni hluta árs, nýr sérgreinardýralæknir er kominn til starfa og mörg mál hafa verið tekin upp til endurskoðunar. Haldnir voru fundir með bændum og farið í vettvangs- og skoðunarferðir.

Undir lok árs samþykkti Alþingi matvælafrumvarpið svokallaða. Innleiðing matvælaölggjafar ESB mun hafa mikil áhrif á störf héraðsdýralækna og er fyrirsjáanlegt að verkefnum á Suðurlandi mun fjölga enn.

3. Smitsjúkdómar

3.1 Vöktun

Sumir smitsjúkdómar eru þess eðlis að dýrin geta verið sýkt án þess að sjúkdómseinkenni komi fram. Slíka sjúkdóma þarf að vakta með sýnatökum. Matvælastofnun metur hvaða sjúkdóma er mest þörf á að vakta hverju sinni. Við matið er tekið tillit til mögulegra smitleiða og sjúkdómastöðu í nágrannalöndum okkar og þeim löndum sem við eigum viðskipti við. Sömuleiðis er farið eftir reglum Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) og viðskiptalanda okkar eftir því sem við á. Í Töflu VI.3.1 má sjá fjölda skimunarsýna og niðurstöður rannsókna á þeim á árinu 2009.

Tafla VI.3.1: Yfirlit yfir skimun vegna smitsjúkdóma í búfé 2009

Dýrategund	Sjúkdómur	Gerð sýna	Fjöldi sýna		
			í heild	neikvæð	jákvæð
Nautgripir	Smitandi hvítblæði (EBL)	Mjól	79	79	0
	Smitandi barkabólga/smitandi fósturlát (IBR/IPV)	Mjól	79	79	0
	Smitandi slímhúðarpest (BVD)	Mjól	79	79	0
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Blóð	42	42	0
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Garnir	2	2	0
	Kúariða (BSE)	Heili	98	98	0
Sauðfé	Smitandi fósturlát (Bovine Brucellosis)	Blóð	75	75	0
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Garnir	377	374	3
Svín	Riða (Scrapie)	Heili	1.673	1.673	0
	PRRS-veiki EU og USA stofn	Blóð	119	119	0
Hross	Svínainflúensa (H1N1 og H3N2)	Blóð	119	119	0
	Smitandi blóðleysi	Blóð	60	60	0
	Hestainflúensa	Blóð	60	60	0
	Smitandi háls- og lungnakvef/fósturlát (EHV-1)	Blóð	60	60	0
Alifuglar	Newcastle veiki (ND)	Blóð	238	238	0
	Kverka- og barkabólga (ILT)	Blóð	238	238	0
	Nef- og barkabólga (ART)	Blóð	20	20	0
	Mænubólga (AEV)	Blóð	238	236	2°
	Fuglakregða	Blóð	238	238	0
Viltir fuglar	Fuglaflensa	Blóð	238	238	0
	Fuglaflensa	Saur/kok	411	410	1°
Fiskar	Veirublæði (VHS)	Hjarta/milta/nýra/hrognavökvi	963	963	0
	Iðradrep (IHN)	Hjarta/milta/nýra/hrognavökvi	963	963	0
	Brisdrep (IPN)	Hjarta/milta/nýra/hrognavökvi	963	963	0
	Taugadrep (VNN)	Haus + kviðarholslíffæri	30	30	0
	Blóðporri (ISA)	Tálkn + hjarta	2.764	2.764	0
	Brisveiki (PD)	Hjarta	1.908	1.908	0
	Nýrnaveiki (BKD)	Nýrnavefur	3.923	3.545	378

°Álitið falskt jákvætt. Prof með lítið næmi. °° Jákvætt fyrir inflúensu A, neikvætt fyrir H5.

Yfirlit yfir sýnatökur og niðurstöður rannsókna undanfarinna ára er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar undir heitinu eftirlitsniðurstöður, á vinstri væng síðunnar.

3.2 Greiningar

Smitsjúkdómar eru flokkaðir í þrjá flokka A, B og C, samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómanna. Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lögin ná yfir, eða áður óþekktan sjúkdóm, ber að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Þessi vöktun

dýraeigenda og almennings, ásamt vakandi augum dýralækna, er gífurlega mikilvæg í því skyni að koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar breiðist út.

Riða var staðfest á tveimur bæjum á árinu en engir aðrir A-sjúkdómar greindust. Af B-sjúkdómum greindust salmonellusýkingar og garnaveiki á nokkrum búum og lungnafár í mink á tveimur búum. Að auki greindist H1N1 afbrigði af inflúensu í svínunum á tveimur búum. Algengustu C-sjúkdómar eru Hvanneyrarveiki (listeríusýking), smitandi munnangur, hníslasótt, clostrídíusýkingar, kylapest og lungnapest.

3.3 Viðbúnaður

Smitsjúkdómar geta komið upp nánast hvar sem er þrátt fyrir varúðarráðstafanir. Smitleiðir eru margvíslegar en þar veða þungt ferðir fólks og flutningur dýra og afurða milli landa. Alvarlegir smitsjúkdómar geta haft neikvæð áhrif á velferð dýranna og valdið miklu fjárhagslegu tjóni fyrir eigendur þeirra og þjóðarþúið í heild sinni. Til að takast megi að koma í veg fyrir útbreiðslu bráðsmitandi sjúkdóma, og það tjón sem af þeim leiðir, skipta markviss, fumlaus og skjót viðbrögð höfuðmáli.

Matvælastofnun vinnur eftir sérstakri viðbragðsáætlun þegar alvarlegir smitsjúkdómar koma upp. Í áætluninni er að finna skilgreiningu á boðleiðum, gátlista fyrir þá sem stórna aðgerðum, ýmis eyðublöð, leiðbeiningar, upplýsingar um nokkra sjúkdóma, almennt yfirlit yfir viðbrögðin o.fl. Hluta viðbragðsáætlunarinnar er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar. Áætlunin er í stöðugri endurskoðun og vinnslu.

Auk viðbragðsáætlunar vegna alvarlegra smitsjúkdóma eru í gildi hjá stofnuninni viðmiðunarreglur um viðbrögð við salmonellusýkingum í búfé. Endurskoðun á þeim og gerð nýrra leiðbeininga um viðbrögð hófst á árinu 2009 en er ekki lokið.

3.4 Æfingar, námskeið, ráðstefnur

Sóttvarnadýralæknir Matvælastofnunar starfar með vinnuhópi á vegum Norræna ráðherraráðsins sem fjallar um ýmis málefni sem tengjast viðbrögðum við smitsjúkdómum. Í vinnuhópnum eiga sæti fulltrúar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Í júní var haldin sameiginleg æfing, á vegum hópsins, í samskiptum dýraheilbrigðisyrvalda í löndunum þegar upp koma alvarlegir smitsjúkdómar. Vinnuhópurinn stóð einnig fyrir ráðstefnu á árinu um smitsjúkdóma sem berast með skordýrum. Ráðstefnan var haldin í Riga í Lettlandi.

3.5 Tilkynningar til Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE)

Löndum sem aðilar eru að Alþjóða dýraheilbrigðisstofnuninni ber að senda þegar í stað tilkynningu til stofnunarinnar þegar upp koma alvarlegir smitsjúkdómar í búfé og auk þess ítarlegri skýrslur þrisvar sinnum á ári um heilbrigðisstöðu í löndunum. Þetta veitir yfirsýn yfir útbreiðslu alvarlegra smitsjúkdóma í heiminum, sem hefur mikla þýðingu fyrir ákvarðanatöku um varúðarráðstafanir til að draga úr hættu á útbreiðslu þeirra á heimsvísu. Upplýsingarnar er að finna á heimasíðu OIE á eftirfarandi slóð: <http://www.oie.int/wahis/public.php?page=home>

3.6 Sóttvarnarsvæði


Á fjórða áratug síðustu aldar var landinu skipt upp í sóttvarnarsvæði (varnarhólf), sem afmörkuð eru með girðingum ásamt náttúrulegum hindrunum. Upphaflegur tilgangur þessa fyrirkomulags var að varna útbreiðslu sauðfjárjúkdóma sem borist höfðu með innflutningi á karakúlfé frá Þýskalandi árið 1933. Um var að ræða sjúkdómana garnaveiki og mæðiveiki (votamæði og þurramæði). Varnarhólfir voru liður í aðgerðum sem ráðist var í til útrýmingar sjúkdómum. Fé var fargað á sýktum svæðum og nýtt tekið í staðinn frá ósýktum svæðum. Votamæði var útrýmt árið 1952 en þurramæði 1965. Ekki tókst jafn vel til með garnaveiki og er hún enn til staðar. Eftir að bólusetning var tekin upp hefur tíðni garnaveiki þó minnkað mikið og hefur henni verið útrýmt á nokkrum svæðum.

Varnarlínurnar gegna einnig mikilvægu hlutverki í aðgerðum sem lúta að upprætingu riðuveiki. Sömuleiðis geta varnarlínurnar haft mikla þýðingu við að stemma stigu við útbreiðslu nýrra smitsjúkdóma.

Strangar reglur gilda um flutning á lifandi dýrum, tækjum og ýmsum varningi yfir varnarlínur. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 er Matvælastofnun heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða telji stofnunin að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra. Í lögnum segir enn fremur að óheimilt sé að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur, nema þegar um er að ræða endurnýjun bústofns vegna niðurskurðar af völdum sjúkdóma og/eða vegna búháttabreytinga. Þar segir einnig að sleppi sauðfé yfir varnarlínur skuli því slátrað. Nautgripi og geitur má aðeins flytja til lífs yfir varnarlínur að fram hafi farið sérstök rannsókn á heilbrigði þeirra. Nákvæmari ákvæði um flutning yfir varnarlínur er að finna í reglugerð um útrýmingu á riðuveiki (nr. 651/2001) og reglugerð um flutning líflamba (nr. 550/2008).

Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið birti í september 2009 auglýsingu (nr. 793/2009) þar sem tilkynnt var um breytingu á varnarlínunum. Með henni var sóttvarnarsvæðum fækkað úr 36 í 23.

Mynd VI.3.1: Varnarhólf



3.7 Sjúkdóma- og lyfjaskráning

Unnið er að gerð kerfis fyrir rafræna skráningu á sjúkdómum og lyfjameðhöndlun á búfé. Fyrsti hluti þeirrar vinnu lýtur að nautgripum og hrossum. Tölvudeild Bændasamtaka Íslands sér um forritun. Skráningin mun auðvelda bændum og dýralæknum að hafa yfirlit yfir sjúkdómsgreiningu og lyfjameðhöndlun, og betra yfirlit mun fást yfir heilbrigðisástand búfjár á einstökum svæðum og landinu í heild. Tilgangur með skráningunni er einnig að auðvelda eftirlit með því að gripir sem hafa verið meðhöndlaðir með lyfjum séu ekki sendir til slátrunar eða mjólk seld fyrir en að loknum útskolunartíma lyfjanna.

3.8 Landupplýsingakerfi

Unnið er að gerð kerfis sem mun gera starfsfólki Matvælastofnunar og almenningi kleift að skoða ákveðnar upplýsingar um eftirlitsskylda starfsemi á kortagrunni. Kerfið mun hafa verulega þýðingu í tengslum við viðbrögð við smitsjúkdómum þar sem það auðveldar yfirsýn yfir staðhætti og hvaða starfsemi er í nágrenni við þann stað sem smitsjúkdómur greinist á. Samsýn ehf sér um uppsetningu og hönnun kerfisins.

3.9 Reglur um flutning nautgripa milli bóa

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið skipaði nefnd í desember 2008, sem falið var að gera tillögu að reglugerð um flutning nautgripa milli bóa. Nefndin lauk störfum í desember 2009 og skilaði tillögum til ráðuneytisins í janúar 2010. Í nefndinni sátu Auður Lilja Arnþórsdóttir frá Matvælastofnun, Eggert Gunnarsson frá Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum og Jón Viðar Jónmundsson frá Bændasamtökum Íslands.

3.10 Verklag við ákvörðun um meðhöndlun sóttmengaðs úrgangs

Í maímánuði var skipaður vinnuhópur sem falið var að semja ferillýsingu varðandi samskipti stofnanna þegar upp koma tilfelli þar sem farga þarf smituðum dýraúrgangi. Vinnuhópurinn lauk störfum á árinu og skilaði tillögu til Halldórs Runólfssonar yfirdýralæknis í janúar 2010. Í vinnuhópnum áttu sæti Auður Lilja Arnþórsdóttir frá Matvælastofnun, Birgir Þórðarson frá heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Helgi Jensson frá Umhverfisstofnun og Ólöf Vilbergisdóttir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

3.11 Endurskoðun á reglugerð um riðuveiki í sauðfé

Vinnuhópur var skipaður á árinu til að vinna að endurskoðun á reglugerð um útrýmingu á riðuveiki. Þeirri vinnu er ekki lokið. Í hópnum sátu Auður Lilja Arnþórsdóttir, Halldór Runólfsson, Sverrir Sverrisson, Viktor Pálsson og Þorsteinn Ólafsson, öll starfsmenn Matvælastofnunar.

3.12 Rannsóknarverkefni vegna riðuveiki í sauðfé

Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum og Matvælastofnun sóttu um styrk til rannsóknar á riðuveiki í sauðfé, til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í mars og til Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (Rannís) í september. Fyrirhugað var að rannsaka faraldsfræðilega þætti riðuveiki, umfang smits og erfðafræðilega þætti, í þeim tilgangi að öðlast vísbendingar um uppruna smits og hugsanlegar smitleiðir. Styrkirir fengust ekki.

4. Alifuglar

Framleiðsla á alifuglum á landinu árið 2009 var sem hér segir:

- Kjúklingaframleiðsla: Í 82 eldihúsum voru aldir til slátrunar 599 eldihópar.
- Kalkúnaframleiðsla: 24 eldihópar voru framleiddir hjá einum framleiðanda.
- Andaframleiðsla: 14 eldihópar voru framleiddir hjá einum framleiðanda.
- Eggjaframleiðsla: Hjá 12 framleiðendum með yfir 100 hænum voru framleidd neysluegg í 23 húsum með búrhænum og í 10 húsum með gólfhænum.

4.1 Sjúkdómar

4.1.1 Innflutningur

Á landinu eru starfræktar fimm einangrunarstöðvar með útungun fyrir innflutt frjóegg og uppeldi fugla, þrjár fyrir holda- og varphænsnastofn, ein fyrir kalkúnastofn og ein fyrir andastofn. Þar að auki er ein einangrunarstöð starfræk eingöngu fyrir uppeldi á holdahænsnastofni.

Á árinu 2009 voru fluttir inn einu sinni frjóegg fyrir varphænsnastofn (bæði fyrir hvítar og brúnar varphænur) og níu sinnum fyrir holdahænsnastofn. Einn af þremur innflutningum á frjóeggjum fyrir kalkúnastofn misfórst og var eggjunum fargað.

Annar innflutningur gekk vel og litið var um vanhöld og engar grunsemdir um sjúkdóma komu upp.

4.1.2 Bólusetningar

Eins og áður er bóluset gegn hænsnalömun, blávængjaveiki og hníslasótt. Heilbrigði alifugla á Íslandi er hér með því besta sem þekkist.

4.1.3 Krufningar

Samtals voru send hræ til krufningar úr 7 alifuglahópum. Í þremur kjúklingahópum fannst kólísmit og er sá sýkill helsta ógn ungra kjúklingahópa. Með viðeigandi fúkalyfjum væri hægt að minnka tjónið, en vegna strangra lyfjalaga og vandamáls með birgðir lyfja eru sýktir hópar yfirleitt ekki meðhöndlaðir.

Vegna aukinna og endurtekinna dauðsfalla í kjúklingahópum í einu húsi voru send nokkur hræ úr einum hópi en ekki var hægt að fá svör úr krufningu til að staðfesta dauðaorsökina.

Send voru hræ úr tveimur holdahænsnastofnum og leiddi krufningin í ljós í bæði skiptin að um áverka á fótum var að ræða vegna óviðeigandi innréttingar eða búnaðar.

Upp kom grunur um smit með *Salmonella* Enteritidis í sjúklingi vegna snertingar við lítinn varphænsnahóp. Þess vegna var öllum hænum á viðkomandi bú fargað og þær sendar í krufningu og salmonellurækt, en ekki var hægt að finna salmonellusmit í fuglahópnum.

4.1.4 Sjúkdómaskimun

Blóðsýni voru tekin sem hér segir:

- Holdahænsnastofn: 80 sýni
- Varphænsnastofn: 40 sýni
- Varphænur: 98 sýni
- Kalkúnahænur : 20 sýni

Öll sýnin voru rannsökuð vegna mótefna gegn Newcastle-veiki (ND), smitandi kverka- og barkabólgu (ILT) og fuglaflensu (AI). Þar að auki voru blóðsýnin úr kalkúnahæunum rannsökuð vegna mótefna gegn nef- og barkabólgu (ART) og öll sýni úr hænsfluglum (holdahænur, varphænur) voru rannsökuð gegn mænubólgu (AE). Öll sýni voru neikvæð.

4.1.5 Salmonella

Þann 1. nóvember 2008 var sett í gang ný sýnatökuáætlun vegna eftirlits með salmonellu í alifuglum. Aðalbreytingin er að meiri áhersla er lögð á sýnatökur úr foreldrafuglum. Sýnataka er ekki skylda þar sem það er ekki bundið í reglugerð en hún hófst til að afla upplýsinga um tíðni salmonellu í alifuglum á Íslandi vegna umsóknar um viðbótarvernd vegna innfluttra alifuglaafurða frá ESB.

Salmonella fannst í 5 kjúklinga-eldishópum og í einum kalkúna-eldishópi. Öllum fuglum var fargað í eldi. Salmonella fannst einnig í kjúklingahópi í slátrun, en eldissýnið var neikvætt. Af þessum samtals 7 hópum voru 3 með nýtt smit eða ekki hefur greinst salmonella í sama húsi í langan tíma. 4 hópar hafa trúlega smitast vegna ónægilegrar hreinsunar á eldihúsi eftir salmonellujákvæðum hópi.

Ekki hefur fundist salmonella í foreldrafuglum (holdahænsnastofn, varphænsnastofn, kalkúnastofn). Jafnframt hefur ekki fundist salmonella í varphænum. Sýnataka er hins vegar mjög óreglulega framkvæmd og eru of fá sýni tekin miðað við ákvæði í áætluninni.

4.1.6 Kampýlóbakter

Sjá kafla 4.3 um rannsóknir hér að neðan. Niðurstöður úr alifuglahópum vegna eftirlits með kampýlóbakter og salmonellu er að finna í kafla IV (Súnur).

4.2 Dýravelferð

Endurtekið bærust tilkynningar frá eftirlitsdýralæknum vegna fótameina í kjúklingahópum. Breytingarnar fela í sér misdjúpan dritbruna í fótunum sem koma í ljós við slátrun hópana.

Engin regluleg skráning er til vegna slíkra breytinga og er þörf fyrir að hefja markvissa skráningu sem myndi hjálpa til við að gripa til viðeigandi aðgerða.

DA hafa borist tilkynningar um allavega 4 hópa með áberandi breytingar á fótum vegna bleytu á gólfum í eldihúsum, 2 kjúklingahópar, einn holdahæsnahópur og einn kalkúnahópur.

Einnig hafa borist tvær tilkynningar um illa meðferð alifugla við tínslu og flutning í slátruhús. Voru fuglarnir í þessum hópum illa vængbrotnir og með opin beinbrot. Slík meiðsl koma upp við grófa meðhöndlun við tínslu í flutningskassa og einnig þegar of þröngt er í kössunum.

Við úttekt á útungunarstöðvum þurfti dýralæknir alifuglasjúkdóma gera athugasemdir vegna velferð dagsgamallra unga. Aflifun hanana úr varphænsnavarpi var ekki framkvæmd í samræmi við dýravendarlögin.

4.3 Rannsóknir

Fjölbjóðlega rannsóknarverkefnið um notkun flugnaneta, sem samanstendur af kjúklingaframleiðendum á Íslandi, Ruff Lowman et al. í Kanada, sýkladeild Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum og MAST er áfram í gangi.

Í verkefninu er gerð tilraun með því að hindra að flugur komist inn í kjúklingahús og lækka þannig tíðni kampýlóbaktens í kjúklingum. Flugur bera yfirleitt kampýlóbaktensmit í sér. Húsin eru vernduð gegn flugum með því að setja flugnanet yfir loftinntaksstrompana á öllum fuglahúsum á fjórum stærstu búunum, sem eru áhættubú vegna kampýlóbakter.

Vorið 2009 voru flugnanetin sett upp fyrr en á árinu 2008, sem var fyrsta árið með tilraun flugnanets. Flugnanetin eru einungis höfð yfir strompunum frá vori til hausts, en eftir september lækkar tíðni flugna og einnig kampýlóbaktensmits verulega.

Fyrstu niðurstöður lofa góðu, sérstaklega niðurstöður fyrir 2009. Í tilrauninni 2008 voru netin sett of seint yfir strompana eða í maí og byrjun júní, en þá var tíðni kampýlóbakter þegar byrjuð að hækka á sumum búum og þess vegna var árangurinn takmarkaður.

Á árinu 2009 lækkaði tíðni kampýlóbaktens á áhættubúum verulega eða niður í 2,8%. Eitt bú lækkaði niður í 0% eða var ekki með neinn kampýlóbakterjákvæðan eldishóp árið 2009 og telst það vera frábær árangur. Taflan sýnir þróun á milli ára:

Í línuritum er sýnd tíðni kampýlóbakter á öllum búum á Íslandi á árunum 2007, 2008 og 2009 og til samanburðar tíðni kampýlóbakter á búum með flugnanet. Með „tíðni á landinu“ er átt við fjölda jákvæðra slátruhópa deilt með fjölda slátruhópa. Með „tíðni á búum með flugnanet“ er átt við fjölda jákvæðra slátruhópa deilt með fjölda slátruhópa frá búum með flugnanet.



Hvort aðferðin að verja eldihúsin frá flugum til að lækka kampýlóbaktensmit í kjúklingum er hagstætt á eftir að koma í ljós. Helsta vandamálið er að flugnanetin eru ekki nógu sterk til að hægt sé að nota þau í fleiri ár, þau skemmast gjarnan í roki þar sem klemmurnar halda netunum strekktum. Gerðar eru áframhaldandi tilraunir með því að festa netin betur og þannig að þau skemmist sem minnst í roki.


4.4 Fundir og fræðsla

Nordic Poultry and Veterinary Conference, Reykjavík, 17. – 19. nóvember 2009. Dýralæknir alifuglasjúkdóma hélt fyrirlestur um sjúkdómastöðu í alifuglum á Íslandi.

Tafla VI.4.1: Þróun á tíðni kampýlóbaktens milli ára

Ár	Tíðni á landinu	Tíðni á búum með flugnanet
2007	8,8%	12,1%
2008	11,6%	10,9%
2009	7,6%	2,8%

Mynd VI.4.1: Tíðni kampýlóbakter með tilliti til flugnaneta



5. Fiskar

Árið 2009 átti sér stað merkjanlegur viðsnúningur með jákvæðum formerkjum á flestum sviðum fiskeldis hér á landi. Eftir að hafa búið við ofursterkan innlendan gjaldmiðil í mörg ár hefur dæmið snúist við og eru bjartar horfur framundan með tilliti til framleiðslu og útflutnings eldisafurða. Mikill hugur er hlaupinn í eldismenn og hafa fyrirtæki ráðist í fjölbreyttar framkvæmdir allt í kringum landið til að auka við afkastagetu. Þá má segja að rykið hafi verið dustað af nánast öllum eldisstöðvum sem af ýmsum ástæðum ekki hafa verið í notkun á liðnum árum og eru þær komnar í gang eða við það að hefja rekstur. Alls voru 42 fiskeldisstöðvar í rekstri árið 2009 og fór dýralæknir fisksjúkdóma í 96 vitjanir í þessi fyrirtæki á árinu. Á heildina litið var heilbrigði eldisdýra í góðum farvegi og engin teljandi áföll tengdum sjúkdómum litu dagsins ljós.

Bleikjueldi dróst eilítið saman á liðnu ári en heldur samt sínu leiðandi hlutverki á flestum sviðum. Laxeldi er aftur að ná sér á strik í seiða- og áframeldi eftir að hafa nánast þurrkast út en heldur áfram að sækja í sig veðrið á kynbóta- og klakfiskasviði. Regnbogasilungur er á ný að verða marktæk eldistegund eftir að hafa legið niðri um nokkurra ára skeið og þorskurinn bætir við sig. Alls var slátrað um 5.146 tonnum af eldisfiski og kræklingi árið 2009.


Tafla VI.5.1: Heildarframleiðsla í eldi lagardýra, árin 1998 - 2009 (tonn af óslægðum fiski)

Tegund	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Lax	714	292	1.158	6.894	6.094	6.020	3.710	1.471	2.645	2.602	2.926	2.778
Bleikja	2.405	3.124	2.851	1.426	977	1.336	1.670	1.540	1.320	925	880	731
Regnbogi	75	6	11	10	50	142	180	248	105	30	70	372
Urriði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2
Lúða	49	39	31	141	129	123	95	120	93	34	13	7,7
Sandhverfa	68	51	70	47	115	62	32	9	2,7	0	0	0
Barri	0	0	0	0	0	0	76	40	20	20	15	12
Þorskur	1.805	1.502	1.467	1.412	1.050	595	393	205	70	11,2	0	0
Ýsa	0	4,5	23	23	0	0	65	0	0	0	0	0
Sæeyra	0	0	0,5	0,4	4	1,5	6,5	23,6	22,3	15,3	7,5	0,6
Risarækja	0	0,3	0,3	0,2	0,1	0	0	0	0	0	0	0
Kræklingur	30	10	10	7	5	5	4	0,5	0	0	0	0
Samtals	5.146	5.079	5.622	9.961	8.424	8.284	6.231	3.657	4.278	3.638	3.912	3.903

Í skjóli afburðar sjúkdómastöðu, ekki síst m.t.t. alvarlegra veirusýkinga, varð talsverð aukning í útflutningi hrogna og seiða til áframeldis á liðnu ári og hafa umsvif á þessu sviði aldrei verið meiri. Árið 2009 voru fluttir út 8.290 lítrar af laxahrognum til Chíle, Færeyja, Noregs, Kanada og Írlands. Þetta er 60% aukning frá 2008 og sexföldun frá 2007. Samtals fóru 50 lítrar af bleikjuhrognum til Austurríkis og Írlands. Alls voru flutt út um 1.111.000 laxaseiði og 55.000 lúðuseiði til Noregs og 34.000 lúðuseiði til Skotlands til áframeldis. Samtals fóru 1.640 sandhverfuseiði og 44 fullorðnir fiskar til áfram- og undaneldis í Kína og 3.000 sandhverfuseiði til áframeldis í Þýskalandi. Loks voru flutt út 1.190.000 sandhverfuhrogna til klaks og áframeldis í Hong Kong.

Árið 2009 var þremur fyrirtækjum veitt heimild til innflutnings á samtals 53 lítrum af regnbogasilungshrognum frá Danmörku til klaks og áframeldis.

Mynd VI.5.1: Ársframleiðsla í fiskeldi 1987 - 2009 (tonn)



5.1 Sjúkdómar

Tafla VI.5.2: Smitsjúkdómar af völdum baktería í íslenskum fiskeldisstöðvum árin 1997 - 2009

Sjúkdómur	Ný sjúkdómatilfelli pr. ár / fjöldi fiskeldisstöðva											
	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Hitraveiki	0	0	0	0	0	0	0	0	1*	0	1*	1*
Kýlaveikibróðir	7*#°	7*#	9*#	8*#	3*#	6°*#	4°*#	2*°	2*#	0	0	0
Nýrnaveiki	0	0	1°	4°*	3°*	3°*	1°	1°	0	0	0	1*•
Rauðmunnaveiki	1*	2*	1*	2°#	3°#	0	4*°	0	2*°	1°	0	0
Vetrarsár	0	0	0	0	0	0	2*	1*	0	0	0	0
Vibríuveiki	3#	4#	2*#	3*#	4#	3#	2#	0	1#	0	0	0
Þekjublaðra	0	0	0	1#	1#	1#	0	0	0	0	0	0

* Strandeldisstöð (selta: 10 - 25%) • Sjúkvíaelði (full selta) ° Klak- og seiðaeldistöð (ferskvatn) # Eldi sjávarfiska (full selta)

Hitraveiki (*Vibrio salmonicida*) er haldið niðri með öflugu bóluefni og var hvergi greind sem nýsmit á liðnu ári.

Kýlaveikibróðir (*Aeromonas salmonicida* undirteg. *Achromogenes*) hélt uppteknum hætti í þorsk-, lax- og bleikjueldi. Nýsmit var staðfest í alls sjö tilfellum; tvö tilfelli í áframeldisþorski í sjókvíum og eitt í seiðastöð, tvö í áframeldi á laxi í strandeldi og loks tvö í áframeldi bleikju, annars vegar í sjókvíum (milliselta) og hins vegar í strandeldi (ferskvatn). Þetta síðasta tilfelli er 4. skráða sjúkdómstilfellið sem kemur upp í hreinu fersku vatni á liðnum 20 árum og 1. tilfellið sem kemur upp í bleikju. Þorskurinn var ávallt óbólusetur en laxinn og bleikjan er bóluset, nema í því tilfelli þar sem smit kom upp í fersku vatni enda tíðkast ekki að bólusetja bleikju sem alin er eingöngu í fersku vatni. Enn hefur ekki tekist að þróa fullgott bóluefni gegn sjúkdómnum í þorski en þörfin er aðkallandi. Bakterían greinist ár hvert úr stöku villtum fiski í laxveiðiám allt í kringum landið.

Nýrnaveiki (*Renibacterium salmoninarum*), sem einungis smitar laxfiska, kom hvergi upp sem nýsmit í fiskeldisstöð árið 2009. Dulið smit fannst hins vegar í dágóðum fjölda villtra laxahrygna úr laxveiðiám allt í kringum landið á liðnu ári og var hrognun undan þeim umsvifalaust fargað. Nýrnaveiki er grafalvarleg og afar erfið viðfangs og hefur leitt til ófárra rekstrarþrota eldisstöðva á liðnum áratugum.

Rauðmunnaveiki (*Yersinia ruckeri*) kom upp sem nýsmit í aðeins einu tilfelli árið 2009 og var það í laxaseiðum (55 gr.) sem nýlega höfðu verið flutt í áframeldi (milliselta). Þau náðu sér á strik án meðhöndlunar. Sjúkdómurinn er viðvarandi í eldi sandhverfu og er honum haldið niðri eins og kostur er með bólusetningu.

Vetrarsár (*Moritella viscosa*) voru hvergi greind sem nýsmit á liðnu ári. Allur lax er vel bólusetur áður en hann fer í sjóeldi.

Vibríuveiki (*Vibrio anguillarum*) kom upp sem nýsmit í þremur tilfellum í þorskeldi árið 2009; eitt í seiðastöð (15 gr.), eitt í áframeldi seiða á fyrsta sumri í sjókvíum og loks eitt í verðandi klakþorski (1,5 kg) sem nýlega hafði verið sóttur út í kvíar og fluttur í strandeldi. Tvö fyrstu tilfelli voru þorskur af villtum uppruna sem ekki hafði verið bólusetur en það síðasta var þorskur sem var baðbólusetur sem smáseiði. Aleldisseiði eru öll bólusett gegn vibríuveiki og hefur sú forvörn tekist vel og bakterían aldrei náð sér á strik í slíkum hjörðum í áframeldi.

Þekjublaðra (*Chlamydia* sp.) (epitheliocystis) hefur í stöku tilfelli skotið upp á liðnum árum, m.a. í kvíarþorski. Sýkillinn leggst á þekjufurum tálkna, dregur úr þrótti og leiðir ósjaldan til affalla. Ekkert slíkt tilfelli kom upp árið 2009.

Söðulsár (*Flexibacter* sp.), eða roð- og sporörot, var fastur fylgikvilli villtra þorskseiða sem veidd voru við innanvert Ísafjarðardjúpi til áframeldis árin 2001-2008. Nú hefur þessum veiðum verið hætt og áherslan lögð á aleldisseiði. Sýking var mismikil á milli ára, en hún var sérlega kröftug síðustu tvö árin og fram eftir vetri og fram á vor 2009. Eðli bakteríunnar er með þeim hætti að sýklalyf hafa takmörkuð áhrif eftir að hún á annað borð hefur sýkt fiskinn. Bakterían virðist bundin við seiðastigið, hennar verður ekki vart í áframeldi stærri fiska.

Auk fyrrgreindra baktería greinast af og til sýklar í eldisfiski án þess þó að valda eiginlegum sjúkdómum eða teljandi afföllum. Þetta eru svokallaðir tækifærissýklar sem eru yfirleitt eðlilegur hluti af umhverfi fiska en sem geta við ákveðnar

aðstæður blossað upp og valdið sýkingu. Þetta eru bakteríur á borð við *Aeromonas hydrophila*, *Cytophaga* sp., *Mycobacterium*, *Vibrio wadonis*, *Pseudomonas* sp., *Lactobacillus*, *Flavobacterium* sp. og *Actinobacillus*.

Sníkjudýrin *Costia* (*Ichthyobodo necator*) og *Trichodina* sp. eru algeng vandamál í fiskeldi, á öllum stigum og árstíðum. Alls voru skráð sjö alvarleg costíutílfelli árið 2009; sex í laxaseiðum og eitt í þorskseiðum. *Trichodina* olli tjóni í þremur skráðum tilfellum, öll í þorski.

Laxa- og fiskilús kom ekkert við sögu árið 2009 enda laxeldi í sjókvíum nánast aflagt á liðnum tveimur árum. Með vaxandi áhuga á slíku eldi er viðbúið að sníkjudýrin sjáist á nýjan leik en þau voru undir sérstöku eftirliti árin 2000 - 2007. Það sýndi sig að þar sem lúsin á annað borð var til staðar var fiskilús (*Caligus elongatus*) nánast allsráðandi en laxalúsin (*Lepeophtheirus salmonis*) er sjaldgæf. Í þorskeldi er fiskilús algengust, en þó í bland við þorskalús (*Caligus curtus*). Fiskilús er minni (með sogskálar) en laxalús (með bitklær) og veldur ekki sárum á kvíafiski en getur þó verið hvítleið og valdið óþarfa áreiti. Tálknaús (*Salmincola* ssp.) er algeng í villtum vatnafiskum hér á landi og mikil sýking getur leitt til sára og jafnvel bakteríusýkinga í kjölfarið.

Sæsteinsuga (*Petromyzon marinus*) er orðin býsna algeng hér við land samfara hlýnun sjávar. Sæsteinsuga er frumstæður fiskur af flokki hringmunna, frumstæðasta hópi hryggdýra, sem sýgur sig fasta á fiska og hvali og nærast á blóði. Á liðnu ári var sníkillinn ekki eins áberandi og árin tvö þar á undan en veiðimenn í sjóbirtingi á Suðurlandi komast ekki hjá að verða varir við særðan fisk. Fiskarnir eru yfirleitt með eitt eða tvö djúp hringlaga sár á kviði milli eyrugga og kviðugga, en einnig sjást sár framarlega á baki. Hlutfall fiska með sárum var allt að 80% í afla veiðimanna á einstaka svæðum þegar verst lét.

Ormasýking í innri líffærum greindist ekki nema í skrautfiskum og villtum fiski árið 2009, en þessir fiskar eru yfirleitt töluvert sýktir af sníkjudýrum í sínu náttúrulega umhverfi. Gotraufarblæðing af völdum hringorma (*Anisakis simplex*) sem var mikið áberandi í villtum nýveiddum laxi í flestum ám landsins sumarið 2007 hefur ekkert orðið vart á liðnum árum, hvorki hér heima né erlendis.

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu var frumdýrið *Tetracapsuloides bryosalmonae*, sem veldur nýrnasýki (Proliferative Kidney Disease) í fyrsta sinn staðfest hér á landi í bleikju í Elliðaavatni sumarið 2008. Á liðnu ári héldu rannsóknir áfram sem staðfestu að nær allur bleikju- og urriðastofn Elliða- og Vífilstaðavatns er smitaður og hátt hlutfall bleikjunnar sýnir klínísk einkenni. Sýnatök úr öðrum vötnum hafa ekki gefið vísbendingar um smit en sníkjudýrið krefst ákveðinna umhverfisaðstæðna til æxlunar og dreifingar. Sníkjudýrið er þekkt í nágrennalöndum okkar og hefur valdið miklu tjóni, bæði í eldi og í villtum stofnum.

Blóðagöðan *Gyrodactylus* sp., sem staðfest var í fyrsta sinn í eldisþorski hér á landi vorið 2006, hefur sýnt sig að vera viðvarandi í sjókvíaeldi hér við land og kom upp í tveimur tilfellum árið 2009. Þá eru önnur sníkjudýr í þorskeldi sem stöðugt þarf að vakta. Frumdýrin *Loma* sp. og *Ichthyophonus hoferi* geta verið áberandi í tálknum og innri líffærum og krabbadýrið *Lernaecera branchialis* (illa) og einfrumungur sem veldur æxli í gervitálknum (X-cell disease) koma einnig við sögu.

Alvarlegu faraldur af völdum sníkjudýrsins *Ichthyophonus hoferi* (hnyð) kom upp í íslensku sumargotssildinni haustið 2008 og af heimildum að dæma var þetta í fyrsta sinn sem slík farsótt er skráð á spjöld sögunnar hér við land. Nú er talið að sýkingin hafi drepð um 32% stofnsins í fyrravetur. Rannsóknaleiðangrar í júlí og október 2009 leiddu í ljós að sýkingarhlutfall var enn verulega hátt og síst minna en árið áður. Í ljósi reynslunnar af þekktum faröldrum í Norðursjó má reikna með að sýkingin sé nú í hámarki og fjari síðan út á næstu 2 til 3 árum.

Á liðnu ári voru sveppasýkingar fátíð vandamál ef undan er skilinn hrognasveppur (*Saprolegnia parasitica*) sem er víðast til staðar þar sem fiskeldi er stundað.

Umhverfistengd afföll voru fátíð og fremur léttvæg árið 2009, en þó var eitt tilfelli sem skar sig úr bæði er varðar orsök og umfang tjóns. Eitt tilfelli loftbólveiki (gasyfirmettun) kom upp í eldi þorskseiða og olli nokkrum afföllum. Í lok ársins varð vart eitrunar af völdum brennisteinsvetnis (H₂S) í einni bleikju- og laxeldisstöð en hættunni tókst að bægja frá og hverfandi tjón hlaut af. Þá má nefna að í upphafi árs fannst slatti af dauðum ýsu- lýsu-, ufsa- og síldarseiðum (4 - 20 gr.) í fjöruborði innst í Ísafjarðardjúpi. Í kjölfar rannsókna var talið að orsökina mætti rekja til H₂S-eitrunar, en hverastrýtur eru algengar á sjávarbotni í innstu fjörðum Djúpsins sem gefa frá sér eitruspýjur sem leitt geta til bráðadauða. Svífþörungur

sem oft hafa verið áberandi sáust ekkert á liðnu ári þrátt fyrir hagstæð skilyrði í sjó. Rafsegultruflun leiddi til mikilla búsigfa í lúðueldi hjá Fiskey hf. á liðnu ári og hjó stórt skarð í annars farsæla og samfellda seiðaframleiðslu í tæpa tvo áratugi. Hamfarirnar byrjuðu reyndar í lok árs 2008 þegar seiði undan hrognatöku haustsins snögg drápu eftir tvær vikur í frumfóðrun. Hamfarirnar héldu áfram og lítil sem enginn afrakstur varð eftir næsta klaktímabil í byrjun árs 2009. Samtímis voru í gangi umfangsmiklar rannsóknir á orsök dauðans og allt kannað sem hugsast gat, ekki síst hverskyns sjúkdómsvaldar. Vorið 2009 var svo loks sannreynt að alvarleg rafsegultruflun í nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar á Hjalteyri var orsök dauðans (á sama tíma gátu íbúar í Richardshúsi á Hjalteyri ekki hafst við innandyra vegna sérkennilegs hljóðs). Upphaf vandans má rekja til lagnar kröftugs rafstrengs í nýja dælustöð Norðurorku rétt norðan Hjalteyrar. Eftir umfangsmikla spennujöfnun og margskonar lagfæringar komst framleiðsla seiða í samt lag á ný og í lok ársins var rekstur kominn í eðlilegt horf. Tjón Fiskeyjar er gífurlegt og alls drápu um 320.000 seiði sem leiddi til þess að einungis voru framleidd um 37.000 lúðuseiði á Hjalteyri árið 2009. Að lokum má svo nefna að brunni varð í eldisstöðinni að Lambanes-Reykjum í Fljótum í maí og drapst öll bleikja í eldi, samtals um 30.000 stk.

Engar sjúkdómsvaldandi veirur greindust í þeim 993 fiskasýnum sem bárust Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum árið 2009 (hluti sýna var áframsendur til greiningar í Noregi og Kanada) né heldur í 2.764 laxasýnum sem send voru til Færeyja til sérstakrar rannsóknar á blóðþorra (ISA) og brisveiki (PD).

Áhersla er lögð á að lágmarka notkun sýklalyfja í fiskeldi og hefur vel tekist til. Árið 1999 hófs skipulegt og árlegt eftirlit með leifum sýklalyfja í eldisfiski og hafa öll sýni reynst hrein frá þeim tíma.

5.2 Dýravelferð

Árið 2009 kom ekkert mál tengt meintum brotum á velferð fiska til kasta dýralæknis fisksjúkdóma.

5.3 Fundir og fræðsla

Eins og undanfarin ár hefur töluverðum tíma verið varið í fundahöld, fræðslu og skýrslugerðir fyrir ýmsa aðila, bæði innlenda og erlenda. Dýralæknir fisksjúkdóma hélt m.a. fyrirlestur um fisksjúkdóma og skyld málefni fyrir nemendur Hólaskóla, nemendur Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna, starfsfólk fiskeldisstöva á Norðurlandi eystra og tvenn stangveiðifélög. Ýmsir samráðsfundir voru sóttir, m.a. með Félagi sunnlenskra veiðifélaga, starfsmönnum rannsóknarstofu í fisksjúkdómum frá Bergen, forráðamönnum veiðifélagsins Lax-á og starfsmönnum fiskeldisstöva ásamt starfsfólki Rannsóknadeildar fisksjúkdóma á Keldum. Á síðasta ári lauk þriggja ára norrænu samstarfsverkefni styrktu af Norrænu Ráðherranefndinni sem kallað er "Comparative risk profiling for endemic and exotic fish diseases in the Nordic countries" þar sem dýralæknir fisksjúkdóma var þátttakandi. Afurðin var birt í fiskeldistímaritum sumarið 2008 og haustið 2009 fékkst verkefnið samþykkt til birtingar í Journal of the World Aquaculture Society. Þá var dýralæknum, fisksjúkdómafræðingum og fiskeldismönnum sem heimsóttu okkur frá Chile, Kanada, Noregi, Kólumbíu, Spáni og Færeyjum einnig flutt fræðsla um íslenskt fiskeldi með áherslu á sjúkdómamál og eftirlit.

6. Hross

Hrossaræktin hefur þá sérstöðu í íslenskum landbúnaði að skapa miklar gjaldeyristekjur með útflutningi á lifandi hestum auk þess sem útflutningur á hrossakjöti er umtalsverður. Mikið er í húfi að viðhalda heilbrigði íslenska hrossastofnsins enda er hann einhver dýrmætasta erfðaauðlind landsins. Samkvæmt forðagæsluskýrslum fyrir árið 2009 eru nú 102.625 hross í landinu.

Á árinu voru 1589 hross flutt út á fæti, flest til Þýskalands, 448 hross, en rúmlega 300 hross fóru til Danmerkur og álíka fjöldi til Svíþjóðar. Um 340 tonn af hrossakjöti voru flutt út á árinu, en heildar hrossakjötsframleiðslan var um 1000 tonn.

6.1 Sjúkdómar

6.1.1 Smitsjúkdómar

Engar tilkynningar um smitsjúkdóma bárust á árinu. Fyrstu mánuði ársins var þó enn verið að takast á við salmonellusýkingu sem kom upp í hrossahjörð á Kjalarnesi. Dýralæknir hrossasjúkdóma vann í samvinnu við héraðsdýralækni að úttekt á viðbrögðunum við því tilvik. Í framhaldinu voru viðbrögð við hópsýkingum í dýrum til sérstakrar skoðunar hjá MAST.

Tvær fræðslugreinar um smitsjúkdóma og hópsýkingar í hrossum komu út á árinu.

6.1.2 Skimanir

Tilgangur skimana er að afla reglubundið gagna sem eru lýsandi fyrir stöðu smitsjúkdóma í íslenska hrossastofninum. Slík gögn eru mikilvæg fyrir útflutning hrossa frá landinu, t.d. með því að rökstyðja að þau eigi að vera undanþegin sóttkví við komuna til annara landa, og einnig leggja þau grunn að áhættumati vegna hugsanlegra óska um innflutning á lifandi hrossum eða efðæfni þeirra.

Sýnatökuáætlun var gerð vegna skimunar fyrir þremur smitsjúkdómum í hrossastofninum: hestainflúensu, herpes týpu 1/4 og smitandi blóðleysi. Skoðuð voru sýni úr 60 stóðhestum víðsvegar að af landinu, sem hver um sig hafði sannanlega haft nán samskipti við a.m.k. 100 hross mánuðina fyrir sýnatökuna. Sýnin voru valin úr lífsýnabanka íslenska hestsins. Öll sýnin reyndust neikvæð.

6.1.3 Spatt

Dýralæknir hrossasjúkdóma vinnur í samvinnu við Bændasamtök Íslands að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn spatti í íslenska hrossastofninum. Sýnt hefur verið fram á að lækka megi tíðni sjúkdómsins með því að forðast að rækta undan hestum sem sjálfir greinast ungir með spatt. Frá árinu 2005 hefur verið gerð sú krafa til allra stóðhesta sem koma til kynbótadóms 5 vetra og eldri að þeir hafi verið röntgenmyndaðir m.t.t. sjúkdómsins og niðurstaða þeirrar greiningar gerð opinber í gagnabankanum Veraldarfeng (WF). Dýralæknir hrossasjúkdóma sér um samræmdan aflestur röntgenmyndanna og skráningu niðurstaðna í WF og hefur auk þess yfirumsjón með aflestri og skráningu sjúkdómsins í öðrum aðildarlöndum alþjóðasamtaka íslenska hestsins (FEIF).

Árlega berast myndir af um 150 - 200 stóðhestum til aflestrar í þessum tilgangi.

6.2 Dýravelferð

Eftirlit með fóðrun og aðbúnaði hrossa fór fram skv. lögum um búfjárhald. Héraðsdýralæknar fylgdu málum eftir hver í sínu héraði.

Helstu verkefni dýralæknis hrossasjúkdóma eru:

- Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn hrossasjúkdómum
 - Rannsóknir
 - Fræðsla, auglýsingar
 - Greiningar
- Viðbrögð gegn smitsjúkdómum
- Skimanir fyrir smitsjúkdómum
- Dýravern
 - Stefnumótun
 - Viðbrögð
- Sjúkdóma- og lyfjaskráningar í hrossum
 - Eftirlit
 - Úrvinnsla
- Önnur stjórnsýsluverkefni varðandi hross og afurðir þeirra

Önnur áhersluatriði á sviði dýravelferðar voru: Heilbrigði og meðferð keppnishesta og munnur hestsins.

Dýralæknir hrossasjúkdóma hafði yfirumsjón með eftirliti með heilbrigði keppnishrossa á Fjórðungsmóti Vesturlands og fór einnig á Heimsleika íslenska hestsins í Brunnadern í Sviss sem nefndarmaður í Dýraverndarráði FEIF og skilaði skýrslu um dýravern á leikunum.

Unnið er að sérstöku fræðsluáttaki um særindi í munnni hesta m.t.t. beislisbúnaðar og vandamála tengdum tönnum. Verkefnið er styrkt af Þróunarfráttarnefnd hrossaræktarinnar og er það unnið í samstarfi við Helgu Thoroddsen reiðkennara og Torbjörn Lundström tannlækni.

6.3 Rannsóknir

6.3.1 Sumarexem

Dýralæknir hrossasjúkdóma situr í verkefnisstjórn sumarexemsrannsókna. Rannsóknirnar hafa skilað umtalsverðum árangri og er m.a. búið að einangra og staðfesta áhrif allra helstu ofnæmisvaldanna sem eru prótein í munnvatni smámýsins *Culicoides* spp. Nú er verið að þróa aðferðir til afnæmingar og/eða bólusetninga gegn sjúkdómnum. Rannsóknirnar eru unnar í samstarfi við fjölda erlendra rannsóknahópa. Dýralæknir hrossasjúkdóma á einnig aðild að nýju verkefni á þessu sviði sem unnið er í samvinnu við Cornell háskólann í Bandaríkjunum og Tilraunastöðina á Keldum. Í því verkefni verður prófuð kenningin um að mótefni í broddmjólk hryssna, sem þegar hafa verið stungnar af smámýi *Culicoides* spp., verji afkvæmi þeirra gegn sumarexemi.

6.3.2 Spatt

Spatt (slitgigt í flötu liðum hækilsins) er algengur sjúkdómur í íslenska hestinum sem leitt getur til langvinnrar helti og komið niður á ganghæfileikum hrossa. Hestar geta einnig verið einkennalausir þrátt fyrir umtalsverðar kalkanir í flötu liðum hækilsins og helgast það af því að ekki er um eiginlega hreyfiliði að ræða heldur er hlutverk þeirra fyrst og fremst að dempa högg. Sýnt hefur verið fram á arfgengi sjúkdómsins og á grundvelli þeirrar þekkingar hafa fyrirbyggjandi aðgerðir nú verið byggðar inn í kynbótastarfið. Áframhaldandi rannsóknir á spatti eru nauðsynlegar til að flýta þessum erfðafrámförum enn frekar. Verið er að prófa þá kenningu að sjúkdómurinn erfist í gegnum óheppilega byggingu hækilsins og að þann byggingargalla sé hægt að greina strax frá unga aldri. Rannsóknin er unni í samvinnu við Dýralæknadeild Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar og Dýralæknaskólann í Alfort í Frakklandi.

„Aðferðir til að meta fyrstu stig slitgigtar í hækjum á íslenskum hestum með þrívíðri byggingargreiningu, myndgreiningu og greiningu blóðþátta“ er rannsóknaverkefni sem beinist að því að greina byggingu hækilsins með nákvæmum mæliaðferðum hjá tveimur hópum unghrossa. Hóparnir eru þannig valdir að líklegt er að þeir beri með sér mismunandi mikla arfgenga hættu á að fá spatt. Annar hópurinn er undan hryssum og hestum sem ekki er hægt að greina að hafi spatt samkvæmt röntgenmyndatöku en í hinum hópnum greindust báðir foreldramir með spatt. Tilraunahrossin lifa í þrjú sumur og verður bygging þeirra metin einu sinni að sumri. Við 15 – 17 mánaða aldurinn var elsta fyrsta árgangi tilraunahrossanna slátrað og hæklnir fluttir ferskir til Svíþjóðar til myndgreiningar og meinafræðilegra greininga.

Samstarfsaðilar við sænska dýralæknaháskólann framkvæma mjög nákvæmar rannsóknir á byggingu hæklauna og heilbrigði þeirra með sneiðmyndatökum og vefjameinafræðilegum rannsóknum. Þannig verður hægt að greina beinabygginguna í smáatriðum og sjá hvar nákvæmlega í liðunum brjóskeyðingin byrjar og hvernig hún breiðist út. Með þessu móti verður vonandi hægt að finna út hvað veldur brjóskeyðingu í flötu liðum hækilsins hjá ungum hrossum og hvort greina megi þann byggingargalla með berum augum og nota til að flýta kynbótum á þessu sviði.

6.3.3 Önnur rannsóknaverkefni

Dýralæknir hrossasjúkdóma sat í tveimur doktorsnefndum við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri;

- Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir. Uppruni íslenska hrossastofnsins. 2006 –
- Þorvaldur Kristjánsson. Samband byggingar og hæfileika hjá íslenskum hrossum. 2007-

Dýralæknir hrossasjúkdóma var leiðbeinandi í lokaverkefni til kandidatsprófs í dýralækningum við Dýralæknadeild Landbúnaðarháskólans í Uppsölum, Svíþjóð.

- Sigurjón Einarsson. Samband hækilsbyggingar og slitgigtar í flötu liðum hækilsins (spatts). 2008 –

Dýralæknir hrossasjúkdóma var aðstoðarleiðbeinandi í doktorsverkefni við Dýralæknadeild Landbúnaðarháskólans í Uppsölum, Svíþjóð.

- Charles Ley. Three dimensional morphometric parameters of the young Icelandic horse as indicators of cartilage degeneration in the distal tarsal joints. 2008-

6.4 Fundir og fræðsla

- Heilbrigði íslenska hestsins. Fræðslufundur haldinn á vegum Matvælastofnunar 27. Janúar 2009.
- Health control of competing horses at LM 2008 "Fit for competition". The FEIF Conference 01.03. 2009, Hamburg www.feif.org
- Áverkar á keppnishestum. Út með ágrip – málþing á Hvanneyri 13. Mars 2009.
- Smitsjúkdómar og hópsýkingar í hrossum. Fræðsluerindi haldið á aðalfundi Hrossaræktarsambands Suðurlands. Þingborg, 23. 03. 2009.
- Sigríður Björnsdóttir. Rannsóknir á heilbrigði íslenska hestsins. Þekkingarþing Norðurlands Vestra haldið á Skagaströnd 19. Maí 2009.
- Avl av den friske hesten. Fræðslufundur fyrir norska hrossaræktendur úr hestamannafélaginu Faxe haldinn á Hólum 19.11.2009.
- Í pallborði á ráðstefnu NkVet: Use and Misuse of Drugs in the Athletic Horse, Uppsala 1.-2. Október 2009

6.4.1 Fræðslugreinar

- Sigríður Björnsdóttir. Sumarexem í hrossum – Staða rannsókna. Morgunblaðið 12.01.2009 og www.mast.is
- Sigríður Björnsdóttir. Innflutningshöft á hrossum og hrossasæði. 25.01.2009 www.mast.is
- Sigríður Björnsdóttir. Heilbrigði íslenska hestsins. Morgunblaðið 26.01.2009
- Eggert Gunnarsson, Gunnar Örn Guðmundsson og Sigríður Björnsdóttir. Salmonellusýking í hrossum. Bændablaðið, 5. Tbl, 12. mars 2009, bls 24

6.4.2. Skýrslur

- Gunnar Örn Guðmundsson og Sigríður Björnsdóttir. Salmonellusýking í hrossahjörð á Kjalarnesi í desember 2008. Send yfirdýralækni 11.maí 2009.
- Sigríður Björnsdóttir, Ólöf Sigurðardóttir og Tómas Jónsson. Rannsókn á normalgildum helstu blóðþátta í íslenska hestinum. Lokaskýrsla send Framleiðnisjóði Landbúnaðarins 23. Febrúar 2009.
- Sigríður Björnsdóttir and Machteld van Dierendonck. Report FWVC observations during WC2009 in Brunadern. Send stjórn FEIF í október 2009.
- Önnur stjórnsluverkefni
- Dýralæknir hrossasjúkdóma fór fyrir starfshópi um aukna eftirfylgni með lögum og reglugerðum sem tryggja eiga að ekki séu lyfjaleifar í hrossakjöti.
- Skráning lyfjameðhöndlana í hross í gagnagrunninn www.worldfengur.com (WF)
- Aukið eftirlit með einstaklingsmerkingum
- Upplýsingagjöf til dýralækna og hrossaeigenda

Þýðing á heilsufarskafla hestapassans í samvinnu við Bændasamtök Íslands. Auk þess var unnið að því að fá (WF), með lyfjaskráningu, viðurkenndan af Evrópusambandinu sem rafrænan hestapassa til að styrkja útflutning bæði á lifandi hrossum og hrossakjöti.

7. Loðdýr

Á árinu 2009 voru starfrækt 22 minkabú í landinu með um 33950 paraðar læður. Ellefu minkabú eru í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi, sex í Suðurlandsumdæmi, þrjú í Austurlandsumdæmi nyrðra, eitt í Gullbringu- og Kjósarumdæmi og eitt í Austur-Skaftarfellsumdæmi. Ekkert refabú er lengur starfrækt í landinu og er það í fyrsta skipti frá árinu 1979 sem svo er.

Á árinu hóf einn nýr einstaklingur minkarækt á landinu og er það annað árið í röð sem að fjölgar í greininni.

Minkaræktin hefur gengið vel hér á landi á undanförunum árum. Gæði íslenskra skinna er að aukast sem skilar sér í betra verði en skinnaverð hefur einnig farið hækkandi á alþjóðamörkuðum. Aukin gæði skinnana má m.a. rekja til reglubundins innflutnings á lífdýrum til kynbóta. Auk þess hefur langstærstur hluti minkabænda stundað búgreinina til margra ára og eru því mjög reyndir í faginu.

Þann 27. maí 2009 voru fluttir inn 428 minkahögnar, frá fjórum ræktunarbúum í Danmörku, á vegum Samband íslenskra loðdýrabænda (SÍL). Að þessu sinni ákvað SÍL að leigja flugvél til innflutningsins og var högnunum því flogið beint á Vopnafjörð þar sem sóttkvíin var staðsett. Þetta er mjög ánægjuleg þróun m.t.t. dýraverndar þar sem flutningur högnanna stýttist til muna, því ekki þurfti að flytja þá landleiðina til Vopnafjarðar frá Keflavíkflugvelli eins og áður. Líkt og á síðasta ári var dánartíðnin í sóttkvínni nokkuð há en allir högnar sem drápu voru krufðir og bentu niðurstöður krufninga ekki til þess að um nýjan alvarlega smitandi sjúkdóm væri að ræða. Sóttkvínni var aflétt og högnum dreift á ræktunarbú í landinu þann 17. desember 2009.

7.1 Sjúkdómar

Almennt heilsufar á minkabúum landsins var gott á árinu og ekki mjög frábrugðið því sem það hefur verið undanfarin ár. Í lok október kom upp sjúkdómurinn lugnafár (haemorrhagic pneumonia vegna *Pseudomonas aeruginosa*) í minkum á tveimur búum í Skagafirði, þ.e.a.s. að Syðra-Skörðugili og á Ingveldarstöðum. Á Syðra-Skörðugili olli veikin miklum búsifjum en þar drápu um 3100 minkar en á Ingveldarstöðum voru umsvifin minni en þar drápu milli 300 til 400 minkar. Á báðum búunum var meðhöndlað með sýklalyfjum og bólusetningu gegn bakteríunni.

Allar blóðprufur sem teknar voru á minkabúum landsins vegna reglugerðarbundis eftirlits með plasmacytosis reyndust neikvæðar í ár. Í desember voru tekin inn dýr að nýju á Óslandi við Hofsó, að loknum þrifum og sóttþreinsun, en þar var bústofninn drepinn niður á síðasta ári vegna sjúkdómsins.

7.2 Rannsóknir

Í farvatninu er að hrinda af stað rannsóknarverkefni á árinu 2010 vegna mikils óútskýrðs dauða á hvolpum að loknum fráfarum. Samband íslenskra loðdýrabænda mun standa að verkefninu í samvinnu við Tilraunastöð H.Í. í meinafræðum á Keldum.

8. Nautgripir

Samkvæmt forðagæsluskýrslum voru 72.371 nautgripir í landinu; þar af 26.804 mjólkurkúr á 748 búum, 1.510 holdakúr á 132 bæjum og 18.583 geldneyti á 879 bæjum.

8.1 Sjúkdómar

Sjúkdómavöktun var þannig að leitað var að kúariðu í heilasýnum úr 98 fullorðnum nautgripum og voru niðurstöður allar neikvæðar. Ástæða þótti til þess að senda eitt sýni úr holdakú með einkenni frá miðtaugakerfinu til kúariðurannsóknar. Þar var um heilabólgu af öðrum orsökum að ræða.

Garnasýni til rannsóknar á garnaveiki eru tekin úr nautgripum í sláturhúsum ef grunsamlegar breytingar sjást í görnum og eitlum. Í tveimur sýnum sem tekin voru fundust engin merki um garnaveiki. Tekin voru 42 blóðsýni til skimunar á garnaveiki vegna flutnings á nautgripum og voru þau öll neikvæð.

Tekin voru 75 mjólkursýni úr mjólkurtönkum til að rannsaka m.t.t. smitandi hvítblæðis (EBL), smitandi barkabólgu/fósturláts (IBR/IPV) og smitandi slímhúðarpestar (BVD). Þau voru öll neikvæð. Blóðsýni úr 79 kúm voru rannsökuð m.t.t. smitandi fósturláts (Bovine Brucellosis, Brucella abortus) og voru einnig öll neikvæð.

Salmonella fannst á einu kúabúi (S. typhimurium). Gerðar voru viðeigandi ráðstafanir og sýkingin gekk yfir. Smitið uppgötvaðist vegna sýkingar í tveimur ungmennum frá bænum. Aðrir veiktust ekki og ekki sáust sjúkdómseinkenni á nautgripum á bænum.

Allar rannsóknir voru gerðar á Tilraunastöð Háskólans á Keldum eða fyrir milligöngu hennar á erlendum rannsóknarstofum.

Tilraunastöðin á Keldum fær alltaf stök sýni úr kúm til greiningar. Mörg þeirra koma frá eftirlitsdýralæknum í sláturhúsum ef þeir sjá eitthvað í innri líffærum sem þeim finnst að þurfi að rannsaka eða sé forvitnilegt að rannsaka. Þessi sýni voru innan við tug og voru niðurstöðurnar af jafn margvíslegum toga.

8.2 Dýravelferð

Unnið er að því að skrifa fjósaskoðunarhandbók fyrir héraðsdýralækna og eftirlitsdýralækna. Reglugerð um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra kveður á um að héraðsdýralækna hafi eftirlit með framkvæmd hennar. Það eftirlit er af tvennum toga, annars vegar eftirlit með heilbrigði afurðanna og hins vegar með velferð og umhirðu gripanna. Handbókinni er ætlað að samræma þetta eftirlit og sjá til þess að jafnræði sé hvar sem búið er í landinu. Lögð er áhersla á að tekið sé tillit til líðan nautgripa og horft til þess að aðbúnaður þeirra sé sem bestur.

Farið var í átak vegna útivistar nautgripa vegna þess að grunur var um að kúr væru ekki settar út á einhverjum bæjum. Ástæða þótti til þess að skrifa 18 bændum bréf þar sem þess var krafist að ákvæðum reglugerðarinnar um 8 vikna útivist nautgripa væri framfylgt. Í 8 tilfellum var orðið við kröfum MAST og í nokkrum tilfellum var gefinn frestur til að bæta úr fyrir næsta sumar.

8.3 Rannsóknir

Nefnd á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem í sátu Auður L. Arnþórsdóttir dýralæknir, formaður, Jón Viðar Jónmundsson ráðunautur og Eggert Gunnarsson dýralæknir gerði skýrslu um áhættugreiningu vegna garnaveiki í nautgripum á Íslandi. Í framhaldi af þeirri skýrslu voru þau skipuð í nefnd til þess að gera reglugerð um flutning nautgripa milli búa. Nefndin hefur skilað drögum að reglugerð til ráðuneytisins en þau hafa ekki komið til umsagnar ennþá.

8.4 Fundir og fræðslustörf

Þorsteinn Ólafsson sem ráðinn var dýralæknir nautgripa- og sauðfjárjúkdóma frá 1. janúar 2009 er í stjórn NKVet og situr flestar ráðstefnur á þeirra vegum. Þorsteinn tók þátt í kennslu bæði við bændadeild og háskóladeild Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Hann er einnig fulltrúi MAST í fagráði í nautgriparækt.

9. Sauðfé og geitur

Sauðkindur á landinu voru 466.269, þar af 364.384 ær hjá 2.666 eigendum, hrútar voru 11.734, ásettar gimbrar 81.104 og ásettir lambhrútar 9.047. Geitur voru 609 hjá 48 eigendum. Leyft var að flytja 2.865 gimbrar og 880 hrúta til lífs milli varnarhólfa frá bæjum sem höfðu leyfi til að selja líflömb.

9.1 Sjúkdómar

Leitað var að garnaveiki í 377 garnabútum úr fullorðnum kindum og fannst garnaveiki í þeim í þremur kindum þannig. Auk þess var skimað eftir mögulegum garnaveikeinkennum í görnum úr fullorðnum kindum í sláturhúsum. Garnaveiki fannst einnig í tveimur kindum sem var lógað vegna gruns um garnaveiki.

Leitað var að riðu í 1673 heilasýnum sem tekin voru í sláturhúsum og fundust engin einkenni riðu í þeim. Í janúar var tveimur kindum lógað vegna gruns um riðuveiki. Var önnur frá Dæli í Sæmundarhlíð í Skagafirði og hin var frá Dæli í Skíðadal í Eyjafirði. Var staðfest að þær væru báðar með riðuveiki. Eftir niðurskurð voru rannsökuð sýni úr 136 kindum og voru reyndust 4 sýktar af riðuveiki. Í Dæli í Skíðadal fannst ein kind af 29 sýkt af riðu.

Að Keldum eru send sýni úr öllum landshlutum, það geta verið blóðsýni, vefjasýni eða hræ af fósturum, lömbum eða fullorðnum dýrum. Slík sýni fengu tæplega 70 númer á Keldum og varða þá margfalt fleiri einstaklinga. Sýnin eru send inn af bændum eða dýralæknum ýmist að eigin frumkvæði eða vegna þess að MAST telur ástæðu til að staðfesta eða afsanna einhverjar sýkingar.

Slíkar sendingar sýndu fram á lungnapest í kindum í Reykhólahreppi, en þar hefur ekki greinst lungnapest áður. Var það til þess að kindur voru bólusettar á nokkrum bæjum þar. Á tveimur bæjum hefur greinst sýking sem ekki hefur verið greind hér á landi áður eða *Clostridium sordelli* sem veldur drepri í æxlunarfærum dýra. Erlendis hefur þessi sýkill greinst í ýmsum dýrategundum auk áa. Það er sammerkt með þessum tveimur bæjum sem eru í sitt hvoru varnarhólfi að þar er hálmur notaður sem undirburður.

9.2 Velferð

Því miður hefur stofnunin þurft að takast á við erfið mál vegna vanhírðu á sauðfé. Því miður er eitthvað um að umráðamenn dýra gera sér ekki grein fyrir eigin vangetu til að sinna dýrunum. Þá getur farið svo að fólk blindast og sér ekki eða vill ekki sjá að dýrunum líður ill og þau vanþrífast. Slík mál reyna mjög á héraðsdýralækna, búfjárefnismenn og sveitastjórnar fólk. Reynsla starfsfólks Matvælastofnunar hefur vaxið í slíkum málum og það er kominn betri farvegur fyrir slík mál sem leiðir til umbóta og ef ekki eru aðrir kostir til kærumála og dóms. Er vonandi að slíkum málum fækki og að í framtíðinni heyri þau til algjörra undantekninga.

Tafla VI.9.1: Sala líflamba 2009

Varnarhólf söluaðila	Hrútar	Gimbrar
Snæfellsneshólf	72	295
Steingrímsfjarðarhólf	292	1076
Reykjaneshólf	38	175
Miðvestfjarðarhólf	137	209
Öxarfjarðarhólf	105	434
Sléttuhólf	19	147
Norðausturlandshólf	255	817
Hrútagurinn á Raufarhöfn	89	-
Öræfahólf	40	661
Samtals	880	2865
Lömb samtals	-	3745

9.3 Rannsóknir

Matvælastofnun er ekki rannsóknarstofnun, en starfsmennirnir geta beint málum í farveg og verið aðilar að rannsóknum. Helstu samstarfsaðilar eru Tilraunastöðin á Keldum og Landbúnaðarháskólarnir.

Á Keldum verður haldið áfram rannsóknum á kregðu með það í huga að finna stofna af *Mycoplasma ovipneumoniae* ef vera kynni að hægt væri að framleiða bóluefni gegn sjúkdómnum. Kregða virðist fyst og fremst valda hósta í lömbum og í fæstum tilfellum veldur hún vanþrifum í kindum, en við slæmar aðstæður búa aðrar sýkingar um sig í lungum sem eru sýkt af kregðu.

Það er brýnt að skoða betur útbreiðslu kregðunnar með því að skoða lungu í sláturhúsum.

9.4 Fundir og fræðsla

Dýralæknir sauðfjársjúkdóma fór á nokkra fundi með bændum þar sem fjallað var um varnir gegn sauðfjársjúkdómum og sauðfjárveikivarnarlínur. Þá tók hann þátt í kennslu í sauðfjárrækt við bændadeild Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

10. Skelfiskur

Vöxtur og viðkoma skelfisks, hvort sem er villtur eða ræktaður, er háður náttúrulegri fæðu og þeim umhverfisaðstæðum sem ríkja á veiði- eða ræktunarstað. Skelfiskur (samlokur) síar til sín fæðu í sjó s.s. þörungum og örverum og endurspeglar skelfiskur því vel aðstæður á vaxtarstað. Neysla skelfisks getur verið varasöm ef ekki væri til staðar eftirlit með veiði- og ræktunarsvæðum og framleiðslu hans. Skelfiskur er oft borðaður hrár og það eykur hættu á sýkingum af völdum örvera einkum *E. Coli* og salmonellu og veira ss. Norovirus, sérstaklega ef skelin kemur af menguðum strandsvæðum.

Stærsti áhættuþátturinn við skelfiskneyslu er þörungaeitur, en af þeim þúsundum tegunda þörungum sem þekktir eru í sjó geta nokkrar tegundir valdið eitrun í skelfiski sem er hættuleg fyrir neytandann, en eitrið hefur hins vegar engin áhrif á skelfiskinn sjálfan. Eitraðir þörungar sem valda ASP, PSP og DSP eitrun hafa fundist við Ísland.

Áhrif PSP-eitrunar eru í því fólgin að eitrið truflar natríumbúskap taugafruma, sem leiðir af sér truflun á taugaboðum og getur valdið lömum, öndunarerfiðleikum og jafnvel dauða. Áhrif DSP-eitrunar eru ógleði, uppköst, þrautir í kviðarholi og niðurgangur og verður þeirra vart skömmu eftir að menn hafa neytt eittraðs skelfisks. Bati næst yfirleitt innan þriggja sólarhringa, en afleiðingar ASP og PSP eitruna geta verið alvarlegri.

Áhrif ASP-eitrunar koma fram nokkrum dögum eftir að eittraðs skelfisks hefur verið neytt, en þau einkennast af ógleði og niðurgangi, minnisleysi og jafnvel dauða, en ASP hefur ekki greinst enn í skelfiski við Ísland.

Hefðbundnar veiðar á skelfiski við Ísland hafa alfarið lagst af og ekki ljóst hvort eða hvenær þær muni hefjast á ný.

Kræklingarækt er formlega hafin á tveim svæðum við Ísland. Framleiðsla hófst á vormánuðum í Eyjafirði og í Breiðafirði hófst framleiðsla í lok árs.

Á undanföllum árum hafa verið stundaðar veiðar á beitukóngi í Breiðafirði og ígulkerjum í Breiðafirði og Eyjafirði. Veiðar og vinnsla hafa einnig verið stundaðar á sæbjúgum í Faxaflóa og tilraunaveiðar stundaðar við Austfirði, en framleiðsla þessara tegunda falla undir sömu kröfur um eftirlit og skelfiskur.

10.1 Starfsleyfi

Matvælastofnun veitir heimild til uppskeru eða nýtingar á skelfiski og skyldum tegundum. Þessi leyfisveiting er margþætt og felst meðal annars í heilnæmiskönnun á veiði- eða ræktunarsvæðum skelfisks, einkum með tilliti til mengunar. Að henni lokinni eru svæðin flokkuð í A,B,C eftir örverumengun.

Tafla VI.10.1: Flokkun Framleiðslusvæða

Flokkur	Fjöldi <i>E.coli</i> (MPN/100g)	Meðhöndlun
A	<230	Má setja beint á neytendamarkað
B	<4.600	Verður að hreinsa þar til A kröfum er fullnægt
C	<46.000	Verður að umleggja í amk 2mánuði eða þar til kröfum A-svæðis er fullnægt.

Samkvæmt reglugerðum ESB er svæði flokkað sem A svæði ef fjöldi *E.coli* er undir 230 í 100g af skelfiski. Eingöngu er heimilt að markaðssetja lifandi skelfisk af A-svæði. Skelfiskur frá B og C svæðum verður fara í umlagningu (hreinsun) þar til hann uppfyllir kröfur sem gerðar eru til skelfisks frá A svæði, ef markaðsetja á hann lifandi. Skelfisk frá B og C svæðum má setja á markað að undangenginni hitameðhöndlun.

10.1.1 Viðurkenning framleiðslusvæða

Fram til þessa hafa 7 svæði verið viðurkennd til veiða á kúfiskel á undanföllum árum og þau flokkuð. Öll svæðin hafa fengið A-flokkun þar sem örverumengun hefur reynst óveruleg.

Vegna kræklingaræktar hafa 5 svæði verið heilnæmiskönnuð og flokkuð mtt til örverumengunar, en þau öll fengið A-flokkun. Heilnæmiskannanir eru nú stundaðar á 8 kræklingaræktarsvæðum en svo virðist sem mikill áhugi og uppgangur sé í greininni.

Eftir að heilnæmiskönnun lýkur geta viðkomandi aðilar sótt um uppskeruheimild til MAST, en uppskeruheimildin byggir á að greiningar á þörungaeitri í skelfiski sýni fram á að magn þörungaeiturs sé undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett hafa verið. Viðkomandi ræktunarsvæði er þá opnað og er gildistími uppskeruleyfis frá 1 viku á sumri í 3 vikur að vetri, en svæðin lokast síðan aftur, nema ný sýnataka og greiningar komi til.

Samhliða þörungaeitursgreiningum í skel er fylgst með eiturþörungum á framleiðslusvæðum, en Hafrannsóknarstofnun annast greiningar á þeim fyrir MAST. Framleiðslusvæði eru einnig undir reglubundnu eftirliti MAST þar sem fylgst er með örveruinnihaldi í skel (*E. coli* og salmonellu), jafnframt eru önnur mengunarefni s.s. þungmálmar og þrávirk lífræn efni vöktuð reglulega, en Matis annast greiningar á þessum efnunum.

10.2 Eftirlit

Skelfiskeftirlit Matvælastofnunar tekur til veiða, ræktunar og framleiðslu skelfisks, þar með talið til löndunar, flutnings, meðferðar, geymslu, vinnslu, pökkunar og dreifingar. Helstu verkefni skelfiskeftirlitsins eru heilnæmiskannanir, mat á stöðu veiðisvæða og eftirlit með þeim, vöktun vegna eiturþörungum og þörungaeiturs og hvort afurðir standist kröfur vegna þörungaeiturs, *E. coli*, og salmonellu.


Eftirlit með eiturþörungum og þörungaeitri var viðhaft á 4 svæðum við landið í samvinnu Matvælastofnunar og Hafrannsóknarstofnunar. Eftirlitið fór fram í Hvalfirði, Breiðafirði, þar sem eingöngu er fylgst með þörungum í sjó, en þessi svæði eru nýtt af almenningi til skelfisktekju, einkum kræklinga og hörpudisks. Í Eyjafirði og Breiðafirði var fylgst með þessum þáttum vegna ræktunar og framleiðslu á ræktaðum kræklingi.

10.2.1 Niðurstöður

Eiturþörungur fundust á öllum svæðum í sumar, og voru þeir eins og sl. ár viðvarandi í Hvalfirði allt sumarið og fram á haust og voru viðvaranir gefnar út vegna hugsanlegrar DSP eitrunar frá því í lok júní og fram í miðjan september. Í júlí og ágúst voru einnig gefnar út viðvaranir vegna hugsanlegrar PSP og ASP eitrunar í Hvalfirði.

Í Eyjafirði var fylgst með bæði eiturþörungum í sjó og þörungaeitri í skelfiski og komu eiturþörungur upp í firðinum í byrjun júní. Þann 8 júní var Alexandrium þörungur sem orsakar PSP eitur komin yfir viðmiðunarmörk og á sama tíma mælist PSP mælist eitur í skel rétt undir viðmiðunarmörkum og var svæðinu því lokað til uppskeru. PSP eitur reyndist vera viðvarandi í skelfiski fram í ágústlok. Í júlí og ágúst reyndist einnig vera hætta á bæði DSP og ASP eitrun í firðinum.

Mynd VI.10.1: Magn Alexandrium eiturbörunga og PSP þörungaeitur í Eyjafirði sumarið 2009



Viðmiðunarmörk PSP eru 800 mg/kg og 500 á Alexandrium þörungum. PSP þörungaeitur virðist koma mjög hratt inn og mynda mjög háan styrk við fremur lítið magn af þörungum, að hausti er eiturstyrk viðhaldið af mjög fáum þörungum (<100) í sjó.

Í Breiðafirði fundust eiturbörunga allt sumarið og var staðan þar að því leyti ekki ósvipuð og á öðrum svæðum sem fylgst var með, en viðvaranir voru gefnar út vegna hættu á PSP frá miðjum júní fram í ágúst. Þetta er mikil breyting frá fyrri árum í Breiðafirði, en frá 2005 hefur hann verið nánast laus við eiturbörunga. Sama má segja um bæði Hvalfjörð og Eyjafjörð en þetta sumarið var Alexandrium þörungur með PSP eituymyndun ríkjandi, en frá 2005 hefur þessi þörungur verið lítið áberandi í svifinu.

Rannsóknir þessar hafa leitt í ljós að um 10 tegundir eiturbörunga er finna við Íslandsstrendur. Salmonella fannst ekki í skelfiskafurðum þetta árið. *E. coli* mengun skelfisksvæða við Íslandsstrendur er lítil og öll þau svæði sem hafa verið flokkuð standast kröfur sem A.svæði.

10.3 Rannsóknir

Matvælastofnun hefur í samvinnu við Matis og Hafrannsóknastofnun unnið að grunnrannsóknunum (heilnæmiskannair) á ræktunarsvæðum kræklinga á 7 svæðum við strendur landsins og þar af var lokið við að rannsaka 3 svæði á vesturlandi og vestfjörðum á árinu. Í heilnæmiskönnunum eru fyrirhuguð ræktunarsvæði rannsökuð m.t.t. örverumengunar, þungmálma og þrávirkra lífrænna mengunarefna. Þessar rannsóknir standa að jafnaði yfir í 12 mánuði.

10.4 Fundir og fræðsla

Fræðslufundur um þörungaeitur í kræklingi var haldinn í lok september sem liður í fræðslufundaröð stofnunarinnar. Á sama tíma var gefinn út bæklingur í samstarfi við Hafrannsóknarstofnunina um markaðsetningu á skelfiski, skelfiskeitranir og eftirlit á skelfisksvæðum. Bæklingurinn var einkum ætlaður þeim sem selja og matreiða skelfisk.

11. Svín

Svín voru haldin hér á landi frá landnámstíð og fram til um 1600 að því er talið er. Nú á ræktun alisvína sér meira en 80 ára samfellda sögu. Til að byrja með var fagbækkning lítil í greininni. Stofninn var einhæfur, erfðaframar litlar og ýmsar pestir ollu vanhöldum og búsifjum. Sú reynsla kenndi, að smitsjúkdómavarnir og réttur aðbúnaður eru svínaræktinni afar mikilvægar.

Tafla VI.11.1. Svínabú og fjöldi gyltna árið 2009*

Nafn	Gyltur
Stjörnugrís hf	1420
Svínabúið Brautarholti ehf	630
Grísagarður ehf	520
Síld og Fiskur ehf	510
Hlíð ehf	315
Ormsstaðir ehf	200
Pálmholt ehf	182
Búvangur ehf	110
Einangrunarstöð SFÍ	25
Háfur sf	25
Sævar Kristinn Jónsson	10
Andrés Geir Magnússon	5
Snorri Snorrason	1
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	1

*Heimild: Bændasamtök Ísland

Fjöldi gyltna í svínarækt undanfarinn áratug hefur verið svipaður. Frá árinu 1998 til 2009 fækkaði svínafurðum úr 58 í 17. Þróunin í svínaræktinni hefur því verið sú, að svínabúum fækkar en um leið stækka. Meðalafurðir grís/gyltu var árið 1997 18 grísir/gyltu en var komið upp í 22 grísi/gyltu árið 2009. Um leið og greinin hefur hagrætt verulega, þá hafa afurðir eftir hverja gyltu aukist. Árið 2000 var skilaverð til bænda 206 krónur en var komið upp í 282 krónur árið 2009. Verð til svínabænda og verð á frosnu og nýju svínakjöti fylgir ekki vísitölu neysluverðs síðustu ár samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Svínakjöt er um 26% af kjötmarkaðinum í heild og u.þ.b. 20% af svínakjöti er selt unnið. Af kjötvísitölunum fylgir vísitalan fyrir unnið kjöt, reykt eða saltað einna mest vísitölu neysluverðs. Það er því greinilegt að virðisaukinn liggur hjá kjötvinnslunum og smásölunum.

11.1 Sjúkdómar

Á árinu 2009 bar mest á tveimur sjúkdómum í íslenskum svínunum, salmonellu og svínainflúensu, H1N1 2009. Svínainflúensa hafði aldrei greinst áður á Íslandi.

11.1.1 Svínainflúensa H1N1

Þótt svínahirðar hafi verið í sk. forgangshópi hvað bólusetningu varðar, þá báru starfsmenn á 2 svínabúum smit inn á búin. Veikin gekk frekar vægt yfir og fjaraði út á u.þ.b. 3 mánuðum. Sýkingunni valda inflúensuveirur af stofni A í svínunum. Nokkrar sermisgerðir af svína-inflúensuveirum A (SIAV) er að finna í svínunum. Algengustu gerðirnar nú um stundir eru H1N1, H1N2 og H3N2. Aðrar gerðir hafa einstöku sinnum fundist s.s. H3N1 sem nýlega greindist í Bandaríkjunum (BNA) og Kóreu og einnig ræktaðist H2N3 nýlega úr svínunum í BNA.

H1N1 2009 getur smitast frá mönnum yfir í svín, milli svína og milli svínabúa við snertingu. Vírusinn getur borist stuttar vegalendir í lofti, en getur ekki borist í svín með fóðri. Hann berst ekki í fólk með kjötafurðum, þannig að fólk sýkist ekki af kjöti af svínunum sem hafa fengið H1N1 2009 sýkingu. Hægt er að greina vírusinn 2 klst. eftir smit og nær fjölgun hans hámarki eftir u.þ.b. 24 klst. Eftir 72 klst. fer að draga úr fjölgun og magni hans í svíninu. Bati getur byrjað að gera vart við sig á 4. degi veikindanna. Breytinga verður vart í lungnavef, en komi ekki til bakteríusýkingar eftir, nær lungnavefurinn og þ.m. lungað allt, að ná sér að fullu.

Frá því að svín smitast líða 1-3 dagar þar til sjúkdómseinkenna verður vart. Svínið fær hita (yfir 39°C), hættir að éta, hósti, nef- augnrennsli og hærri öndunartíðnar verður vart. Saur verður linur. Þessi einkenni vara í allt að 3 daga þegar bati fer að sjást. Svínið getur verið búið að ná sér að fullu eftir 10-14 daga. Sýkingartíðni er allt að 100% en dauðsföll 1-4%. Nýgotnar gyltur eiga á hættu að missa mjólkina, fósturlát og smærri got eru algengir fylgifyrjar. Þó svínin geti náð sér að fullu eftir veikindin, eru mörg þeirra slöpp lengi á eftir. Þau hafa minni mótstöðu gegn öðrum sjúkdómum s.s. Pasteurella multocida, EP (Enzootic pneumomonia) og APP (Actinobacillus-Pleuropneumonia). Þótt góðar líkur séu á, að svínin lifi af, er batinn oft lélegur og afurðir verða minni en ella. Mótefnamyndun hefst á sjöunda degi eftir smit. Grísir fá vörn frá móður í gegnum móðurmjólkina fyrstu 35 dagana.

11.1.2 Salmonella

Á árinu 2009 varð vart við aukna tíðni salmonellutilfella í sláturgrísunum. (sjá kafla IV.2). Þrátt fyrir virkt eftirlit í sláturhúsum



fannst salmonella í svínakjöti frá einni kjötvinnslu við reglulegt eftirlit Heilbrigðiseftirlitsins. Ástæðu fyrir þessari auknu tíðni salmonellutilfella má hugsanlega rekja til salmonellusmitaðs fódurs (sjá kafla IV.2). Til þess að stemma við þessari þróun var reglugerð um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum (reglugerð nr. 219/1991) hert með setningu reglugerðar nr. 577/2009 og reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 219/1991 um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum. Sett voru inn ákvæði um innra eftirlit á svínabúum og reglur um að sýrumeðhöndlun á svínafóðri.

11.1.3 Greining sjúkdóma


Greining sjúkdóma fór fram á hefðbundinn hátt. Sjálfstætt starfandi dýralæknar og héraðs- eða eftirlitsdýralæknar senda inn grísi eða líffæri úr svínunum frá sláturhúsum til rannsókna hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum. Þegar svínainflúensan kom upp, voru tekin nasastroksýni úr sýktum hjörðum og þau rannsökuð á Keldum. Vilhjálmur Svansson, dýralæknir og veirufræðingur, sá um þá greiningu.

11.2. Eftirlit og dýravernd

Héraðs- og eftirlitsdýralæknar fara með eftirlit á svínabúum landsins. Svínabúin eru heimsótt a.m.k. einu sinni á ári. Auk þess fara sömu eftirlitsaðilar með kjötskoðun í svínasláturhúsum landsins, taka sýni fyrir kjötsafapróf, stroksýni til mótefnaeininga og síðast en ekki síst, saursýni á svínabúunum.

11.3. Fundir og fræðsla

Dýralæknir svínasjúkdóma sat í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar, *Use and Misuse of Drugs in the Athletic Horse* sem haldin var í Uppsölum í Svíþjóð 1.-2. október 2009.



Nefnd var skipuð af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í október og var dýralæknir svínasjúkdóma fulltrúi MAST. Nefndin hafði það að verkefni að kanna og leggja fram tillögur um hvernig efla megi svínarækt á Íslandi með sérstöku tilliti til íslenskra aðstæðna hvað varðar fæðuöryggi, fóðuröflun og umhverfissjónarmið.


12. Innflutningur

Meðal hlutverka Inn- og útflutningsskrifstofu Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, afurða þeirra sem ætlaðar eru til manneldis og dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Þá er henni ætlað að hafa eftirlit með innflutningi á notuðum tækjum sem hafa verið notuð í eða við landbúnað.

12.1 Hundar og kettir

Árið 2006 voru fluttir inn fleiri hundar en áður hefur þekkt. Gríðarleg fækkun varð 2009 (sjá Töflu 1). Á árinu 2009 voru fluttir inn álíka margir hundar eins og var fyrir fjölgun einangrunarstöðva. Fjöldi innfluttra katta hefur verið nokkuð stöðugur á árunum 2003-2009.

Mynd VI.12.1: Innflutningur hunda og katta 2003 - 2009



Tafla VI.12.3: Innfluttar hunda-/kattategundir Tafla VI.12.2: Upprunaland innfl. katta

Hundategund	Fjöldi	Kattategund	Fjöldi	Upprunaland	Fjöldi
Labrador	9	Húsköttur	5	Bandaríkin	9
Am. Cocker Spaniel	8	Siams	4	Svíþjóð	7
Blendingur	7	Maine Coon	3	Noregur	4
Beagle	5	Ragdóll	3	Bretland	2
Siberian Husky	5	Burmese	1	Þýskaland	1
Rottweiler	3	Persi	1	Spánn	1
Golden Retriever	1	Skógarköttur	1	Belgía	1
Dobermann	1	European Shorthair	1	Kanada	1

Á árinu 2009 voru fluttir inn 124 hundar og 26 kettir. Fluttar voru inn 49 hundategundir frá 25 löndum og 13 kattategundir frá 8 löndum.

Í byrjun árs 2008 hóf Einangrunarstöðin í Hrísey aftur starfsemi eftir nokkra ára hlé. Eins og stendur eru tvær einkareknar einangrunarstöðvar starfandi, Einangrunarstöðin í Hrísey og Einangrunarstöð Reykjanesbæjar í Höfnunum.

12.3 Búfjárafurðir

Samkvæmt lögum númer 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sem og reglugerð nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins, fer Matvælastofnun með eftirlit með innflutningi dýraafurða.

12.4 Notaðar landbúnaðarvélar

Verulega dró úr innflutningi á notuðum landbúnaðartækjum á árinu 2009. Innflutningur slíkra tækja er bannaður skv. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og 3. gr. reglugerðar nr. 509/2004 j. liðar, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins. Innflytjendur geta þó sótt um undanþágu frá banni þessu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 509/2004. Ráðuneytið aflar umsagnar Matvælastofnunar hverju sinni. Skilyrði sem sett eru fyrir innflutningnum geta verið mismunandi eftir því um hvers konar tæki er að ræða, hvaðan það er að koma o.s.frv.

Tafla VI.12.1:

Upprunaland innfluttra hunda

Upprunaland	Fjöldi
Svíþjóð	29
Bandaríkin	24
Danmörk	22
Bretland	9
Þýskaland	8
Noregur	7
Spánn	4
Kanada	3
Pólland	2
Ítalía	2
Finnland	1
Frakkland	1
Írland	1
Ungverjaland	1
Tyrkland	1
Færeyjar	1
Rússland	1
Kúba	1
Mosambik	1
Luxemburg	1
Skotland	1
Portúgal	1
Ástralía	1
Sviss	1
Argentína	1


13. Útflutningur

Meðal hlutverka Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð með dýrum og dýraafurðum sem flutt eru út frá Íslandi. Yfirlýsingar í heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands.


13.1 Hross

Árið 2009 voru flutt út 1589 hross. Hrossaútflutningur dróst saman árin 1996-2006. Síðan hefur orðið lítilháttar aukning (heimild: www.worldfengur.com). Þróunina má sjá á myndinni hér fyrir neðan.

Mynd VI.13.1: Hrossaútflutningur 1995-2009 (samtals 27886 hross)




Mynd VI.13.2: Kynjaskipting útfluttra hrossa 1995-2009



13.2 Búfjárafurðir

Útflutningur á búfjárafurðum jókst um 68 % á árinu 2009 miðað við árið á undan. Mest varð aukningin í útflutningi á heyi, húðum, kindakjöti og ull og gærum.

Mynd VI.13.3: Útflutningur á búfjárafurðum 2009



Tafla VI.13.1: Dreifing hrossaútflutnings 2009

Land	Fjöldi
Svíþjóð	7090
Þýskaland	6828
Danmörk	4468
Noregur	2354
USA	1791
Sviss	1422
Finnland	1341
Austurríki	735
Holland	576
Canada	523
Bretland	249
Færeyjar	177
Ítalía	85
Belgía	61
Frakkland	55
Grænland	43
Slóvenía	29
Luxembourg	16
Ungverjaland	11
Nýja-Sjáland	10
Mexikó	7
Írland	5
Rúmenía	4
Pólland	3
Rússland	2
Ástralía	1
Samtals	27886

14. Nefndarstörf

14.1 Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir

Þessi nefnd starfar samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 með síðari breytingum og hlutverk hennar er einkum að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eitrefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna. Nefndin heldur fundi að minnsta kosti ársfjórðungslega en auk þess eru haldnir fundir þegar þörf er talin á.

Í nefndinni situr af hálfu Dýraheilbrigðisviðs Halldór Runólfsson og Auður Lilja Arnþórsdóttir sem varafulltrúi.

14.2 Lyfjanefnd

Lyfjanefnd starfar samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994 og er ráðgjafarnefnd Lyfjastofnunarinnar um lyfjamál. Nefndin er skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði og þegar fjallað er um dýralyf taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Halldór Runólfsson er aðalfulltrúi og Björn Steinbjörnsson er varafulltrúi.

14.3 Nefnd um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi

Þessi nefnd starfar samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 með síðari breytingum og hlutverk hennar er einkum að vakta ónæmi fyrir sýklalyfjum meðal sýkla í mönnum, dýrum og umhverfi. Jafnframt skal nefndin fylgjast með notkun sýklalyfja og vera yfirvöldum og öðrum er málið varðar til ráðgjafar um aðgerðir til að sporna við ofnotkun sýklalyfja og öðru sem að gagni má koma til að hindra myndun ónæmis. Halldór Runólfsson situr í nefndinni.

14.4 Tilraunadýranefnd

Þessi nefnd starfar samkvæmt lögum nr. 15/1994 um dýravernd og helsta hlutverk hennar er að veita leyfi til þeirra dýratilrauna sem uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 279/2002 um dýratilraunir. Halldór Runólfsson er formaður nefndarinnar og auk þess situr Sigríður Björnsdóttir dýralæknir og Jón Kalmannsson siðfræðingur í nefndinni og Anna Ólög Haraldsdóttir er ritari nefndarinnar.

14.5 Fisksjúkdómanefnd

Þessi nefnd starfar samkvæmt lögum nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum. Helsta hlutverk nefndarinnar er að vera Matvælastofnun til ráðgjafar við framkvæmd laganna, en þar er tekið fram að stofnunin skuli hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómarannsóknir og geri tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar útbreiðslu fisksjúkdóma. Halldór Runólfsson er formaður nefndarinnar og varamaður hans og ritari nefndarinnar er Gísli Jónsson.

14.6 Stjórn Tilraunastöðvarinnar á Keldum

Stjórnin starfar samkvæmt lögum nr. 67/1990 um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Hlutverk stjórnar stofnunarinnar er m.a. að marka stofnuninni stefnu í samráði við forstöðumann og sérfræðinga stofnunarinnar. Að samþykka starfs- og fjárhagsáætlanir Tilraunastöðvarinnar og bera ábyrgð á reikningum hennar og fjalla um árlega skýrslu forstöðumanns. Halldór Runólfsson er skipaður af Háskólaráði samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra.

14.7 Samráðshópur um kræklingarækt.

Nefndin var sett á laggirnar af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra árið 2008 til að ræða um stöðu og möguleika kræklingaræktar á Íslandi. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar Matvælastofnunar, Matís, Hafrannsóknastofnunar og Skelræktar – samtaka skelræktenda. Formaður er fulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þór Gunnarsson er fulltrúi Matvælastofnunar í nefndinni.

14.8 Alþjóða dýraheilbrigðismálastofnunin - OIE

Stofnunin hefur starfað síðan 1924 með aðsetur í París. Ísland hefur verið aðili að stofnuninni í u.þ.b. 30 ár og alls eru um 170 lönd aðilar. Helsta hlutverk OIE er að safna upplýsingum um stöðu dýrasjúkdóma í öllum löndum heims og koma þeim jafnóðum til aðildarlandanna, en þetta eru mikilvægar upplýsingar t.d. vegna alþjóða verslunar með dýr og dýraafurðir. Stofnunin gefur m.a. út skilgreiningar á dýrasjúkdómum og hvernig skal greina þá. Yfirdýralæknir er fulltrúi Íslands hjá stofnuninni en Auður Lilja Arnþórsdóttir hefur séð um tilkynningar til OIE.

14.9 Alþjóða viðskiptastofnunin - WTO

Stofnunin tók til starfa 1995 á grundvelli eldri stofnunar sem var kölluð GATT og hafa Íslendingar verið aðilar að báðum stofnunum. Yfirdýralæknir hefur verið fulltrúi Íslands í einni af nefndum stofnunarinnar sem kölluð er SPS - eða Sanitary and Phytosanitary nefndin, sem fjallar um málefni sem tengjast alþjóðaverslun með dýraafurðir og hvernig beita má sértækum aðgerðum við innfluting þegar sýnt hefur verið fram á að löndin hafi sérstaka þörf á að vernda heilsu manna, dýra og plantna. Vegna sparnaðaraðgerða voru engir fundir sóttir árið 2009.

14.10 Norrænt samstarf á vegum norrænu ráðherranefndarinnar - NMR

Starfsmenn á sviði heilbrigðis og velferðar dýra hafa tekið þátt í ýmsum nefndum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) þar sem fjallað hefur verið um dýrasjúkdóma og velferð dýra. Má þar nefna nefnd um viðbraðgsáætlanir vegna dýrasjúkdóma sem Auður Lilja Arnþórsdóttir hefur tekið þátt og nefnd um aflifun dýra sem Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir hefur setið í.

14.11 Samstarfsnefnd EFTA - EES ríkjanna um dýra- og dýraafurða mál

Hér er um að ræða fastanefnd sem tekur eftir þörfum upp sameiginleg mál með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem varða framkvæmd EES samningsins á sviði dýra og dýraafurða. Yfirdýralæknir hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni, en engir fundir voru haldnir árið 2009, vegna tafa á innleiðingu matvælaöggjafarinnar hér á landi. Frá og með byrjun árs 2010 er yfirdýralæknir formaður nefndarinnar.

14.12 Samstarf norrænna yfirdýralækna

Norrænir yfirdýralæknar hafa í yfir 40 ár fundað árlega til að fara yfir þau mál sem eru efst á baugi varðandi dýraheilbrigði og dýravelferð á Norðurlöndunum. Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Noregi og verður haldinn á Íslandi árið 2010.

1. Starfsmannalisti *

Jón Gíslason, forstjóri

1.1 Dýraheilbrigðisvið

Halldór Runólfsson, forstöðumaður
 Auður Lilja Arnþórsdóttir, sérgreinadýralæknir
 Björn Steinbjörnsson, sérgreinadýralæknir
 Brigitte Brugger, sérgreinadýralæknir
 Gísli Jónsson, sérgreinadýralæknir
 Sigríður Björnsdóttir, sérgreinadýralæknir
 Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir
 Þór Gunnarsson, fagsviðsstjóri

1.2 Matvælaöryggis- og neytendamálasvið

Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður
 Ásgeir Ragnarsson, sérfræðingur
 Dóra S. Gunnarsdóttir, fagsviðsstjóri
 Garðar Sverrisson, fagsviðsstjóri
 Guðjón Gunnarsson, fagsviðsstjóri
 Helga Margrét Pálsdóttir, sérfræðingur
 Ingibjörg Jónsdóttir, sérfræðingur
 Katrín Guðjónsdóttir (fæðingarorlof)
 Kjartan Hreinsson, sérgreinadýralæknir
 Jónína Stefánsdóttir, sérfræðingur
 Valgeir Bjarnason, sérfræðingur
 Rikard Thorstensen, sérfræðingur
 Rögnvaldur Ingólfsson (launalaust leyfi)
 Sesselja María Sveinsdóttir (fæðingarorlof)
 Sigurgeir Ólafsson, fagsviðsstjóri
 Stefán Vilhjálmsson, fagsviðsstjóri
 Zulema Clara Sullca Porta (fæðingarorlof)
 Þuríður Pétursdóttir, fagsviðsstjóri

1.3 Rekstrar- og mannauðssvið

Stefán Guðmundsson forstöðumaður
 Ásta Margrét Grétarsdóttir, bókarí
 Elín Eir Jóhannesdóttir (fæðingarorlof)
 Dagbjört Rúnarsdóttir, skrifstofumaður
 Dalla Rannveig Jónsdóttir, skrifstofumaður
 Hafsteinn Jóh. Hannesson, mannauðsstjóri
 Hjalti S. Andrason, fræðslustjóri
 Ingunn Ólafsdóttir, móttaka
 Una Árnadóttir, skjalastjórnun

1.4 Stjórnsýslusvið

Viktor S. Pálsson, forstöðumaður
 Ástfríður M. Sigurðardóttir, fagsviðsstjóri
 Brynja Hafsteinsdóttir, lögfræðingur
 Steinþór Arnarson, lögfræðingur
 Sverrir Þ. Sverrisson, sérfræðingur

1.5 Áhættumats- og gæðasvið

Sigurborg Daðadóttir, forstöðumaður
 Björg Jónsdóttir, sérfræðingur
 Ingibjörg Elín Árnadóttir, fagsviðsstjóri
 Konráð Konráðsson, sérgreinadýralæknir

1.6 Inn- og útflutningsskrifstofa

Þorvaldur H. Þórðarson, framkvæmdastjóri
 Axel S. Axelsson, sérfræðingur
 Gísli Sverrir Halldórsson, sérgreinadýralæknir

Herdís Guðjónsdóttir, sérfræðingur
 Jón Þórður Ólafsson, sérfræðingur
 Margrét Bragadóttir, fagsviðsstjóri
 Sigmar J. Halldórsson, sérfræðingur
 Valgerður H. Hauksdóttir, skrifstofumaður

1.7 Gullbringu- og Kjósarumdæmi

Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir
 Anna Ólöf Haraldsdóttir, eftirlitsdýralæknir
 Aðalsteinn Sveinsson, eftirlitsdýralæknir
 Hrund Lárusdóttir, eftirlitsdýral./sérgreinadýral.
 Ragnhildur Ásta Jónsdóttir, (fæðingarorlof)

1.8 Borgarfjarðarumdæmi

Gunnar Gauti Gunnarsson, héraðsdýralæknir

1.9 Snæfellsnesumdæmi

Rúnar Gíslason, héraðsdýralæknir

1.10 Dalaumdæmi

Flora-Josephine H. Liste, héraðsdýralæknir
 Hjalti Viðarsson, héraðsdýralæknir

1.11 Vestfjarðarumdæmi

Sigríður I. Sigurjónsdóttir, héraðsdýralæknir

1.12 Vestur Húnaþingsumdæmi

Ingunn Reynisdóttir, héraðsdýralæknir

1.13 Austur Húnaþingsumdæmi

Egill Þorri Steingrímsson, héraðsdýralæknir

1.14 Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi

Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir
 Ármann Gunnarsson, eftirlitsdýralæknir
 Bára Eyfjörð Heimisdóttir, eftirlitsdýralæknir
 Einar Otti Guðmundsson, eftirlitsdýralæknir

1.15 Þingeyjarumdæmi

Vignir Sigurólason, héraðsdýralæknir

1.16 Austurlandsumdæmi nyrðra

Freydís Dana Sigurðardóttir, héraðsdýralæknir
 Hjörtur Magnason, héraðsdýralæknir

1.17 Austurlandsumdæmi syðra

Hákon Ingi Hansson, héraðsdýralæknir

1.18 Austur Skaftafellsumdæmi

Janine Arens, héraðsdýralæknir

1.19 Vestur Skaftafellsumdæmi

Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir

1.20 Suðurlandsumdæmi

Katrín H. Andrésdóttir, héraðsdýralæknir
 Ni Nioman Wija Ariyani, eftirlitsdýralæknir

* Starfsmenn í lok árs 2009

2. Lagabreytingar

2.1 Stjórnsýslufyrirmæli vegna matvælaöryggis og neytendamála

2.1.1 Bragðefni og aukefni

Nr. 10/2009

Reglugerð um (7.) breytingu á reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum, með áorðnum breytingum.

Nr. 192/2009

Reglugerð um (8.) breytingu á reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum, með áorðnum breytingum (tilskipanir EB nr. 2006/128 og 2006/129).

2.1.2 Merkingar matvæla

Nr. 410/2009

Reglugerð um merkingu næringargildis matvæla.

Nr. 547/2009

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 410/2009 um merkingu næringargildis matvæla.

Nr. 681/2009

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla.

2.1.3 Innflutningur

Nr. 23/2009

Auglýsing um bann eða takmörkun á innflutningi og varúðarráðstafanir vegna matvæla og fódurs sem innihalda mjólk, mjólkurafurðir, soja eða sojaafurðir eða hjartarsalt og eru upprunnar í Kína eða eru fluttar frá Kína. Fellir úr gildi auglýsingu nr. 935/2008 (ákvarðanir EB nr. 2008/798 og 2008/921).

Nr. 906/2009

Auglýsing um takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Taílandi.

Nr. 1072/2009

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningu á sjávarafurðum, með síðari breytingum.

2.1.4 Sérþæði

Nr. 113/2009

Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 757/2002 um sérþæði, með áorðnum breytingum (reglugerð EB nr. 2007/26. Leiðrétt tilvísun í gerðina).

Nr. 519/2009

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 605/2000 um matvæli til nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi (tilskipun EB nr. 2006/141 (að hluta)).

Nr. 520/2009

Reglugerð um ungbarnablöndur og stoðblöndur (tilskipun EB nr. 2006/141).

Nr. 708/2009

Reglugerð um barnamat fyrir ungbörn og smábörn (reglugerð EB nr. 2006/125). Fellir úr gildi rg. nr. 140/2003.

Nr. 1042/2009

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 520/2009 um ungbarnablöndur og stoðblöndur (reglugerð EB nr. 1243/2008).

2.1.5 Umbúðir matvæla

Nr. 34/2009

Reglugerð um efni og hluti úr sellulósafilmu sem er ætlað að snerta matvæli. Fellir úr gildi reglugerð nr. 921/2004 (tilskipun EB nr. 2007/42).

Nr. 304/2009

Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 111/2003 um efni og hluti úr plasti sem er ætlað að snerta matvæli (tilskipanir EB nr. 2007/19 og 2008/39).

2.1.6 Eftirlit

Nr. 489/2009

Reglugerð um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum (fellir úr gildi rg. nr. 105/1949).

Nr. 528/2009

Gjaldskrá vegna vinnslu og heilbrigðiseftirlits með hvalaafurðum.

2.1.7 Lífræn ræktun

Nr. 9/2009

Reglugerð um (9.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar (reglugerðir EB nr. 780/2006, 807/2007 og 1319/2007)

Nr. 161/2009

Reglugerð um (10.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar (reglugerð EB nr. 1991/2006).

2.1.8 Fóður

Nr. 40/2009

Reglugerð um (38.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri (reglugerðir EB nr. 516/2007, 537/2007, 538/2007 og 634/2007).

Nr. 44/2009

Reglugerð um (39.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri (reglugerð EB nr. 1380/2007).

Nr. 259/2009

Reglugerð um (40.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri (reglugerð EB nr. 1139/2007, 1140/2007 og 1141/2007).

Nr. 265/2009

Reglugerð um (41.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri (reglugerð EB nr. 757/2007, 785/2007, 786/2007, 828/2007, 1137/2008, 1138/2007, 1142/2007 og 1143/2007).

Nr. 493/2009

Reglugerð um (42.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri (reglugerð EB nr. 1500/2007, 1501/2007, 1519/2007, 1520/2007, 1521/2007).

Nr. 575/2009

Reglugerð um (43.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri (reglugerð EB nr. 393/2008).

Nr. 576/2009

Reglugerð um (44.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri (reglugerð EB nr. 163/2008, 164/2008, 165/2008, 166/2008, 167/2008, 209/2008).

Nr. 673/2009

Reglugerð um (45.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri (reglugerð EB nr. 505/2008, 516/2008, 552/2008, 554/2008).

Nr. 895/2009

Reglugerð um (46.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um

2.2 Stjórnsýslufyrirmæli vegna heilbrigðis og velferðar dýra

2.2.1 Fiskeldi

Nr. 303/2009

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (tilskipun EB nr. 2008/53)

2.2.2 Dýralyfjaleifar

Nr. 35/2009

Reglugerð um (14.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk (reglugerðir EB nr. 287/2007 og 703/2007).

Nr. 329/2009

Reglugerð um (15.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk (reglugerðir EB nr. 1323/2007 og 1353/2007).

Nr. 381/2009

Reglugerð um (16.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk (reglugerðir EB nr. 1064/2007 og 61/2008).

Nr. 677/2009

Reglugerð um (17.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk (reglugerðir EB nr. 203/2008 og 542/2008).

2.2.3 Merkingar búfjár

Nr. 323/2009

Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 289/2005 um merkingar búfjár.

eftirlit með fódri (tilskipun EB nr. 2008/76).

Nr. 1004/2009

Reglugerð um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 um gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fódri og leyfi fyrir þeim (reglugerð EB nr. 429/2008).

Nr. 1020/2009

Reglugerð um (47.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri (reglugerðir EB nr. 721/2008, 775/2008 og 971/2008).

Nr. 1106/2009

Reglugerð um (48.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri (tilskipanir EB nr. 2008/38 og 2008/82).

2.1.9 Sáðvara

Nr. 366/2009

Reglugerð um (17.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru (reglugerð EB nr. 920/2007).

Nr. 416/2009

Reglugerð um (18.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru (tilskipanir EB nr. 2007/72 og 2008/83).

Nr. 324/2009

Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.

Nr. 941/2009

Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 289/2005 um merkingar búfjár.

2.2.4 Annað

Nr. 114/2009

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 787/2003 um búfjársæðingar og flutning fósturvísa.

Nr. 577/2009

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 219/1991 um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum.

Nr. 717/2009

Auglýsing um varnarlinur vegna sauðfjársjúkdóma.

Nr. 752/2009

Auglýsing um brottfall auglýsingar um skilgreiningu línubrótafjár í Árnessýslu nr. 725/2004.

Nr. 764/2009

Auglýsing um (1.) breytingu á auglýsingu nr. 620/2008 um takmarkanir við flutningi sláturfjár innan og milli sauðfjárveikisvæða.

Nr. 793/2009

Auglýsing um varnarlinur vegna sauðfjársjúkdóma.

3. Niðurstöður kjötmats

Yfirlit yfir yfirkjötmats 2009 er að finna í kafla VII.7.2.1. Hér að neðan eru birtar niðurstöður yfirkjötmats 2009.

Mynd VII.3.1: Flokkun dilka 2009 (Alls innvegið 8.029.308 kg, meðalvigt 15,85 kg)

Fjöldi	1	2	3	3+	4	5	Samtals
E	6	1.102	4.793	2.842	596	48	9.387
	0,00%	0,22%	0,95%	0,56%	0,12%	0,01%	1,85%
U	98	25.617	64.471	25.732	4.278	214	120.410
	0,02%	5,06%	12,73%	5,08%	0,84%	0,04%	23,78%
R	3.752	152.403	134.504	22.612	2.383	94	315.748
	0,74%	30,09%	26,56%	4,46%	0,47%	0,02%	62,35%
O	11.426	44.034	2.989	81	4	0	58.534
	2,26%	8,69%	0,59%	0,02%	0,00%	0,00%	11,56%
P	2.125	247	0	0	0	0	2.372
	0,42%	0,05%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,47%
Samtals	17.407	223.403	206.757	51.267	7.261	356	506.451
	3,44%	44,11%	40,82%	10,12%	1,43%	0,07%	100%

Mynd VII.3.2: Flokkun ungneytakjöts 2009

Flokkur	Fjöldi	Vigt (kg)	% af fjölda	Meðalvigt
UN ÚRV. M	39	10.626	0,41	272,5
UN ÚRV. A	819	230.947	8,63	282,0
UN ÚRV. B	42	10.785	0,44	256,8
UN ÚRV. C	9	2.543	0,09	282,6
UN I M	120	21.731	1,26	181,1
UN I M+	943	199.733	9,93	211,8
UN I A	6577	1.542.149	69,27	234,5
UN I B	378	84.108	3,98	222,5
UN I C	156	36.981	1,64	237,1
UN II M	111	15.307	1,17	137,9
UN II M+	23	4.087	0,24	177,7
UN II A	275	41.775	2,90	151,9
UN II B	1	175	0,01	175,0
UN II C	2	412	0,02	206,0
Samtals	9495	2.201.359	100,00	231,8

Mynd VII.3.3: Flokkun kýrkjöts 2009

Flokkur	Fjöldi	Vigt (kg)	% af fjölda	Meðalvigt
K I U A	922	175.792	12,65	190,7
K I U B	404	87.984	5,54	217,8
K I U C	129	32.155	1,77	249,3
K I A	3058	608.175	41,97	198,9
K I B	1347	302.694	18,49	224,7
K I C	554	140.721	7,60	254,0
K II	745	121.996	10,23	163,8
K III	127	18.323	1,74	144,3
Samtals	7286	1.487.840	100,00	204,2

Mynd VII.3.4: Flokkun grísakjöts 2009

Flokkur	Fjöldi	% af fjölda	Vigt (kg)	% af þunga	Meðalvigt
GRÍS ÚRVAL	3.359	4,11	284.634	4,69	84,74
GRÍS IA (m. X & XX)	76.605	93,78	5.690.606	93,78	74,29
GRÍS IB	686	0,84	63.455	1,05	92,50
GRÍS IC	121	0,15	10890	0,18	90,00
GRÍS II	6	0,01	280	0,00	46,67
GRÍS IV	44	0,05	3199	0,05	72,70
UNGGRÍS	725	0,89	15077	0,25	20,80
ÚRKAST GRÍS	140	0,17	0	0,00	
Alls grísum slátrað	81.686	100,00	6.068.141	100,00	74,29
Innlagðir grísir	81.546				

Mynd VII.3.5: Fjöldi skrokka hrossakjöts 2009 (Alls 8140 stk. 1.018.124 kg)

	Folöld	Tryppi	Eldri hross
UFO I	0	TR I A	169
FO I A	4283	TR I B	1
FO I B	45	TR II	1
FO II	31		UH I
Alls stk.	4359	Alls stk.	171
Innvegið kg	340.872	Innvegið kg	22.314
Meðalvigt	78,2	Meðalvigt	130,5
		Alls stk.	3610
		Innvegið kg	654.938
		Meðalvigt	181,4

Allir flokkar skráðir án hupps og síðu (pístóluskorið)